FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
58. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 9. MARS 2017

# Airbnb stór þáttur í hærra íbúðaverði

**Fjöldi gistirýma á Airbnb tvöfaldaðist á einu ári. Tekjurnar fóru úr 2,51 milljarði króna í 6,76 milljarða. Airbnb á stóran þátt í hækkandi íbúðaverði. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Íslandsbanka.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fjölgun íbúða í heilsársútleigu á Airbnb hefur verið talsvert umfram fjölgun nýrra íbúða í Reykjavík á tímabilinu 2015 til 2016.

Hefur þessi fjölgun íbúða í heilsársútleigu átt stóran þátt í því að íbúðaverð hefur hækkað. Að meðaltali voru um 300 íbúðir í útleigu öllum stundum á Airbnb árið 2015 en rúmlega 800 í fyrra.

Til samanburðar voru byggðar 399 íbúðir í Reykjavík árið 2016. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Íslandsbanka um ferðaþjónustuna.

Í skýrslunni segir að þess megi geta að í ágúst á árinu 2016 hafi fjöldi íbúða á Airbnb náð 1.225. Það sé 131 prósents fjölgun frá því í ágúst 2015 þegar fjöldinn var 531.

Heildartekjur vegna Airbnb-gistirýma í Reykjavík árið 2016 voru einnig talsvert meiri en árinu áður. Í fyrra námu heildartekjur um 6,76 milljörðum króna samanborið við 2,51 milljarð árið 2015. Það má meðal annars rekja til fjölgunar gistirýma til leigu, þau hafi verið leigð út oftar og í lengri tíma í senn. Þá hafi komið til nokkur verðhækkun.

Ingólfur Bender, ábyrgðarmaður skýrslunnar og einn höfunda hennar, segir Airbnb hafa skapað þörf fyrir íbúðir, sérstaklega á þeim svæðum sem ferðamenn vilja helst gista. „Að okkar mati skapaði Airbnb eitt og sér um þriðjung af þörf fyrir nýjar íbúðir á síðasta ári,“ segir Ingólfur.

Þá hafi verið skortur á íbúðum síðustu ár. Eftirspurnin hafi verið meiri en framboð og það ýti verði upp.

„Þetta eru beinustu áhrifin af þessu. Önnur áhrif eru þau að þetta er til þess fallið að auka tekjur almennings,“ segir Ingólfur og bætir því við að það auki kaupmátt og lyfti þannig undir eftirspurnina í hagkerfinu.

Hann segir íbúðaverð líklegt til að hækka áfram. Ný hótelrými sem verði byggð á þessu ári mæti aðeins um þriðjungi af þörf.

„Stór hluti af gistináttaþörf þeirrar fjölgunar sem við sjáum fyrir okkur af ferðamönnum þarf að mæta með annars konar gistingu.“ Þar liggi beinast við að deilihagkerfið og Airbnb verði stærst. **– þea**

**Meðalfjöldi gistirýma á Airbnb í Reykjavík**




**Tekjur af Airbnb-útleigu í milljörðum króna**






Bjarni Benediktsson forsætisráðherra og Anne Hathaway leikkona hittust á fundi UN Women í New York sem haldinn var í tilefni af alþjóðlegum degi kvenna í gær. Í bakgrunni sést Þóra Baldvinsdóttir, eiginkona Bjarna. Hathaway þakkaði í ræðu sinni konum fortíðarinnar fyrir baráttu sína. Í pallborðsumræðum ræddi Bjarni stöðu jafnréttismála og benti á að jafnréttismálin hefðu verið fest í stefnu ríkisstjórnar sinnar. MYND/AÐSEND

## Kísilver vill sex mánaða frest

**STÓRIÐJA** Stjórnendur United Silicon hafa óskað eftir sex mánaða fresti til úrbóta í mengunarmálum. Í bréfi til Umhverfisstofnunar harma þeir að lyktarmengun hafi valdið íbúum Reykjanesbæjar óþægindum og kynna úrbætur. **– hg /** **sjá síðu 18**

## Tvær milljónir fyrir autt hús

**STJÓRNSÝSLA** Kostnaður Fiskistofu vegna uppsagna sem tengdust flutningi stofnunarinnar til Akureyrar nemur tugum milljóna. Stofnunin greiðir tvær milljónir á mánuði fyrir húsnæði í Hafnarfirði sem stendur autt. Ríkisendurskoðun biður með að fjalla um flutninginn. **– jhh /** **sjá síðu 6**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um Alþingi, traust og virðingu. 21

**SPORT** Tillögur um breytingar á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ voru kynntar í gær. Kallað er eftir meiri fagmennsku hjá sérsamböndum ÍSÍ. 32

**MENNING** Sigtryggur Berg Sigmarsson myndlistarmaður sýnir teikningar frá Gent og Reykjavík. 44



**LÍFIÐ** Ný heiðursverðlaun Reykjavík Fashion Festival eru nefnd eftir Dorrit Moussaieff. 56

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

AFSLÁTTARDAGAR
-20%
SÖFNUNAR - STELL
HNÍFAPÖR
GLÖS
FIM/FÖS/LAU OG MÁNUDAG
iittala -10%
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 – sími 568 9955



## Veður




Norðan strekkingur með snjókomu norðan til í dag, en hægari og víða bjart veður syðra. Hiti 0 til 5 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 40



**Börn eiga að vera spennt í aftursætinu þegar keyrt er á milli staða.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Ekki æskilegt að börn standi á milli sæta

**SAMFÉLAG** Slysavarnadeildin Hringur í Mývatnssveit birti í gær áskorun til íbúa í fréttablaði sveitarinnar, Mýflugunni. Þar minnir deildin íbúa sveitarinnar á að börn eigi að nota öryggisbelti og eigi ekki að standa á milli sætanna í bílum, hvað þá í fangi foreldra eða forráðamanna í framsætum.

„Vegna fjölda ábendinga viljum við minna fólk á öryggi barna og annarra í umferðinni. Nokkuð hefur borið á því að börn séu ekki í öryggisbeltum og standi jafnvel á milli sætanna í bílum og í fangi foreldra/forráðamanna í framsætum. Einnig viljum við minna á öryggi í öðrum ökutækjum. Nauðsynlegt er að hafa viðeigandi öryggisbúnað eins og hjálma. Vakin skal athygli á að aldrei skal hafa farþega fyrir framan ökumann,“ segir í tilkynningunni. Þá er minnt á að nota endurskinsmerki. – bb

**» Nokkuð hefur borið á því að börn séu ekki í öryggisbeltum og standi jafnvel á milli sætanna í bílum og í fangi foreldra/forráðamanna í framsætum.**

## Hið árlega Fiðluball MR



**Nemendur Menntaskólans í Reykjavík klæddu sig í betri fötin í gær þegar hið árlega Fiðluball 6. bekkinga fór fram í Iðnó. Herrarnir voru klæddir kjólfötum og dömurnar síðkjólum og dansspor voru stigin undir stjórn Jóhannesar Agnars Kristinssonar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þurfa að greiða þrotabúi fimm milljarða króna

**DÓMSMÁL** Guðmundur Ólason og Karl og Steingrímur Wernerssynir þurfa að greiða þrotabúi Milestone, sem var eignarhaldsfélag bræðranna, rúma fimm milljarða króna í skaðabætur. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í málinu í gær.

Ingunn Gyða Wernersdóttir var hins vegar sýknuð af kröfum stefnanda, þrotabús Milestone.

Milestone var eignarhaldsfélag Wernerssystkina og var Guðmundur forstjóri þess.

Bræðurnir létu félagið greiða fyrir hlutabréf Ingunnar þegar þeir keyptu hana út úr fyrirtækinu fyrir hrun.

„Samkvæmt framansögðu er það fallist að stefndu Karl, Steingrímur og Guðmundur, beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem Milestone ehf. varð fyrir,“ segir í dómnum. – þea




# Haninn Kristján hefur ekki galað sitt síðasta

**Nágrannar, bæjarfélagið og úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál vilja tvo hana brott af Syðri-Reykjum 3. Eigandi fuglanna telur að lögbýlaskrá hafi verið breytt til að losna við hanana. Nágrannar þreyttir á fimm ára hanagali.**

**DÝR** Kristjáni Inga Jónssyni ber að fjarlægja tvo hana af lóð sinni að Syðri-Reykjum 3. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál en með því staðfestir hún niðurstöðu heilbrigðisnefndar Mosfellsbæjar. Kristján ætlar ekki að una úrskurðinum.

Málið er nú orðið um fimm ára gamalt. Kristján heldur á lóð sinni flokk landnámshænsna en fremstir í flokki fara tveir hanar. „Ef hænurnar eru einar þá verða alls konar læti á milli þeirra. Með hönunum myndast goggunarröð og hænurnar komast ekki upp með neitt,“ segir Kristján

„Þetta byrjaði árið 2012,“ segir Vígmundur Pálmarsson, íbúi að Reykjarhvoli og nágranni Kristjáns. Vígmundur segir nágrannana flesta á einu máli. „Ef það er blindbylur heyrir maður lítið í fuglunum en þetta er afar hvimleitt yfir sumartímann.“

Í gegnum árin hefur verið deilt um hvort Syðri-Reykir 3 séu lögbýli eður ei þar sem samþykkt um hænsnahald í Mosfellsbæ gildir ekki um lögbýli. Hús Kristjáns er í deiliskipulagi auðkennt sem Syðri-Reykir 3 en í fasteignaskrá Þjóðskrár er það tilgreint sem Reykjahvoll 5. Árið 1991 voru lóðir skildar frá jörð Syðri-Reykja 2 og er hin umdeilda spilda ein þeirra. Var það niðurstaða Þjóðskrár og úrskurðarnefndarinnar að Syðri-Reykir 3 hefðu orðið að Reykjahvoli 5 og dottið út af lögbýlaskrá. Því væru hanarnir í órétti.

„Fyrir það fyrsta þá er Reykjahvoll sunnan við Varmá. Ég bý norðan við Varmá,“ segir Kristján. „Til að koma mér út af lögbýlaskrá hafa menn reynt að breyta heimilisfanginu, endurnefna lóðina og breyta lóðanúmerinu. En þegar þeir senda mér bréf þá eru þau stíluð á Syðri-Reyki 3.“



**„Hanarnir sjá um að koma hænunum inn og hafa röð og reglu á þeim,“ segir Kristján Ingi Jónsson sem hefur ekki gefist upp.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það er svolítið skondið því það er sami dýraeftirlitsmaður og hélt hlífiskildi yfir Brúneggjamönnum.**
>
> Kristján Ingi Jónsson, hænsnabóndi

Kristján segir fuglana hafa það mjög gott. Það sé rúmt um þá í kofanum sínum og þeir fái að fara út löngum stundum yfir sumartímann. Hins vegar sé búið að setja út á aðstöðu þeirra. „Það er svolítið skondið því það er sami dýraeftirlitsmaður og hélt hlífiskildi yfir Brúneggjamönnum,“ segir Kristján.

Hann stefnir á að kæra úrskurð nefndarinnar. Hann hafi alla pappíra sem sýni að niðurstaðan hvað varðar lögbýlaskráninguna sé röng.

„2017 er ár hanans, ég fæddist eldhani á ári hanans þannig að ég fer í hanaslaginn,“ segir Kristján.

johannoli@frettabladid.is

# Nýtt í frelsi hjá Nova

## Mánaðarleg áfylling

**TÖLUM SAMAN**
Ótakmarkaðar mín. og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi!
**1GB**
**1.490 kr.**

**TÖLUM SAMAN**
Ótakmarkaðar mín. og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi!
**5 GB**
**1.990 kr.**

**TÖLUM SAMAN**
Ótakmarkaðar mín. og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi!
**10 GB**
**2.990 kr.**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

# Húsnæðisvandi ýtir konum ekki heim til ofbeldismanna

**SAMFÉLAGSMÁL** Dæmi eru um að um og yfir þrjátíu einstaklingar séu í Kvennaathvarfinu á sama tíma vegna húsnæðisvanda í borginni. Dvalartími einstaklinga lengist ár frá ári. Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir það hins vegar ekki alslæmar fréttir.

„Við erum að sjá að dvalartími er að lengjast og fleiri einstaklingar sækja til okkar í þjónustu. Við vitum að húsnæðismarkaður á höfuðborgarsvæðinu er mjög erfiður og því sjáum við lengri dvalartíma hjá okkur,“ segir Sigþrúður.

„Það sem hins vegar skiptir miklu máli er að æ færri konur fara aftur heim til ofbeldismanns. Við töldum og óttuðumst kannski að konur myndu þá fara frekar heim til ofbeldismanns. Það sem er að raungerast núna er að konur eru þá að dvelja lengur hjá okkur í þeirri von

**Það sem hins vegar skiptir miklu máli er að æ færri konur fara aftur heim til ofbeldismanns.**

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins



að komast í nýtt húsnæði. Það er í sjálfu sér gleðiefni.“

Á árinu 2016 voru að meðaltali níu börn í athvarfinu á hverjum tíma og meðaldvalartími þeirra um 41 dagur.

Þorsteinn Víglundsson velferðarráðherra sagðist í viðtali við Fréttablaðið í lok janúar ætla að skoða mál skjólstæðinga Kvennaathvarfsins í samráði við athvarfið og Reykjavíkurborg. **– sa**



**Húsnæðismarkaðurinn reynist mörgum erfiður.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Konur leiða uppbyggingu Alvogen og Alvotech

**VIÐSKIPTI** Á árlegum kynningarfundi Alvogen og Alvotech í gær kom fram í ræðu Róberts Wessman, forstjóra Alvogen og stofnanda Alvotech, að um 90 prósent af hagnaði fyrirtækisins á síðasta ári hafi komið frá mörkuðum sem stýrt er af konum. „Vöxtur okkar hefur verið ævintýri líkastur og það er áhugaverð staðreynd að konur stýra okkar stærstu markaðssvæðum og þær hafa allar verið farsælar í sínu starfi,“ sagði Róbert meðal annars.

Á Íslandi starfa um 200 vísindamenn í Hátæknisetri systurfyrirtækjanna og þar af er um helmingur konur. „Við sjáum hlutdeild líftæknilyfja aukast á næstu árum og markmið okkar hjá Alvotech er að vera í fremstu röð. Vísindamenn og sérfræðingar á Íslandi koma frá 20 löndum og við erum ánægð með þá miklu fjölbreytni sem er innan fyrirtækisins,“ bætti Róbert við. **– bb**

## Aldrei fleiri bækur lesnar

**SAMFÉLAG** Yfir 63 þúsund bækur voru lesnar á tveimur mánuðum í þriðja lestrarátaki Ævars vísindamanns en alls hafa um 177 þúsund bækur verið lesnar í þessum átaksverkefnum. Krakkar um allt land tóku þátt, en einnig sendu íslenskir krakkar erlendis inn lestrarmiða; frá Bandaríkjunum, Englandi, öllum Norðurlöndunum, Lúxemborg, Þýskalandi, Belgíu og Perú.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, dró svo fimm nöfn úr lestrarátakspottinum en börnin verða gerð að persónum í nýrri bók eftir Ævar Þór, Gestir utan úr geimnum, sem kemur út með vorinu. Krakkarnir koma úr Fellaskóla, Giljaskóla, Lágafellsskóla, Hörðuvallaskóla og Seljaskóla. **– bb**

# Skertur opnunartími auki hættuna á fleiri sjálfsvígum

**Geðlæknir telur að skertur opnunartími bráðamóttöku geðsviðs auki sjálfsvígshættu. Bið á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi sé of löng. Segir þjónustu við geðsjúka hafa versnað frá því um aldamótin.**



**Bráðamóttaka geðsviðs LSH er ekki opin á kvöldin heldur er þjónustan veitt í Fossvogi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**HEILBRIGÐISMÁL** Geðlæknirinn Grétar Sigurbergsson segir það mjög annarlegt að bráðamóttakan á geðsviði Landspítala skuli ekki vera opin allan sólarhringinn.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á þriðjudaginn eru geðdeildirnar með opna bráðaþjónustu frá 12 til 19 á virkum dögum og 12 til 17 um helgar. „Þetta gerðum við eftir að við höfðum skoðað hvenær flestar komur eru og við sáum að 90-95 prósent af þunganum eru á þessum tíma,“ sagði María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs, í blaðinu. Utan þess opnunartíma geti fólk leitað á bráðamóttökuna í Fossvogi.

„Það er náttúrlega bara slysadeildin. Ég hef nú aldeilis reynslu af því. Þetta er fleiri klukkutíma bið á biðstofu,“ segir Grétar. Hann hefur áhyggjur af því að þessi skerti opnunartími verði til þess að fólk sé veikara þegar það kemur og sjálfsvígshætta aukist. „Þetta er nú eiginlega bara hálfglæpsamlegt gagnvart fólki,“ segir hann.

María bendir hins vegar á að vanur starfsmaður, sérfræðingur eða mjög reyndur hjúkrunarfræðingur, meti bráðleikann þegar sjúklingur kemur á bráðamóttökuna í Fossvogi. Ef viðkomandi segist vera í sjálfsvígshugleiðingum þá fái hann strax forgang. „En það er alveg rétt að biðin getur verið löng og best væri ef hún væri engin. Þar skiptir máli að við þurfum að vera duglegri við að leiðbeina fólki sem þarf aðstoð þannig að það leiti til bráðamóttökunnar þegar það á við og leiti til heilsugæslunnar eða annað þegar það á við,“ segir María. Þannig að það komi ekki upp sú staða að fólk sé að leita á bráðamóttökuna þegar það þarf að endurnýja lyfseðil eða annað, heldur leiti þá á heilsugæsluna.

Grétar segir að bráðaþjónusta allan sólarhringinn hafi hafist á geðdeild Borgarspítalans árið 1984 og þá hafi verið sérfræðingur í geðlækningum á vakt allan sólarhringinn á geðdeildinni. „Þetta gekk mjög vel

**Það er algjört virðingarleysi fyrir geðsjúkum. Þeir fá alltaf annars flokks þjónustu.**

Grétar Sigurbergsson, geðlæknir



og svo tók Landspítalinn þetta upp því að þeim fannst náttúrlega óhugsandi að vera að vísa sjúklingum til okkar. Þannig að þeir neyddust til að setja upp bráðaþjónustu og hún var ágæt hjá þeim. Þetta var mjög góður kafli í íslenskri geðlækningasögu, þegar þessi sjálfsagða þjónusta var á báðum stöðum,“ segir hann. Eftir að Landspítali á Hringbraut og Borgarspítalinn voru sameinaðir hafi farið að fjara undan, enda engin samkeppni verið.

Hann telur að þjónusta við geðsjúka hafi snarversnað eftir sameiningu spítalanna. „Mjög mikið, það bara gerðist strax. Það er algjört virðingarleysi fyrir geðsjúkum. Þeir fá alltaf annars flokks þjónustu. Og að bjóða upp á það að fólk í sjálfsmorðshugleiðingum fái ekki þjónustu er alveg óhugsandi,“ segir hann.
**jonhakon@frettabladid.is**



**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

Nýtt Húsasmiðjublað er komið út

# SÚPER TILBOÐ Í MARS

**JOTUN** Lady veggmálning **20-30% afsláttur**

**30% afsláttur**

Algerlega mött málning
Hrikalega flott!

3 ltr

**JOTUN**
SÚPER TILBOÐ
**6.290 kr**
~~8.995 kr~~
Lady Pure Color 3 ltr.
Mött veggmálning
7122045-48

**25% afsláttur**

3 ltr

**JOTUN**
SÚPER TILBOÐ
**2.245 kr**
~~2995 kr~~
Jotun vegg- og loftamálning
3 ltr.
7119781-83

**BLACK & DECKER**
SÚPER TILBOÐ
**9.995 kr**
~~14.995 kr~~
Hleðsluborvél
10,8V, tvær 1,5Ah Li-ion rafhlöður, hersla 26Nm.
5245565
**33% afsláttur**

**BLACK & DECKER**
SÚPER TILBOÐ
**5.995 kr**
~~8.995 kr~~
Höggborvél
500W, 13 mm málmpatróna.
5245599
**33% afsláttur**

**25% afsláttur**
Nilfisk
SÚPER TILBOÐ
**11.995 kr**
~~15.995 kr~~
Háþrýstidæla C 105.7-5 (EU)
105 bör, 440 ltr./klst. Sjálfvirk gangsetning og stöðvun með click & Clean kerfi.
5254201

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
ÞÚ SPARAR: 10.090 KR
Þvottavél
FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690
**54.900 kr**
~~64.990 kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**NEO TOOLS**
**40% afsláttur**
SÚPER TILBOÐ
**9.595 kr**
~~15.995 kr~~
Topplyklasett
Neo, 73 stk, 1/2"-1/4".
Toppar 4-27 mm skrall
72T.
5052569

**HITACHI** Inspire the Next
**24% afsláttur**
SÚPER TILBOÐ
**24.995 kr**
~~32.995 kr~~
Hleðsluborvél +54 fylgihlutir
2 stk., 10.8V, Li-ion rafhlöður, hersla 35Nm, Led ljós, þyngd aðeins 1 kg.
5246785

## ELDHÚS & BAÐ
## 25% afsláttur

af öllum blöndunartækjum, salernum, vöskum, handlaugum, handklæðaofnum, innréttingum, speglum, sturtuklefum og fleira.

Byggjum á betra verði

VERSLAÐU Á HUSA.IS
FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA



Jelly er nú í eigu Pinterest. MYND/JELLY

## Pinterest kaupir leitarvélina Jelly

**TÆKNI** Samfélagsmiðillinn Pinterest hefur fest kaup á sprotafyrirtækinu Jelly. Frá þessu greindi Techcrunch í gær.

Jelly er leitarvél sem byggir eingöngu á mannlegum svörum. Geta notendur sett fram spurningu á miðlinum sem aðrir notendur svara. Í viðtali við stofnendur Jelly, þá Biz Stone og Ben Finkel, lýstu þeir Jelly sem „leitarvél sem gengur fyrir mannafli“.

**» Al Gore og Jack Dorsey eru á meðal þeirra sem hafa fjárfest í Jelly.**

Pinterest er metið á ellefu milljarða bandaríkjadala, andvirði um 1,2 billjóna króna. Verðmat á Jelly hefur ekki verið gert opinbert, né heldur kaupverðið sem Pinterest greiddi.

Þó hefur listi yfir aðila sem fjárfest hafa í sprotafyrirtækinu verið opinberaður. Á meðal þeirra eru Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, og Jack Dorsey, stofnandi og forstjóri Twitter. – þea

## Gasi varpað á bændur



Grískir bændur mótmæltu háum sköttum fyrir utan skrifstofur landbúnaðarráðuneytis landsins í höfuðborginni Aþenu í gær. Til átaka kom á milli bænda og lögreglu er óeirðalögreglumenn vörpuðu táragasi á mótmælendur. Tveir mótmælendur voru handteknir. NORDICPHOTOS/AFP

# Greiða tugi milljóna vegna uppsagna

**Kostnaður Fiskistofu vegna uppsagna sem tengdust flutningi stofnunarinnar til Akureyrar nemur tugum milljóna. Stofnunin greiðir tvær milljónir króna á mánuði fyrir húsnæði í Hafnarfirði sem stendur autt. Ríkisendurskoðun bíður með að fjalla um flutninginn.**

**STJÓRNSÝSLA** Fiskistofa greiðir tugi milljóna í biðlaun vegna samninga sem voru gerðir við starfsmenn þegar þeir létu af störfum við flutning stofnunarinnar frá Hafnarfirði til Akureyrar í ársbyrjun 2016. Tveir starfsmenn, sem Fréttablaðið ræddi við og voru báðir millistjórnendur hjá stofnuninni, fá hvor um sig greidd laun í heilt ár vegna starfslokanna. Þeir áætla að kostnaður stofnunarinnar vegna launa og launatengdra gjalda sé samtals um 25 milljónir króna.

„Við erum ekki búin að taka saman alla kostnaðarliði en í þessu róti í kringum þetta þá var náttúrlega fólk sem sá fram á að það væri að missa vinnuna og það voru fundnar leiðir til að lenda því mjúklega. Hvort sem það heitir starfslokasamningar eða annað þá var reynt að gera það á mannlegan hátt,“ segir Eyþór Björnsson fiskistofustjóri.

Eyþór segir að ellefu manns hafi látið af störfum beinlínis vegna flutninga stofnunarinnar. Hann segir að ekki hafi allir fengið greiðslur vegna starfsloka og þeir sem fengu greiðslur hafi fengið misjafnlega mikið. Það hafi farið eftir starfslokarétti.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í júní síðastliðnum um flutning ríkisstarfsemi milli landshluta segir að Ríkisendurskoðun telji ekki tímabært að meta framkvæmd, ávinning og árangur af flutningi höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar. Áhrif flutningsins séu ekki enn að fullu komin í ljós. „Samkvæmt mati fiskistofustjóra verður mögulegt að meta áhrif flutninganna á seinni hluta árs 2017 eða fyrri hluta árs 2018 þó að þeim verði ekki að fullu lokið. Áhrif fyrstu skrefanna eru þó að einhverju leyti komin fram og tilefni er til að skoða nánar aðdraganda og undirbúning flutninganna,“ segir í skýrslunni.

Þar kemur líka fram að í fjárlögum ársins 2015 voru 130 milljónir króna veittar til flutningsins. Eyþór segist ekki geta sagt til um hvort kostnaðurinn verði umfram það. Verið sé að hefja vinnu við að taka saman kostnaðinn sem til fellur. Skýrslan verði síðar kynnt, meðal annars sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

jonhakon@frettabladid.is

### Tvær milljónir fyrir tómt húsnæði

Fiskistofa greiðir um tvær milljónir króna á mánuði vegna hæðar í Dalshrauni í Hafnarfirði. Leigusamningurinn er bindandi út árið 2025.

„Þetta eru á bilinu 700 til 750 fermetrar sem eru tómir núna og við erum lítið sem ekkert að nota og gætum tæmt. Það er enginn starfsmaður þar með starfsaðstöðu en við erum að nýta fundarherbergið á meðan enginn annar er að nýta þetta,“ segir hann.

**Hvort sem það heitir starfslokasamningar eða annað þá var reynt að gera það á mannlegan hátt.**

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri







# Danskir dagar



**TILBOÐ 50%** afsláttur á kassa

**Nauta Entrecote 2.400 kr/kg**
verð áður 4.799

*Tilboð á dönskum dögum*

**Ribeye 2.999 kr/kg**
verð áður 4.999

**Nauta Tbone 3.449 kr/kg**
verð áður 4.599

**Púrtvíns lambafile 4.354 kr/kg**
verð áður 5.705

*Nýtt í Hagkaup* — direkte fra **Danmark**



**299**

**Earth Control snakk**
*En chips, som er tykkere, sprødere og sprængfyldt med smag.*

direkte fra **Danmark**



**Graasten brauðsalöt**
*Ómissandi á dönskum dögum.*

direkte fra **Danmark**



**399** **349**

**OK snacks**
*Bacon Crisps og Pork Snacks.*

direkte fra **Danmark**



**Harboe safi**
*Hreinn safi - ekta danskur.*

*Nýtt í Hagkaup* — direkte fra **Danmark**



**549**

**Anton Berg Sweet Moments**
*Forkæl dig selv med Sweet Moments – eller del dem med en, du holder af.*

direkte fra **Danmark**



**99** **199**

**Dracula nammi**
*Spennandi nýjungar.*

direkte fra **Danmark**



**499**

**Dan Cake**
*Har i årtier lavet danskernes favoritkager.*

direkte fra **Danmark**



**Pinguin**
*Pinguin-slik er favoritter blandt danskerne, når der skal hygges.*

*Gildir til 19. mars á meðan birgðir endast.*

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Mannskæð árás á sjúkrahús

**AFGANISTAN** Fleiri en þrjátíu létu lífið þegar árásarmenn, klæddir sem læknar, réðust á stærsta herspítala Kabúl, höfuðborgar Afganistans, í gær. Yfirvöld þar í landi greindu frá árásinni í gær.

Voru árásarmennirnir vopnaðir skotvopnum og handsprengjum. Sprengdu þeir upp hlið að spítalanum áður en þeir hófu skothríð á starfsfólk og sjúklinga.

Hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki lýstu yfir ábyrgð á árásinni. Talíbanar hafa neitað ábyrgð. Rúmlega fimmtíu særðust í árásinni. **– þea**




# Rannsaka lekann til WikiLeaks

**Gögn frá WikiLeaks, Vault 7, benda til þess að leyniþjónusta Bandaríkjanna nýti sér öryggisgalla í snjalltækjum til að fylgjast með notendum. CIA vill ekki svara fyrir lekann. FBI leitar að uppruna lekans.**

**BANDARÍKIN** Bandaríska leyniþjónustan CIA vissi af öryggisgöllum í fjölda snjalltækja en gerði framleiðendum ekki viðvart heldur nýtti sér þá til að njósna um eigendur tækjanna. Tæknin er nú ekki aðeins í höndum leyniþjónustunnar.

Þetta er meðal þess sem lesa má úr Vault 7, nýjasta gagnaleka WikiLeaks. Samtökin halda því fram að þau hafi fengið gögnin send frá verktaka sem starfaði eitt sinn fyrir leyniþjónustuna. CIA hefur neitað að tjá sig um málið á meðan kannað er hvort gögnin innihaldi réttar upplýsingar. Utanaðkomandi sérfræðingar segja hins vegar ýmislegt benda til þess að svo sé.

Opinber rannsókn á birtingu gagnanna er þó hafin. Greindi CNN frá því í gær eftir heimildum sínum innan úr leyniþjónustum Bandaríkjanna. Standa bæði alríkislögreglan FBI og CIA sömuleiðis að rannsókninni.

Meðal þess sem finna má í gögnunum eru tæki sem CIA hefur notað til að stela gögnum úr iPhone-snjallsímum og önnur sem eru notuð til að taka yfir tölvur frá Microsoft. Enn önnur voru notuð til að breyta Samsung-snjallsjónvörpum í hlerunartæki og þá virðist leyniþjónustan hafa þróað búnað ætlaðan til að taka yfir tölvur bifreiða.

Tæknirisar heimsins brugðust við lekanum með því að senda frá sér yfirlýsingar um efnið. Í yfirlýsingu Apple sagði að fyrirtækið hefði nú þegar lokað fyrir fjölda galla sem nefndir eru í lekanum. Þá ítrekaði fyrirtækið að notendur væru ávallt með nýjustu útgáfu stýrikerfanna í tækjum sínum.

„Að verja einkalíf notenda er helsta forgangsmál okkar. Við vitum af göllunum og erum að vinna í að lagfæra þá eins hratt og unnt er,“ sagði í yfirlýsingu Samsung. Microsoft tók í sama streng. Google hefur hingað til neitað að svara fyrir galla í Android-stýrikerfinu.

„Hver sá sem heldur að mál Chelsea Manning og Edwards Snowden hafi verið einsdæmi hefur rangt fyrir sér,“ segir Joel Brenner, fyrrverandi yfirmaður gagnnjósna Bandaríkjanna. Fjögur ár eru liðin síðan WikiLeaks sendi frá sér gögn Edwards Snowden. Sá leki hafði mikil áhrif á samstarf Bandaríkjastjórnar og Kísildalsins. Líklegt þykir að lekinn nú geti haft svipuð áhrif. **johannoli@frettabladid.is**




**Samsung-sjónvörpum hefur verið breytt þannig að hægt sé að nota þau til að hlera samtöl.** NORDICPHOTOS/GETTY






**Azure-glugginn eins og hann leit út.** NORDICPHOTOS/AFP

## Glugginn hvarf í hafið

**MALTA** Þekktasti ferðamannastaður Möltu, Azure-glugginn svokallaði, glæsilegur steinbogi, hrundi í sjóinn í gær. Forsætisráðherra Möltu segir að fregnirnar séu „átakanlegar“ samkvæmt frétt BBC.

Veður hefur verið slæmt undanfarna daga á Möltu og segja sjónarvottar frá því að steinboginn hafi hrunið í heilu lagi í miklum öldugangi. Varað hefur við því að veðrun og landrof myndi sverfa að steinboganum þótt niðurstöður skýrslu frá árinu 2014 gæfu til kynna að steinboginn myndi þola áganginn í nánustu framtíð.

Staðurinn er afar vinsæll ferðamannastaður, ekki síst eftir að steinboganum brá fyrir í Game of Thrones þáttunum vinsælu. Yfirvöld á Möltu höfðu reynt hvað þau gátu til þess að minnka ágang ferðamanna á steinbogann og voru lagðar sektir við því að ganga yfir hann, án teljandi árangurs, en vinsælt var að stökkva af steinboganum í sjóinn.

Heimamenn flykktust að eftir að fregnir bárust af því að steinboginn væri horfinn um aldur og ævi og sagði ráðherrann Anton Refalo að hvarf steinbogans væri líkt því að „missa hluta af sjálfum sér“. **– tpt**

## Erfitt að átta sig á dreifingu kynlífsmyndbandsins frá Austri

**SAMFÉLAG** „Við erum að skoða þræði sem við getum unnið úr, það er eins og liggur í augum uppi erfitt að átta sig á fjölda dreifinga,“ segir Árni Þór Sigmundsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, um rannsókn á dreifingu myndbands sem var tekið upp á skemmtistaðnum Austri fyrir rúmri viku.

Á myndbandinu mátti sjá par hafa samfarir á opnum klósettbás á skemmtistaðnum og fór það síðar í mikla dreifingu á internetinu og var hún kærð. „Kæran beinist gegn því að þarna hafi efni verið dreift án vitundar og samþykkis,“ segir Árni Þór.

Hann vildi ekki tjá sig um það hvort einhver hefði verið handtekinn eða yfirheyrður vegna málsins.

Árni Þór segir að það muni ekki skýrast fyrr en rannsókn málsins er lokið hvaða lagaákvæði eiga við í málinu. **– bo**

DACIA

# DACIA DUSTER

**ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ - ÖFLUGUR Í TORFÆRUM**
**SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU**




**TIL AFGREIÐSLU STRAX!**

Verð kr.

**3.490.000**

Eyðsla í blönduðum akstri 5,3 L/100 km*

**Fjórhjóladrifinn, dísil, með íslensku leiðsögukerfi og 7 tommu snertiskjá.**

Veglegur staðalbúnaður m.a.: Bakkskynjari, leðurstýri, hæðarstilling á stýri, loftkæling AC, útvarp-CD með 4 hátölurum, USB og MP3 tengi, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, samlitir stuðarar og hurðarhúnar, litaðar rúður, svart „Compass" tauáklæði, 1/3 - 2/3 niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, geymsluhólf í framhurðum, kortavasar á framsætum, ABS-hemlakerfi, 6 loftpúðar, hæðarstilling á sætisbeltum, forstrekkjarar á sætisbeltum, ISOFIX barnastólafestingar, ESC stöðugleikastýring, fjarstýrðar hurðarlæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, ræsivörn, varadekk, sex aðgerða aksturstölva, þokuljós að framan, rafknúnir speglar, dagljósabúnaður, aðgerðahnappar í stýri, rafknúnar rúður, lesljós við framsæti.

ENNEMM / SÍA / NM80652

www.dacia.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Farangursbox í mynd er aukabúnaður.

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# Undiralda vegna Rammans á Alþingi

**Ef rétt er lesið í umræður þingsins um 3. áfanga rammaáætlunar er átaka að vænta. Fyrrverandi ráðherra segir málið ónýtt – en ríkisstjórn hans stóð að málinu í sama búningi. Lagt er til að tvær nefndir fjalli um málið og ef illa gangi þurfi að endurskoða lagarammann.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



**UMHVERFISMÁL** Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, mælti fyrir þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, eða 3. áfanga rammaáætlunar, á þriðjudag. Af umræðum á þinginu má ráða að harðra átaka sé að vænta um málið.

Tillagan er óbreytt frá hendi verkefnastjórnar rammaáætlunar sem forveri Bjartar, Sigrún Magnúsdóttir, lagði fram á liðnu þingi. Eftir að Björt hafði mælt fyrir málinu kom Gunnar Bragi Sveinsson, fyrrverandi utanríkis-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, næstur á eftir henni í ræðustól. Hann sagði: „ ...þegar þetta plagg var afgreitt úr fyrri ríkisstjórn var ég með fyrirvara á plagginu og eins í þingflokki Framsóknarflokksins, því að mér finnst þetta plagg vera ónýtt.“

Sjálf sér Björt þingsályktunartillöguna í því ljósi að í senn sé um að ræða öfluga „orkunýtingaráætlun á sama tíma og hún er metnaðarfull verndaráætlun“.

Lagt er til að um 660 MW bætist í nýtingarflokk. Þannig feli 2. og 3. áfangi í sér mikla möguleika til orkuöflunar, rúmlega 1.400 MW. Til samanburðar er uppsett afl allra núverandi virkjana á Íslandi 2.500 MW, sagði ráðherra. „Á sama tíma er lagt til að mörg mikilvæg svæði verði sett í vernd. Þannig er mjög gott jafnvægi í þessum tillögum milli sjónarmiða verndunar og nýtingar ef það er mælt í orkueiningum en verndarflokkur og nýtingarflokkur eru nokkurn veginn jafn stórir í þessum tillögum,“ sagði Björt.

Umræðurnar stóðu í á fimmtu klukkustund áður en málinu var vísað til umhverfis- og samgöngunefndar. Má minna á að á síðasta þingi var það mjög umdeilt að málið var til umfjöllunar í atvinnuveganefnd, og var þráfaldlega bent á að það ætti heima í umhverfisnefnd þingsins, eins og sitjandi ráðherra hefur fengið í gegn.

Í umræðunum var sleginn varnagli af stjórnarandstöðunni.



Tillaga verkefnisstjórnar fór óbreytt til þingsins frá hendi núverandi og fyrrverandi umhverfismálaráðherra. Hafi verið tekist um málið undanfarin ár þá virðist þess sama að vænta nú eins og heyra mátti á þingmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Átta nýir orkukostir – tíu í verndarflokk



■ Verkefnisstjórn leggur til að átta nýir virkjunarkostir bætist í orkunýtingarflokk áætlunarinnar. Um er að ræða fjórar vatnsaflsvirkjanir með uppsett afl upp á alls 277 MW, þrjár jarðhitavirkjanir með uppsett afl allt að 280 MW og einn vindlund með uppsett afl allt að 100 MW. Ekki eru lagðar til breytingar á flokkun þeirra virkjunarkosta sem fyrir voru í orkunýtingarflokki en þeir eru alls tíu.

■ Með þessari tillögu verkefnisstjórnar aukast möguleikar á orkuvinnslu um sem nemur tæpum 50% í jarðvarmaafli og um rúm 150% í vatnsafli frá 2. áfanga rammaáætlunar.

■ Í verndarflokk bætast við fjögur landsvæði með tíu virkjunarkostum. Allir nýir virkjunarkostir á landsvæðum í verndarflokki eru vatnsaflsvirkjanir. Ekki eru lagðar til breytingar á flokkun þeirra virkjunarkosta sem fyrir voru í verndarflokki en þeir eru sextán talsins. Samtals er því lagt til að 26 virkjunarkostir verði flokkaðir í verndarflokk.

■ Þrjátíu og átta virkjunarkostir eru í biðflokki og hafa tíu bæst við þann flokk frá fyrri áfanga.

> Gangi málið illa í meðförum þingsins þurfi að endurskoða löggjöfina.



Teitur Björn Einarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, spurði sérstaklega um Þjórsá – ungt fólk á svæðinu hefði stigið fram og vildi ekki uppbyggingu með sama hætti og eldri kynslóðir. Heilt yfir séu önnur atvinnutækifæri efst í huga komandi kynslóða og þau byggi ekki endilega á raforkuframleiðslu.

Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna, sagði mikilvægt að spyrja sig þeirrar spurningar hvort ekki þurfi að skoða eitt og annað mun betur. Það megi spyrja hvað liggi á og hvað eigi að gera við allt það rafmagn sem leyfilegt er að framleiða með því að nýta þá orkukosti sem skipað er í nýtingarflokk rammaáætlunar nú þegar. Loftslagsmálin séu ein og sér nægt tilefni til þess að fara varlega.

Á sama tíma má ráða að málið mæti andstöðu innan Sjálfstæðisflokksins – þingmaðurinn Teitur Björn Einarsson sagði að umhverfisnefnd þingsins yrði að vera í nánu samstarfi við atvinnuveganefnd við umfjöllun málsins – og vel megi búast við að einstakir kostir færist úr nýtingu eða vernd og yfir í biðflokk. Eins að gangi málið illa í meðförum þingsins þurfi að endurskoða löggjöfina.

Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna og fyrrverandi umhverfisráðherra, sagði tíðindi felast í orðum Teits – um stjórnarmál væri að ræða og það lagt fram í nafni hennar. Teitur setji efnislega fyrirvara við málið og spurði hvort hann einn stjórnarþingmanna væri þeirrar skoðunar.

Teitur sagði túlkun Svandísar á orðum hans „frjálslega“, hann styddi málið og færi einfaldlega fram á vandaða þinglega meðferð.





Volkswagen Caddy
GÓÐUR VINNUFÉLAGI
Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi er Volkswagen Caddy. Hann er áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum - hefðbundinni lengd og lengri gerð (Maxi).
Caddy má fá með fjórhjóladrifi sem eykur enn við öryggi og aksturseiginleika bílsins. Fjórhjóladrifinn Caddy hentar einstaklega vel við íslenskar aðstæður og eykur til muna notkunarmöguleika Caddy, hvort heldur er í snjó, hálku eða erfiðu færi.
Volkswagen Caddy kostar frá
2.550.000 kr.
(2.056.452 kr. án vsk)
Atvinnubílar
HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# SKÓDAGAR ASOLO®

*Mikið úrval af skóm sem henta jafnt fyrir fjallgöngugarpa og annað útivistarfólk*

2.-12. mars

**25%**

**AFSLÁTTUR**

## VÖNDUÐ ÍTÖLSK GÆÐAVARA

Vibram® skósólar og GORE-TEX® vatnsheldni í öllum skóm. Komdu til okkar í ICEWEAR MAGASÍN á ASOLO skódögum, Laugavegi 91, og fáðu þér vandaða skó á einstöku verði.

**25% afsláttur af öllum ASOLO skóm 2.-12. mars.**

vibram®

GUARANTEED TO KEEP YOU DRY
GORE-TEX

**Verkfræðihönnun GORE-TEX®**
**Eiginleikar og þægindi:**

- Endingargóð vatnsheldni og öndun
- Heldur fótum þurrum og eykur þægindi
- GORE-TEX tryggt



**Shiver GV**
~~Kr. 19.990.-~~
**Nú kr. 14.993.-**
*Til í mörgum litum*

**Falcon GV**
~~Kr. 27.490.-~~
**Nú kr. 20.618.-**



**TPS 520 GV**
~~Kr. 39.990.-~~
**Nú kr. 29.993.-**



**Parete Nord GV**
~~Kr. 44.990.-~~
**Nú kr. 33.743.-**



**ICEWEAR MAGASÍN**

LAUGAVEGI 91 - 2. HÆÐ - **asolo.is**

# Minna selst af áfengi í fríhöfnum

**NOREGUR** Þegar fríhafnarverslanir á norskum flugvöllum stilltu sterku áfengi upp á minna áberandi stöðum í fyrra minnkaði salan. Markmiðið hafði verið að draga úr sölunni.

Sala á bjór í fríhöfnum jókst örlítið í fyrra en sala á léttvíni minnkaði eins og á brennivíni. Úrval vín- og bjórtegunda hafði verið aukið.

Samtímis því sem sala áfengis minnkaði í fríhöfnum í fyrra jókst drykkjan á hvern íbúa Noregs, að því er segir í frétt Aftenposten. **– ibs**



**Sala á bjór jókst í norskum fríhöfnum í fyrra en sala á léttu víni og sterku áfengi minnkaði.** NORDIC-PHOTOS/GETTY


ÖBÍ

ER LEIÐIN GREIÐ?

Málþing um algilda hönnun í almenningsrými föstudaginn 10. mars, kl. 9-13 á Grand Hótel Reykjavík

Málefnahópur Öryrkjabandalags Íslands um aðgengismál, Blindrafélagið, Verkís hf., Átak – félag fólks með þroskahömlun og Reykjavíkurborg bjóða til málþings um algilda hönnun innan borgarmarka og á ferðamannastöðum í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Ferðamálastofu, Mannvirkjastofnun og Vegagerðina.

DAGSKRÁ

9.00 **Málþingið sett**
Ellen Calmon, formaður ÖBÍ

9.10 **Ávarp**
Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra

9.20 **Hönnun í útiumhverfi – úttekt og samanburður á norrænum hönnunarreglum**
Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, landslagsarkitekt FÍLA og Berglind Hallgrímsdóttir, umferðarverkfræðingur hjá Verkís

10.00 **Er leiðin greið?**
Erna Hreinsdóttir, verkefnastjóri hjá Vegagerðinni

10.15 **Aðgengi fyrir alla utandyra**
Grétar Pétur Geirsson, formaður málefnahóps ÖBÍ um aðgengi

10.40 **Byggingarreglugerðir og algild hönnun**
Aldís Magnea Norðfjörð, arkitekt hjá Mannvirkjastofnun

10.55 **Kaffihlé**

11.20 **Upplifun fatlaðs fólks af ferðamannastöðum á Íslandi**
Aileen S. Svensdóttir, formaður Átaks – félags fólks með þroskahömlun og Anna Kristín Jensdóttir

11.50 **Aðgengi að ferðamannastöðum – aðkoma Ferðamálastofu**
Elías Bj. Gíslason, Ferðamálastofu

12.05 **Afhending aðgengisviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2017**
**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri**

12.35 **Lokaávarp**
Sigþór U. Hallfreðsson, formaður Blindrafélagsins

13.00 **Að málþingi loknu verður boðið upp á veitingar**

**Fundarstjóri:**
Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar

Skráning á www.obi.is
Táknmáls- og rittúlkun í boði.

BLINDRAFÉLAGIÐ Reykjavíkurborg ÁTAK VERKÍS

ENNEMM / SÍA / NM80702





**Donald Trump á fundinum 27. apríl á Mayflower-hótelinu.** NORDICPHOTOS/AFP

# Handabandið sem engin man

## Sendiherra Rússlands var viðstaddur kosningafund Trumps á hóteli í Washington. Starfsmenn Hvíta hússins segja marga sendiherra hafa verið á svæðinu og ekki muna hverjum Trump heilsaði. Þingnefnd rannsakar fullyrðingar um samvinnu við Rússa.

**BANDARÍKIN** Hvíta húsið hefur vísað á bug fullyrðingum um að Donald Trump Bandaríkjaforseti hafi haft einhver önnur samskipti við sendiherra Rússlands í Bandaríkjunum en tilfallandi á meðan á kosningabaráttunni um forsetaembættið stóð.

Greint var frá því í fjölmiðlum, meðal annars The Independent, á þriðjudaginn að Trump og Sergej Kisljak sendiherra hefðu báðir verið á Mayflower-hótelinu í Washington 27. apríl í fyrra. Trump var þar til að ræða utanríkispólitík.

Ekki er óvenjulegt að sendiherrar erlendra ríkja mæti á slíka kosningafundi til að komast að stefnu forsetaframbjóðenda. En í kjölfar ásakana um að Rússar hafi haft áhrif á kosningabaráttuna og hafi verið í sambandi við menn í kosningaherbúðum Trumps hefur þótt mikilvægt að kortleggja möguleg samskipti Trumps og rússneska sendiherrans.

> **Ekki er óvenjulegt að sendiherrar erlendra ríkja mæti á slíka kosningafundi til að komast að stefnu forsetaframbjóðenda. En í kjölfar ásakana um að Rússar hafi haft áhrif á kosningabaráttuna og hafi verið í sambandi við menn í kosningaherbúðum Trumps hefur þótt mikilvægt að kortleggja möguleg samskipti Trumps og rússneska sendiherrans.**

Forsetinn hefur mörgum sinnum neitað öllum samskiptum en nú segja starfsmenn Hvíta hússins að margir sendiherrar hafi verið á svæðinu. Trump hafi verið í móttökunni í um fimm mínútur og síðan hafi hann haldið rakleiðis í ræðustól. Í viðtali við AFP-fréttaveituna segir Sarah Sanders, einn blaðafulltrúa Hvíta hússins, að starfsmenn muni ekki hverjum Trump heilsaði með handabandi í móttökunni. Það hafi hvorki verið á þeirra ábyrgð að bjóða gestum né kanna bakgrunn þeirra. Rússneski sendiherrann hefur ekki tjáð sig um málið.

Þjóðaröryggisráðgjafi Trumps, Michael Flynn, neyddist til að draga sig í hlé þegar afhjúpað var að hann hefði leynt upplýsingum um samskipti sín við rússneska sendiherrann. Dómsmálaráðherrann Jeff Sessions sætti harðri gagnrýni þegar afhjúpað var að hann hefði hitt Kisljak tvisvar í Washington í fyrra. Hann hafði áður fullyrt að hann hefði ekki verið í samskiptum við Rússa meðan á kosningabaráttunni stóð.

Nefnd þingmanna í fulltrúadeildinni á að rannsaka fullyrðingar um samvinnu Rússa og Donalds Trump í kosningabaráttunni. **ibs@frettabladid.is**

# 20%
afsláttur af
# ÖLLU LEGO
á dönskum dögum
9.-19. mars




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


KONUKVÖLD
FYRIR ÞIG OG ÞÍNAR
OPIÐ TIL 23 Í KVÖLD
OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# SMÁRALIND

**iglo+indi**
15%
afsláttur af nýjum vörum
50-70%
afsláttur af eldri vörum

**comma,**
20%
afsláttur af öllum vörum
70%
afsláttur af völdum vörum

**Lif&List SMÁRALIND**
30%
afsláttur af nýja Kähler glervasanum
20%
afsláttur af öllum glösum og kertastjökum

**MODUS Hárstofa SMÁRALIND**
20%-50%
afsláttur af öllum hár- og húðvörum

**EPLI**
25%
afsláttur af Knomo, Kate Spade og Pipetto símahulstrum

**Dressmann**
25%
afsláttur af öllum vörum

**XL Dressmann**
25%
afsláttur af öllum vörum

**A4**
25%
afsláttur af öllum gjafavörum og völdum barnavörum

**THE BODY SHOP**
Laugavegi • Kringlunni • Akureyri
25%
afsláttur af verði allra vörutegunda

**MAKE UP STORE**
25%
kynningarafsláttur af ilmvötnum og rakakremum
20%
afsláttur af öllum vörum

**name it**
20%
afsláttur af öllum vörum

**CORNER**
20%
afsláttur af öllum vörum

**JACK & JONES**
20%
afsláttur af öllum vörum

**Penninn Eymundsson**
20%
vildarafsláttur af öllum vörum

**LINDEX**
20%
afsláttur af öllum vörum

**DÝRABÆR**
20%
afsláttur af öllum vörum

**Optical Studio**
20%
afsláttur af öllum vörum

**CORTEFIEL**
20%
afsláttur af öllum vörum

**ÚTILÍF** síðan 1974
20%
afsláttur af öllum vörum
Gildir þó ekki af öðrum tilboðum

**LYFJA**
20%
afsláttur af snyrtivörum og ilmum

**Levi's**
20%
afsláttur af allri dömuvöru
10%
afsláttur af öðrum vörum

**66° NORÐUR**
20%
afsláttur af peysum og buxum
Afsláttur gildir af fullorðins- og barnafatnaði

**JÓN & ÓSKAR**
Laugavegur / Smáralind / Kringlan
20%
afsláttur af öllum vörum nema 10% afsláttur af trúlofunarhringum

**SELECTED**
20%
afsláttur af öllum vörum

**DOROTHY PERKINS**
20%
afsláttur af öllum vörum

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl

# FRÁBÆR TILBOÐ Í ALLAN DAG

**MAC**
20%
afsláttur af MAC

**skórnir þínir**
20%
afsláttur af öllum skóm

**KARAKTER** KONUR
20%
afsláttur af öllum vörum

**gs skór**
20%
afsláttur af öllum vörum

**Drangey**
20%
afsláttur af öllum vörum

**TOPSHOP**
20%
afsláttur af öllum vörum

**PLUSMINUS OPTIC**
20%
afsláttur af öllum vörum

**CINTAMANI**
20%
afsláttur af öllum vörum

**meba**
20%
afsláttur af öllum dömuúrum

**HAGKAUP** Skemmtilegast að versla
20%
afsláttur af snyrtivörum og F&F dömufatnaði

**galleri sautján**
20%
afsláttur af öllum vörum í dömudeild og gallabuxum í herradeild

**MOA**
3 FYRIR 2
af skarti
20%
afsláttur af öðrum vörum

**DÚKA**
10%-20%
afsláttur af öllum vörum

**SPRINGFIELD**
15%
afsláttur af öllum vörum

**Superdry.** 極度乾燥(しなさい)
15%
afsláttur af öllum fatnaði og skóm í dömudeild

**AIR**
15%
afsláttur af öllum dömufatnaði

**VERO MODA**
15%
afsláttur af öllum vörum

**VILA** CLOTHES
15%
afsláttur af öllum vörum

**BOSSANOVA**
15%
afsláttur af öllum skóm

**Kaupfélagið**
15%
afsláttur af öllum dömuskóm

**LEGO** Legóbúðin
15%
afsláttur af DC Super Hero Girls, Elves og Friends

**STEINAR WAAGE** SKÓVERSLUN
15%
afsláttur af öllum dömuskóm

**women'secret** PRETTY, COMFORTABLE & SEXY
15%
afsláttur af öllum vörum

**SIX**
3 FYRIR 2
af öllum vörum

**vodafone**
Gjafabréf í dekur fylgir öllum Samsung símum

*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl*

# SKEMMTUN FYRIR ÞIG OG ÞÍNAR

# SMÁRALIND

JOE & THE JUICE
Lítill djús
fylgir keyptri samloku

CAFÉADESSO
1.790 KR.
Ostborgari Adesso
1.890 KR.
Mexico salat
eða Bearnaise-borgari

serrano
FRESH • HAPPY • MEX
1.689 KR.
LKL salat og Kristall

energia
1.890 KR.
Salat dagsins
500 KR.
Kaffi og Sara

BJARKARBLÓM
20%
afsláttur af öllum
pottaplöntum

SMÁRABÍÓ
Konukvöldsforsýning
kl. 20:00 á Hidden Figures
Miðaverð aðeins
1.190 KR.

## FRÁBÆR SKEMMTUN

**20:00** **SVALI OG ERNA HRÖNN** OPNA DAGSKRÁNA
**20-23** **SIGGA KLING OG FÉLAGAR** SPÁ OG SÝNA ÞÉR FRAMTÍÐINA
**20-23** MYNDABÁS - ÓKEYPIS MYNDATAKA AF ÞÉR OG ÞÍNUM BESTU
**20:05** **ARON HANNES** EVRÓVISJÓN-KEPPANDI
**20:30** **ROKKKÓR ÍSLANDS** FYLLIR SVIÐIÐ
**21:00** **KARÍTAS** ÚR THE VOICE
**21:30** **JÓNSI** RÍFUR UPP STEMNINGUNA
**22:00** **STEFÁN HILMARS** MEÐ HUGLJÚFA TÓNA
**22:30** **HAPPDRÆTTI - AÐALVINNINGAR DREGNIR ÚT**

## SPENNANDI HAPPDRÆTTI

**FERÐ TIL BARCELONA FYRIR TVO MEÐ GAMAN FERÐUM**

**ÁRSKORT Í WORLD CLASS**

**30.000 KR. GJAFAKORT FRÁ SMÁRALIND**

Auk fjölmargra glæsilegra aukavinninga frá verslunum Smáralindar

Gaman Ferðir
World Class Iceland
K100

## OPIÐ TIL 23 Í KVÖLD

# Arion banki seldi í Reitum fyrir 2,8 milljarða

Arion banki seldi í gærmorgun 30 milljónir hluta í Reitum fasteignafélagi á genginu 93,9 krónur á hlut, fyrir samtals rúmlega 2,8 milljarða króna. Bankinn var fyrir viðskiptin fjórði stærsti hluthafi Reita.

Það voru markaðsviðskipti Arctica Finance sem höfðu milligöngu um kaupin. Að stórum hluta voru kaupendur bréfa bankans í Reitum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, íslenskir lífeyrissjóðir. Stærstu hluthafar Reita eru Gildi lífeyrissjóður, með um 14,1 prósents hlut, Lífeyrissjóður verslunarmanna, sem á rúmlega 12,9 prósent, og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, með nærri 10,1 prósents eignarhlut.

Eftir viðskiptin, þar sem bankinn seldi meira en helminginn af bréfum sínum í félaginu, á hann um 22,3 milljónir hluta í Reitum, eða sem nemur um 3 prósenta hlut, að því er kom fram í flöggun sem



**Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita**

Arion banki sendi til Kauphallarinnar eftir lokun markaða seinnipartinn í gær.

Hlutabréfaverð Reita lækkaði um liðlega 0,2 prósent í rúmlega 3,2 milljarða króna viðskiptum í Kauphöllinni í gær. Á síðustu tólf mánuðum hefur gengi bréfa fasteignafélagsins hins vegar hækkað um 10,4 prósent. Markaðsvirði Reita nemur núna um 70 milljörðum króna, sem gerir félagið að því þriðja verðmætasta í Kauphöll Íslands – á eftir Marel og Icelandair Group. **– hae**


## Vilt þú ná árangri sem endist?

Heilsulausnir - léttara líf er vinsælasta námskeið Heilsuborgar frá upphafi. Þar er unnið með þyngdarstjórnun og áhersla lögð á að kenna þátttakendum aðferðir sem skila varanlegum árangri.

Þú ert í góðum höndum hjá okkur því allir þjálfarar og sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi.



Heilsulausnir - léttara líf
**Kynningarfundur**
Fimmtudaginn 9. mars kl. 20:00
í Faxafeni 14
**Allir velkomnir**

TAKTU SKREFIÐ!

Heilsulausnir – léttara líf hefst 20. mars

**Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg. is**

HEILSUBORG
Árangur sem endist

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is




**Umfang Umhverfisstofnunar í eftirliti gagnvart United Silicon er fordæmalaust.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill sex mánaða frest til að stöðva mengun

**United Silicon vill lengri frest til úrbóta í mengunarmálum. Harma að lykt hafi valdið íbúum Reykjanesbæjar óþægindum en tala um tímabundin vandamál. Slökkva þurfti á verksmiðjunni í Helguvík um síðustu helgi vegna bilunar.**

Stjórnendur kísilvers United Silicon í Helguvík óska eftir sex mánaða fresti til nauðsynlegra úrbóta í mengunarmálum. Þeir harma að lyktarmengun hafi valdið íbúum Reykjanesbæjar óþægindum en segja hana mega rekja til tímabundinna vandamála og byrjunarörðugleika.

Þetta kemur fram í bréfi sem United Silicon sendi Umhverfisstofnun á þriðjudag og Fréttablaðið hefur undir höndum. Þar kynnir fyrirtækið áætlun um úrbætur í mengunarmálum og varðandi frávik frá starfsleyfi, eins og því að spilliefni eru geymd utandyra á malarlóð, sem leiddu til þess að stofnunin sendi því harðort bréf í síðasta mánuði. Var þar farið fram á tafarlausar úrbætur.

„Félagið telur á hinn bóginn einsýnt að félagið sjálft, með liðsinni sérfróðra aðila sem leitað hefur verið til, sé best til þess fallið að leysa þann vanda sem við er að etja,“ segir í bréfi United Silicon.

Umhverfisstofnun sendi kísilverinu bréfið þann 21. febrúar og tilkynnti stjórnendum þess um áform um að ráðist yrði í verkfræðilega úttekt á hönnun og rekstri verksmiðjunnar. Ástæðu þess mætti rekja til tíðra mengunaróhappa og að svo gæti farið að stöðva þyrfti reksturinn tímabundið og framkvæma nauðsynlegar úrbætur. Umhverfisstofnun hefur borist vel á annað hundrað ábendinga um lyktarmengun og skráð fjölmörg frávik frá starfsleyfi.

„Við höfum ekki tekið afstöðu til bréfsins [frá United Silicon] og munum fara yfir það næstu daga,“ segir Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun.

Samkvæmt bréfi Umhverfisstofnunar berast ábendingar um lyktarmengun iðulega eftir að slökkt hefur verið á eina ljósboga-



**Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun**

ofni verksmiðjunnar. Kristleifur Andrésson, stjórnandi öryggis- og umhverfismála United Silicon, svarar aðspurður að rekstur hennar hafi ekki gengið áfallalaust síðan fyrra bréfið barst fyrir rúmum tveimur vikum. Síðasta föstudag hafi þurft að slökkva á ofninum í um tvo daga.

„Reksturinn er búinn að ganga mjög vel fyrir utan eitt óhapp en nú erum við komnir á mjög góðan skrið aftur. Þá varð bilun í búnaði þegar öxull brotnaði í færibandi og það tók á annan sólarhring að fá varahluti og gera við,“ segir Kristleifur. **haraldur@frettabladid.is**

# Fyrrverandi stjóri Straums í stjórn Arion

Jakob Már Ásmundsson, fyrrverandi forstjóri Straums fjárfestingarbanka, sest í stjórn Arion banka á aðalfundi sem verður haldinn í dag, fimmtudag. Hann kemur inn í stjórn í stað Benedikts Olgeirssonar sem hefur verið í stjórn Arion banka frá því í desember 2013. Stjórnin helst að öðru leyti óbreytt en Bandaríkjamaðurinn John P. Madden, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, sem á 87 prósent í bankanum, kom nýr inn í stjórn Arion banka fyrir tæplega sex mánuðum. Fjölgaði stjórnarmönnum þá úr sjö í átta.

Jakob er með doktorsgráðu í iðnaðarverkfræði frá Purdue-háskóla í Bandaríkjunum. Í dag starfar hann sem lektor við viðskiptafræði-



**Jakob Ásmundsson, fyrrverandi forstjóri Straums**

deild Háskóla Íslands og situr í stjórn tölvuleikjafyrirtækisins Solid Clouds. Hann tók við sem forstjóri Straums í ársbyrjun 2013 en lét af því starfi samhliða því að bankinn sameinaðist MP banka sumarið 2015, sem síðar varð Kvika banki. Áður hafði Jakob meðal annars gegnt starfi fjármálastjóra eignaumsýslufélagsins ALMC og var hann í hópi nokkurra fyrrverandi lykilstjórnenda félagsins sem fengu hundruð milljóna króna hver í sinn hlut þegar félagið greiddi út samanlagt yfir þrjá milljarða í bónusa til starfsmanna í desember 2015.

Kaupþing vinnur nú að því, eins og áður hefur verið greint frá í Fréttablaðinu, að ganga frá sölu á um 50 prósenta hlut í Arion banka til bandarískra fjárfestingarsjóða og lífeyrissjóða. Kaupverðið verður á genginu rúmlega 0,8 miðað við eigið fé bankans, eða sem nemur um 85 milljörðum, en stefnt er að því að viðskiptin klárist á allra næstu vikum. Í kjölfarið verður sá hlutur Kaupþings sem eftir stendur, á bilinu 30-40 prósent, seldur í almennu útboði og bankinn skráður á markað, líklega næstkomandi haust. **– hae**




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050
mazda.is

# Villtir stofnar



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Íslenskur efnahagur hvílir á nýtingu náttúruauðlinda. Hvort sem um er að ræða ferðaþjónustu, sjávarútveg eða orkuöflun. Oft eru mjög skiptar skoðanir í samfélaginu um hvernig eigi að umgangast mikilvægar auðlindir okkar. Skýrasta dæmið er ráðstöfun fiskveiðiauðlindarinnar og hvernig eigi að haga gjaldtöku af nýtingu á þessari auðlind innan 200 mílna efnahagslögsögu íslenska ríkisins.

Villti laxastofninn okkar fær minna vægi í umræðunni. Það gera sér ekki margir grein fyrir hversu mögnuð auðlind villti laxastofninn er fyrir okkur Íslendinga og hversu miklir hagsmunir eru í húfi við verndun hans.

Verndun stofnsins helst beint í hendur við þá atvinnugrein sem nú skapar mestan gjaldeyri fyrir þjóðarbúið, ferðaþjónustuna. Það er afar mikilvægt fyrir okkur að viðhalda ímynd hreinleika þegar laxveiðar á Íslandi úr villtum stofnum eru annars vegar. Umgengni við þessar atvinnugreinar, veiðar og ferðaþjónustu, er viðkvæm jafnvægislist sem gerir ríkar kröfur til okkar sem þjóðar. Sjávarklasinn svokallaði, hugveita um verðmætasköpun í sjávarútvegi og fiskvinnslu undir forystu Þórs Sigfússonar, hefur velt upp þeirri hugmynd að stjórnvöld og allur matvælaiðnaðurinn sameinist um eflingu ímyndar og vörumerkis Íslands fyrir íslensk matvæli. Sjávarklasinn vill auka samstarf við nágrannaþjóðir um markaðssetningu á atlantshafsþorskinum, ekki síst á fjarlægari mörkuðum. Þetta er mikilvæg ábending en það þarf að gera það sama fyrir laxastofninn.

Trúverðugleiki og uppruni skipta máli við markaðssetningu á vörum. Belgar hafa sterka ímynd í hugum fólks í framleiðslu á súkkulaði, Hollendingar hafa sterka ímynd í ostum og Frakkar kampavíni. Við þurfum að skapa okkur sambærilega sérstöðu á erlendum mörkuðum með bæði þorsk og lax. Ímyndarþróun á íslenskum fiski ætti að vera forgangsmál hjá stjórnvöldum til að styðja við verðmætasköpun í matvælaiðnaði. Hér skiptir máli að viðhalda hreinum villtum laxastofni en einnig að efla markaðssetningu á atlantshafsþorskinum í samræmi við tillögur Sjávarklasans.

Íslenskar sjávarafurðir munu njóta þess í verðlagningu á erlendum mörkuðum að hér þrífist villtir fiskistofnar sem eru sjálfbærir vegna skynsamlegrar auðlindanýtingar úr hreinum sjó. Vanhugsuð stefna í umhverfismálum eyðileggur möguleika okkar á að vinna með ímynd um villta sjálfbæra fiskistofna. Sjókvíeldi á laxi hefur verið bannað erlendis nákvæmlega á þessari forsendu.

Regnbogasilungur hefur fundist í íslenskum sjó og vötnum á Íslandi og voru 100 tilvik tilkynnt í september í fyrra. Um er að ræða mjög ágenga tegund sem á alls ekki heima í íslenskri náttúru. Útbreiðsla þessarar tegundar vekur spurningar um hvað muni gerast með lax sem sleppur úr fiskeldiskerum.

Við Íslendingar höfum borið gæfu til að velja leið skynsamlegrar auðlindanýtingar þegar þorskurinn er annars vegar og er verðmætasköpun í sjávarútvegi besti vitnisburðurinn um það. Við megum ekki fljóta sofandi að feigðarósi í umgengni við villta laxastofna.

**Vanhugsuð stefna í umhverfismálum eyðileggur möguleika okkar á að vinna með ímynd um villta sjálfbæra fiskistofna.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Heimsfrægar kökur**
**Bjarni Benediktsson forsætisráðherra er fær bakari og kökuskreytingamaður. Það vita allir sem fylgdust með kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins á síðasta ári. Nú hefur Bjarni hins vegar fært kökubaksturinn á stóra sviðið. Á setningu listaviku átaks UN Women, HeForShe, mætti forsætisráðherrann vopnaður fagurbleikri köku.**

**Bjarni gerði þó fleira en að mæta vopnaður köku enda er hann einn af tíu þjóðarleiðtogum sem eru í forsvari fyrir átakið HeForShe 10x10x10 Impact Champions. Í pallborðsumræðum í gær sagði hann að sífellt þyrfti að huga að jafnréttismálum.**

**Vonbrigði**
**Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, gerði jafnréttismálin einnig að umtalsefni sínu í gær á alþjóðlegum degi kvenna. Sagði hann það mikil vonbrigði að lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja hefðu ekki skilað sér í jafnari stöðu kynjanna þegar kemur að formennsku og forstjórastöðum.**

**Í ljósi þess er spurning hvort fyrirhuguð lög um jafnlaunavottun muni skila meiri árangri. Það verður tíminn að leiða í ljós. Hins vegar er ljóst að fjölmargir erlendir miðlar á borð við The Guardian lofuðu hugmyndina í gær.** thorgnyr@frettabladid.is

# Lækkum vexti með stöðugleikasjóði



**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri hjá Kviku banka og fyrrverandi varaformaður framkvæmdahóps um losun hafta

Ef rétt er á málum haldið má lækka vexti með stofnun stöðugleikasjóðs sem hefði sveiflujöfnun hagkerfisins og opinberan sparnað að leiðarljósi.

Útgjöld hins opinbera hafa bein áhrif á vaxtastigið í landinu. Óhóflegur útgjaldavöxtur ríkisins er þensluhvetjandi og kallar á viðbrögð Seðlabankans, sem nýtir stýrivexti til að slá á þenslu. Nú þegar vel árar virðast ríkisstjórn og Seðlabanki ekki ætla að ganga í takt. Í stað þess að draga úr eftirspurn í hagkerfinu, auka aðhald og stefna að myndarlegum rekstrarafgangi ríkissjóðs er stefnt á 1,5% afgang næstu árin samkvæmt fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar. Sá litli afgangur heldur vöxtum hærri en ella og leggur þyngri vaxtabyrði en annars væri á fyrirtæki og heimili landsins.

Stöðugleikasjóður ætti að fá framlög með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með stofnframlagi, til dæmis hluta af stöðugleikaframlögum slitabúanna sem nýttur er til kaupa á gjaldeyri af Seðlabankanum. Slíkt myndi létta undir með Seðlabankanum sem ber tugmilljarða kostnað á hverju ári af stórum gjaldeyrisforða. Í annan stað ætti sjóðurinn að fá myndarlegt framlag úr ríkissjóði þegar vel árar eins og nú. Í þriðja lagi ætti að nýta tekjur hins opinbera af nýtingu helstu auðlinda landsins – sjávarútvegi, orkuiðnaði og ferðaþjónustu.

Stöðugleikasjóðurinn ætti að fjárfesta erlendis, enda er sveiflujöfnun eitt af markmiðum hans og ekki ráðlegt að setja öll eggin í sömu efnahagskörfuna. Þegar vel áraði kæmi framlag úr ríkissjóði. Slíkt drægi úr sveiflum og gerði Seðlabankanum kleift að lækka vexti. Þegar verr áraði myndi stöðugleikasjóðurinn fjármagna uppbyggingu innviða innanlands og minnka áhrif af niðursveiflu. Reynslan sýnir að krónan hefur tilhneigingu til að styrkjast smám saman þegar vel árar og veikjast skyndilega við áföll. Stöðugleikasjóður eins og hér er lýst jafnar því gengissveiflur svo fremi sem umgjörð sjóðsins er vönduð og tryggt sé að ekki sé hægt að taka út úr honum nema við fyrirfram tilgreindar aðstæður.

**Stöðugleikasjóðurinn ætti að fjárfesta erlendis, enda er sveiflujöfnun eitt af markmiðum hans.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Alþingi, traust og virðing

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason

Heimsbyggðin öll er minnt á dvínandi álit Bandaríkjanna með reglulegu millibili, núna stundum dag eftir dag. Einn vitnisburðurinn er þverrandi traust Bandaríkjamanna til ýmissa helztu stofnana sinna, m.a. til þingsins og dómstóla. Aðeins ellefti hver Bandaríkjamaður segist nú (mælingin er frá 2016) treysta þinginu í Washington skv. skýrslum Gallups borið saman við 42% traust 1973.

**Lakara mannval, veikara lýðræði**

Skýringarinnar er ekki langt að leita. Meðalþingmaður í Washington þarf yfirleitt að eyða þrem vinnudögum í hverri viku til fjáröflunar í þágu eigin endurkjörs; löggjafarstörfin mæta afgangi. Vandinn ágerðist þegar Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðaði 2010 að skorður í lögum við fjárframlögum fyrirtækja til stjórnmálamanna og flokka samrýmist ekki óskoruðum mannréttindum. Með þessum úrskurði opnuðust allar flóðgáttir og traust almennings til þingsins hrapaði úr fjórðungi 2009 niður í 9% 2016.

Þótt undarlegt megi virðast sýna tölur Gallups ekki skyndilegar dýfur í trausti almennings til Hæstaréttar, hvorki 2010 þegar rétturinn aflétti hömlum af fjárstuðningi fyrirtækja við stjórnmálamenn og flokka né heldur árið 2000 þegar rétturinn ákvað með fimm atkvæðum gegn fjórum eftir flokkslínum að gera George W. Bush að forseta. Traust Bandaríkjamanna til Hæstaréttar hefur minnkað smám saman úr 46% 1973 í 36% nú. Þverrandi álit þingsins og dómstólanna helzt í hendur við þverrandi traust milli manna.

Óheft fjárstreymi inn í stjórnmálin hefur spillt mannvalinu á þingi og veikt lýðræðið. Lawrence Lessig, lagaprófessor í Harvardháskóla, lýsir vandanum vel. Lýðræði snýst ekki um það eitt að kjósa milli ólíkra frambjóðenda á nokkurra ára fresti. Spurningin er: Hverjir velja frambjóðendurna? Hver er munurinn á því að örfáir auðmenn velja flesta frambjóðendur beggja flokka í Bandaríkjunum og Kommúnistaflokkurinn velur alla frambjóðendur í kosningum í Kína? Á þessu tvennu er stigsmunur, ekki eðlismunur.

**Í upphafi skyldi endinn skoða**

Hér heima segist nú fimmti hver maður (22%) treysta nýkjörnu Alþingi skv. könnun Gallups, mun lægra hlutfall en í flestum öðrum Evrópulöndum þar sem algengt er að þriðjungur til helmingur kjósenda segist bera traust til þjóðþingsins.

Hvers vegna dregur Ísland frekar dám af Bandaríkjunum en Evrópu að þessu leyti? Skýringin blasir við. Upphafið má rekja til ókeypis afhendingar aflaheimilda til útvegsmanna frá 1984 og áfram. Alþingi bjó til stétt auðmanna sem hafa haft flokkana á fóðrum æ síðan, einkum Sjálfstæðisflokkinn og Framsókn. Í skýrslum Ríkisendurskoðunar kemur fram að uppgefnir styrkir útvegsfyrirtækja til flokkanna renna að langmestu leyti (95%) til þessara tveggja flokka sem hlutu samanlagt 40% atkvæða í síðustu kosningum.

Sumir rekja rót vandans enn lengra aftur í tímann eða til hermangsins sem spillti öllum flokkum nema Sósíalistaflokknum. Þeim flokki tókst þó ekki að gera sér mikinn mat úr þessari sérstöðu, m.a. vegna gruns um vafasöm fjárhagstengsl við Sovétríkin. Þau ár studdu stjórnvöld í Kreml vinstri flokka á Vesturlöndum til að grafa undan lýðræði, en nú mylja þau leynt og ljóst undir hægri flokka, m.a. bandaríska Repúblikanaflokkinn, helztu fyrirmynd Sjálfstæðisflokksins mörg undangengin ár. Í því ljósi kann að vera rétt að skoða tilraun Seðlabanka Íslands til að selja Ísland í hendur Rússa í hruninu 2008 frekar en að þiggja bjargráð AGS, Norðurlanda og Póllands. Tilraunin fór út um þúfur. Bandaríkjaþing býst nú með semingi til að rannsaka tengsl Trumps forseta og manna hans við Pútín forseta o.fl. í Moskvu. Alþingi hefur ekki hirt um að upplýsa almenning um umsvif rússneskra auðmanna á Íslandi fyrir hrun þrátt fyrir skýra vitnisburði og ekki heldur um fundi íslenzkra seðlabankamanna með fulltrúum stjórnvalda í Moskvu eftir hrun. Hvað veldur?

> Bandaríkjaþing býst nú með semingi til að rannsaka tengsl Trumps forseta og manna hans við Pútín forseta o.fl. í Moskvu. Alþingi hefur ekki hirt um að upplýsa almenning um umsvif rússneskra auðmanna á Íslandi fyrir hrun þrátt fyrir skýra vitnisburði og ekki heldur um fundi íslenzkra seðlabankamanna með fulltrúum stjórnvalda í Moskvu eftir hrun. Hvað veldur?

**Veðsett upp í rjáfur?**

Hvað sem hermanginu líður má ljóst vera að sú ákvörðun Alþingis 1983 að búa til nýja stétt auðmanna með því að afhenda þeim ókeypis aðgang að sameign þjóðarinnar í sjónum skipti sköpum. Þessi nýja stétt á sér enga hliðstæðu í okkar heimshluta nema rússneska fávalda og bandaríska fjármálafursta. Hvenær væri það sagt um danska, norska eða sænska stjórnmálamenn að það „jafngilti pólitísku sjálfsmorði að rísa upp gegn handhafa kvóta á landsbyggðinni“? – svo enn sé vitnað til fleygra ummæla Styrmis Gunnarssonar, fv. ritstjóra Morgunblaðsins. Við bættist á veldistíma bankanna árin fram að hruni að þingmenn tóku sumir risavaxin bankalán svo sem Rannsóknarnefnd Alþingis skýrði frá í skýrslu sinni 2010 (2. bindi, bls. 200-201). Sjö af tíu hæstu lánunum voru til þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Ekki er enn vitað hvort bankarnir afskrifuðu þessar skuldir eða ekki. Bönkunum fannst þetta þægileg tilhögun. Skv. nýrri könnun Gallups segjast 14% svarenda treysta bankakerfinu, enn færri en treysta þinginu.

**Glugginn er opinn**

Alþingi bauðst gullið tækifæri 2012 til að losna úr kæfandi faðmi útvegsfyrirtækjanna. Þá gat þingið sagt: „Þjóðin hefur talað. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar um nýja stjórnarskrá sýna að 83% kjósenda vilja ákvæði um auðlindir í þjóðareigu, ákvæði sem tryggir réttum eiganda arðinn af sameigninni í sjónum. Þingið þarf að virða þjóðarviljann.“ Þessu tækifæri kaus þingið að fleygja frá sér og heldur því áfram að uppskera lítilsvirðingu og vantraust fólksins í landinu. Glugginn er ennþá opinn. Það er ekki of seint að breyta rétt.

# Banki sem veitustofnun almennings



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Um allan heim eru bankar til sölu. Eins og málum háttar í hagkerfi heimsins þá er eftirspurn eftir bönkum lítil. En allt selst ef verðið er nógu lágt og það gildir einnig um íslensku bankana. Því er ekki óeðlilegt að efasemdir séu uppi um tilgang þeirra „hrægammasjóða“ sem nú eru líklegir kaupendur að íslensku viðskiptabönkunum að ekki sé minnst á hæfi þeirra til að reka banka.

Í sinni einföldustu mynd gegna bankar því hlutverki að vera greiðslumiðlun annars vegar og taka á móti innlánum til að lána út fé hins vegar. Greiðslumiðlunin verður sífellt einfaldari með aukinni tækni og fer nú orðið að mestu fram án þess að starfsmenn banka komi þar nærri, nema með óbeinum hætti. Því er það kjörið tækifæri nú að skipta t.d. öðrum ríkisbankanum í tvennt, líta á greiðslumiðlunina eins og hverja aðra veitustofnun á vegum hins opinbera, skilja aðra starfsemi bankans frá og sameina hana öðrum banka. Þá væri með greiðslumiðlunarhlutanum kominn sá „þjóðarbanki“ sem sinnti grunnþörf almennings fyrir greiðsluþjónustu sem er sú bankaþjónusta sem allir þurfa.

Hinn áhrifamikli hagfræðingur og dálkahöfundur Financial Times John Kay hefur boðað þetta sama þar sem hann segir í bók sinni „Other peoples money“:

„Greiðslukerfið er hluti þjónustunetsins, sem hnýtt er saman af rafveitu, fjarskiptakerfi og vatnsveitu, og heldur uppi félags- og efnahagslegri starfsemi.“

Þessi hugmynd kemur einnig heim og saman við hugmyndir fjármálaráðherra um seðlalaust samfélag en hugmyndin að baki því er að fækka möguleikum til undanskota frá skatti. Einnig er tækifærið núna á meðan bankakerfið er meira og minna í eigu ríkisins. Með „þjóðarbankanum“ væri ekki hægt að þröngva almenningi til að eiga viðskipti við einstaka banka og greiða þar færslugjöld og kostnað. Öllum stæði til boða heimabanki og greiðslukort sér að kostnaðarlausu í banka þjóðarinnar. Bankinn gæti rekið sig á vöxtum Seðlabankans þar sem innlán þjóðarbankans yrðu varðveitt. Þeir sem eiga fé aflögu og vilja leita hærri innlánsvaxta yrðu að fara með þær fjárhæðir annað. Útlánum yrði eins og áður sinnt af annars konar bönkum og lánastofnunum.

> Með „þjóðarbankanum“ væri ekki hægt að þröngva almenningi til að eiga viðskipti við einstaka banka og greiða þar færslugjöld og kostnað.


## VINNINGASKRÁ — HAPPDRÆTTI SÍBS

3. FLOKKUR 2017
útdráttur 7. mars 2017

Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000
14817

AUKAVINNINGAR kr. 100.000
14816 14818

PENINGAVINNINGAR Kr. 500.000
7158 28612 29161 31105 36312 46158 57861 65259 72657 79408

PENINGAVINNINGAR kr. 50.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 416 | 7440 | 15006 | 21199 | 27240 | 33495 | 40348 | 51222 | 55804 | 61380 | 69667 | 76190 |
| 437 | 8769 | 15081 | 21423 | 27822 | 33519 | 40688 | 51576 | 55843 | 61920 | 69886 | 76306 |
| 1299 | 9579 | 15170 | 21462 | 29082 | 33704 | 41240 | 51592 | 55951 | 62206 | 69916 | 76360 |
| 1480 | 9953 | 15174 | 21620 | 29251 | 33887 | 41531 | 51602 | 56351 | 62275 | 71181 | 76368 |
| 2059 | 10099 | 15559 | 21895 | 29323 | 35109 | 41653 | 52191 | 56583 | 62336 | 71448 | 76401 |
| 2109 | 10409 | 15628 | 21921 | 29420 | 35177 | 43531 | 52207 | 57460 | 62352 | 71979 | 76626 |
| 2272 | 11256 | 15685 | 22139 | 29445 | 35513 | 44093 | 52891 | 57805 | 63230 | 72116 | 76694 |
| 2540 | 12073 | 16101 | 22146 | 29587 | 36559 | 45130 | 53039 | 57877 | 63774 | 72433 | 76775 |
| 2636 | 12282 | 16297 | 22794 | 29832 | 36665 | 45304 | 53177 | 58310 | 64618 | 73023 | 76887 |
| 3280 | 12317 | 16354 | 23076 | 30585 | 36825 | 47373 | 53212 | 58454 | 64892 | 73028 | 77697 |
| 3351 | 12454 | 16905 | 23203 | 30659 | 36900 | 47683 | 53268 | 59117 | 65528 | 73314 | 78187 |
| 4567 | 12581 | 17278 | 23466 | 30906 | 37077 | 48343 | 53587 | 59236 | 66747 | 73399 | 78389 |
| 5092 | 12795 | 18667 | 24232 | 31260 | 37213 | 48780 | 54048 | 59748 | 66890 | 73618 | 78568 |
| 5527 | 13230 | 18678 | 24462 | 31455 | 37410 | 48971 | 54155 | 59762 | 66929 | 73642 | 78857 |
| 5562 | 13472 | 18901 | 24802 | 32290 | 37702 | 49417 | 54318 | 59889 | 67157 | 73879 | 78875 |
| 5728 | 13611 | 19039 | 24860 | 32379 | 37847 | 49897 | 54333 | 60061 | 67446 | 73883 | 79101 |
| 6164 | 13659 | 19398 | 25875 | 32435 | 38055 | 50061 | 54455 | 60758 | 67734 | 74250 | 79155 |
| 6808 | 14014 | 19903 | 25960 | 32556 | 38328 | 50211 | 54514 | 60990 | 68359 | 74570 | 79659 |
| 7105 | 14020 | 19911 | 26307 | 32923 | 38865 | 50781 | 54574 | 61036 | 68910 | 74670 | 79902 |
| 7305 | 14409 | 19995 | 26695 | 33107 | 40237 | 50884 | 54828 | 61158 | 69094 | 74797 | |
| 7369 | 14492 | 20149 | 26944 | 33161 | 40318 | 50930 | 54906 | 61229 | 69207 | 74891 | |

VÖRUÚTTEKT HJÁ HAGKAUPUM kr. 30.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 45 | 7669 | 15808 | 22487 | 28447 | 34819 | 41414 | 47544 | 53920 | 60222 | 67127 | 74349 |
| 319 | 7876 | 16005 | 22648 | 28546 | 34838 | 41437 | 47658 | 54100 | 60282 | 67210 | 74434 |
| 383 | 8334 | 16312 | 22873 | 28547 | 35021 | 41548 | 47768 | 54107 | 60450 | 67269 | 74866 |
| 481 | 8566 | 16838 | 22902 | 28669 | 35079 | 41878 | 47796 | 54133 | 60856 | 67485 | 74895 |
| 498 | 8668 | 16850 | 23004 | 28741 | 35232 | 41946 | 48207 | 54156 | 60868 | 67517 | 74952 |
| 637 | 8716 | 16921 | 23020 | 28908 | 35510 | 41989 | 48309 | 54227 | 61136 | 68353 | 75023 |
| 652 | 8852 | 17186 | 23277 | 28989 | 35548 | 42038 | 48489 | 54279 | 61232 | 68395 | 75075 |
| 698 | 8904 | 17187 | 23295 | 29088 | 35552 | 42053 | 48629 | 54313 | 61318 | 68623 | 75333 |
| 934 | 8983 | 17210 | 23513 | 29119 | 35588 | 42394 | 48747 | 54324 | 61372 | 68743 | 75432 |
| 1032 | 9239 | 17263 | 23594 | 29127 | 35666 | 42500 | 48770 | 54344 | 61385 | 68923 | 75638 |
| 1322 | 9243 | 17331 | 23655 | 29215 | 35684 | 42511 | 48814 | 54553 | 61509 | 68953 | 75705 |
| 1329 | 9281 | 17360 | 23950 | 29216 | 35698 | 42877 | 48913 | 54608 | 61862 | 68989 | 75825 |
| 1473 | 9301 | 17414 | 24043 | 29265 | 35894 | 43079 | 48923 | 54816 | 61902 | 69000 | 76181 |
| 1508 | 9355 | 17512 | 24108 | 29365 | 35905 | 43202 | 49022 | 55091 | 61983 | 69044 | 76244 |
| 1671 | 9535 | 17516 | 24186 | 29429 | 35920 | 43229 | 49027 | 55101 | 62082 | 69154 | 76271 |
| 2134 | 9822 | 17565 | 24248 | 29449 | 35933 | 43453 | 49034 | 55427 | 62094 | 69333 | 76536 |
| 2253 | 9908 | 17566 | 24342 | 29524 | 36249 | 43579 | 49207 | 55436 | 62236 | 69419 | 76637 |
| 2328 | 10003 | 17650 | 24401 | 29569 | 36288 | 43627 | 49370 | 56107 | 62242 | 69645 | 76667 |
| 2436 | 10086 | 17724 | 24413 | 30101 | 36314 | 43652 | 49452 | 56140 | 62494 | 70117 | 76683 |
| 2553 | 10148 | 17793 | 24417 | 30214 | 36988 | 43764 | 49543 | 56260 | 62753 | 70119 | 77344 |
| 2705 | 10227 | 17908 | 24612 | 30349 | 37032 | 43808 | 49604 | 56427 | 62942 | 70483 | 77366 |
| 2881 | 10422 | 18101 | 24659 | 30451 | 37260 | 43825 | 49613 | 56574 | 62963 | 70897 | 77375 |
| 3319 | 10644 | 18341 | 24699 | 30590 | 37473 | 43903 | 49815 | 56762 | 62988 | 71255 | 77608 |
| 3433 | 10711 | 18366 | 24817 | 30662 | 37493 | 43917 | 49830 | 56847 | 62998 | 71640 | 77880 |
| 3523 | 10811 | 18583 | 24900 | 30791 | 37585 | 44174 | 49965 | 57033 | 63216 | 71641 | 77882 |
| 3565 | 10834 | 18731 | 25031 | 30903 | 37617 | 44619 | 50005 | 57104 | 63475 | 71644 | 77939 |
| 3859 | 11291 | 18904 | 25097 | 31366 | 37876 | 44658 | 50213 | 57184 | 63524 | 71883 | 78135 |
| 3932 | 11379 | 18905 | 25106 | 31391 | 37987 | 44678 | 50263 | 57240 | 63555 | 71906 | 78211 |
| 4404 | 11427 | 18918 | 25249 | 31469 | 37995 | 44883 | 50302 | 57273 | 63570 | 71923 | 78256 |
| 4494 | 11441 | 19058 | 25660 | 31531 | 38018 | 44886 | 50321 | 57621 | 63593 | 72078 | 78377 |
| 4612 | 11460 | 19063 | 25688 | 31714 | 38164 | 45322 | 50370 | 57713 | 63638 | 72161 | 78650 |
| 4733 | 11465 | 19104 | 25710 | 31865 | 38230 | 45326 | 50386 | 57752 | 64167 | 72178 | 78922 |
| 4783 | 11657 | 19160 | 25736 | 31978 | 38242 | 45353 | 50501 | 57819 | 64512 | 72193 | 79239 |
| 4928 | 11756 | 19393 | 25745 | 32085 | 38252 | 45379 | 50579 | 57953 | 64745 | 72506 | 79300 |
| 5094 | 12208 | 19482 | 25775 | 32195 | 38486 | 45584 | 50673 | 58113 | 64819 | 72686 | 79301 |
| 5186 | 12523 | 19487 | 25828 | 32237 | 38533 | 45794 | 50898 | 58250 | 64979 | 72717 | 79317 |
| 5350 | 12718 | 20056 | 25924 | 32595 | 38709 | 45830 | 50964 | 58261 | 65019 | 72744 | 79418 |
| 5358 | 12732 | 20136 | 26018 | 32757 | 39296 | 45846 | 51324 | 58427 | 65064 | 73015 | 79428 |
| 5514 | 12911 | 20360 | 26169 | 33004 | 39310 | 46190 | 51453 | 58560 | 65129 | 73090 | 79513 |
| 5643 | 12920 | 20478 | 26203 | 33102 | 39331 | 46192 | 51583 | 58592 | 65235 | 73134 | 79514 |
| 5735 | 13020 | 20728 | 26364 | 33154 | 39535 | 46353 | 51660 | 58663 | 65333 | 73488 | 79636 |
| 5997 | 13094 | 20934 | 26488 | 33177 | 39595 | 46456 | 51726 | 58841 | 65513 | 73508 | 79736 |
| 6033 | 13152 | 21153 | 26513 | 33379 | 39626 | 46587 | 51781 | 58878 | 65520 | 73516 | 79798 |
| 6183 | 13203 | 21201 | 26613 | 33549 | 39666 | 46738 | 52265 | 58892 | 65552 | 73548 | 79868 |
| 6305 | 13738 | 21224 | 26879 | 33579 | 39725 | 46853 | 52335 | 59044 | 66018 | 73590 | 79964 |
| 6443 | 13822 | 21544 | 27053 | 33644 | 39848 | 46919 | 52371 | 59174 | 66029 | 73648 | |
| 6611 | 14120 | 21637 | 27063 | 33657 | 40079 | 47037 | 52485 | 59215 | 66302 | 73743 | |
| 6775 | 14338 | 21707 | 27203 | 34158 | 40263 | 47133 | 52644 | 59379 | 66371 | 73802 | |
| 6799 | 14755 | 21853 | 27251 | 34448 | 40424 | 47161 | 52663 | 59421 | 66426 | 73811 | |
| 6867 | 14761 | 22012 | 27387 | 34485 | 40614 | 47226 | 52862 | 59817 | 66442 | 73924 | |
| 7110 | 14890 | 22097 | 27620 | 34489 | 40853 | 47256 | 52977 | 59836 | 66471 | 73964 | |
| 7150 | 15119 | 22128 | 27921 | 34710 | 40859 | 47300 | 53106 | 59904 | 66643 | 73987 | |
| 7321 | 15285 | 22161 | 28047 | 34723 | 41046 | 47365 | 53343 | 60007 | 66953 | 74210 | |
| 7495 | 15315 | 22272 | 28188 | 34724 | 41085 | 47473 | 53752 | 60142 | 67037 | 74255 | |
| 7553 | 15603 | 22431 | 28315 | 34765 | 41146 | 47499 | 53903 | 60163 | 67071 | 74324 | |

PENINGAVINNINGAR kr. 20.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 28 | 6696 | 15288 | 22212 | 27703 | 33072 | 39677 | 46467 | 54558 | 60955 | 67707 | 74372 |
| 58 | 6797 | 15444 | 22248 | 27888 | 33183 | 39715 | 46569 | 54717 | 61194 | 67913 | 74441 |
| 198 | 7080 | 15650 | 22491 | 27895 | 33294 | 39797 | 46669 | 54807 | 61383 | 67916 | 74463 |
| 202 | 7230 | 15657 | 22549 | 27922 | 33381 | 39826 | 46831 | 54835 | 62012 | 68161 | 74483 |
| 362 | 7243 | 15660 | 22656 | 28065 | 33435 | 39870 | 46836 | 54878 | 62026 | 68169 | 74632 |
| 388 | 7441 | 15787 | 22691 | 28102 | 33439 | 39927 | 46848 | 55068 | 62208 | 68223 | 74646 |
| 537 | 7519 | 15810 | 22692 | 28105 | 33503 | 40005 | 46880 | 55124 | 62351 | 68228 | 74713 |
| 817 | 7597 | 15885 | 22697 | 28205 | 33518 | 40061 | 47466 | 55171 | 62358 | 68252 | 74719 |
| 900 | 7707 | 16006 | 22707 | 28300 | 33636 | 40265 | 47514 | 55390 | 62664 | 68267 | 74772 |
| 1075 | 7722 | 16105 | 22931 | 28316 | 33643 | 40461 | 47625 | 55395 | 62702 | 68480 | 74779 |
| 1179 | 8077 | 16460 | 22942 | 28377 | 33798 | 40529 | 47737 | 55410 | 62723 | 68605 | 74824 |
| 1298 | 8166 | 16552 | 23133 | 28382 | 33853 | 40571 | 47774 | 55431 | 62724 | 68830 | 74943 |
| 1414 | 8303 | 16653 | 23256 | 28394 | 33989 | 40769 | 47800 | 55503 | 62959 | 68903 | 75087 |
| 1417 | 8355 | 16744 | 23503 | 28543 | 34040 | 40783 | 47955 | 55755 | 62965 | 69069 | 75347 |
| 1474 | 8426 | 16923 | 23553 | 28558 | 34105 | 41044 | 48183 | 55817 | 63076 | 69148 | 75371 |
| 1877 | 8586 | 17005 | 23589 | 28628 | 34310 | 41083 | 48225 | 55826 | 63235 | 69215 | 75393 |
| 1980 | 8841 | 17064 | 23598 | 28633 | 34348 | 41087 | 48271 | 55839 | 63282 | 69295 | 75515 |
| 2189 | 8913 | 17089 | 23648 | 28755 | 34428 | 41120 | 48281 | 55908 | 63424 | 69367 | 75759 |
| 2201 | 9079 | 17180 | 23665 | 28819 | 34480 | 41261 | 48757 | 56129 | 63494 | 69388 | 75980 |
| 2248 | 9175 | 17228 | 23744 | 28865 | 34561 | 41336 | 48958 | 56187 | 63528 | 69429 | 76111 |
| 2262 | 9217 | 17291 | 23746 | 29018 | 34711 | 41436 | 48983 | 56355 | 63613 | 69463 | 76290 |
| 2327 | 9361 | 17313 | 23748 | 29129 | 34826 | 41449 | 49032 | 56443 | 63732 | 69507 | 76329 |
| 2408 | 9376 | 17541 | 23783 | 29171 | 35120 | 41512 | 49037 | 56492 | 63743 | 69523 | 76348 |
| 2463 | 9392 | 17577 | 23784 | 29273 | 35128 | 41528 | 49188 | 56676 | 63766 | 69528 | 76388 |
| 2502 | 9462 | 17586 | 23917 | 29338 | 35136 | 41598 | 49414 | 56758 | 63797 | 69566 | 76661 |
| 2581 | 9476 | 17702 | 23953 | 29376 | 35197 | 41727 | 49504 | 56885 | 63838 | 69607 | 76689 |
| 2859 | 9485 | 17922 | 24183 | 29407 | 35261 | 41740 | 49564 | 56908 | 63843 | 69611 | 76773 |
| 2879 | 9499 | 17945 | 24299 | 29409 | 35406 | 41811 | 49612 | 56921 | 64087 | 69651 | 76885 |
| 3015 | 9694 | 17991 | 24332 | 29425 | 35478 | 41879 | 49664 | 56937 | 64123 | 69705 | 76897 |
| 3051 | 9813 | 18167 | 24421 | 29619 | 35607 | 42012 | 49818 | 57142 | 64194 | 69720 | 77060 |
| 3054 | 9895 | 18228 | 24533 | 29697 | 35650 | 42051 | 49902 | 57294 | 64218 | 69775 | 77071 |
| 3261 | 10054 | 18453 | 24543 | 29748 | 35950 | 42272 | 49907 | 57319 | 64540 | 69782 | 77153 |
| 3409 | 10315 | 18497 | 24619 | 29824 | 35980 | 42300 | 49994 | 57360 | 64569 | 69883 | 77188 |
| 3692 | 10512 | 18612 | 24626 | 29916 | 36003 | 42361 | 50009 | 57483 | 64586 | 70168 | 77208 |
| 3707 | 10629 | 18987 | 24755 | 30017 | 36027 | 42462 | 50184 | 57488 | 64694 | 70194 | 77210 |
| 3722 | 10631 | 19014 | 24770 | 30104 | 36124 | 42730 | 50204 | 57699 | 64849 | 70231 | 77242 |
| 3742 | 11109 | 19098 | 24848 | 30187 | 36163 | 42791 | 50301 | 57724 | 64850 | 70234 | 77526 |
| 3858 | 11139 | 19124 | 24922 | 30218 | 36214 | 42854 | 50320 | 57749 | 65009 | 70252 | 77662 |
| 3882 | 11546 | 19138 | 25049 | 30240 | 36325 | 42892 | 50332 | 57986 | 65045 | 70461 | 77719 |
| 4119 | 11575 | 19187 | 25205 | 30388 | 36348 | 42929 | 50347 | 58031 | 65088 | 70647 | 77733 |
| 4330 | 11624 | 19314 | 25308 | 30504 | 36469 | 43032 | 50530 | 58061 | 65105 | 70705 | 77829 |
| 4450 | 11630 | 19381 | 25331 | 30547 | 36531 | 43133 | 50716 | 58182 | 65161 | 70858 | 77941 |
| 4460 | 11673 | 19409 | 25346 | 30624 | 36619 | 43305 | 50887 | 58217 | 65205 | 71055 | 78011 |
| 4546 | 11860 | 19429 | 25510 | 30754 | 36660 | 43420 | 50915 | 58245 | 65361 | 71066 | 78024 |
| 4766 | 11917 | 19613 | 25591 | 30787 | 36675 | 43470 | 50983 | 58260 | 65521 | 71069 | 78060 |
| 4784 | 12182 | 19631 | 25667 | 30853 | 36736 | 43474 | 51151 | 58376 | 65723 | 71109 | 78093 |
| 4926 | 12407 | 19853 | 25701 | 30989 | 36901 | 43478 | 51190 | 58478 | 65735 | 71244 | 78104 |
| 4974 | 12416 | 19881 | 25715 | 31189 | 36990 | 44109 | 51192 | 58606 | 65742 | 71429 | 78114 |
| 4983 | 12472 | 19898 | 25920 | 31308 | 37071 | 44153 | 51314 | 58705 | 65850 | 71508 | 78154 |
| 5219 | 12643 | 19969 | 26143 | 31371 | 37091 | 44167 | 51495 | 58765 | 65854 | 71524 | 78274 |
| 5296 | 12645 | 20059 | 26258 | 31403 | 37110 | 44229 | 51550 | 58807 | 65866 | 71645 | 78458 |
| 5297 | 12676 | 20064 | 26264 | 31419 | 37131 | 44309 | 51568 | 58890 | 65874 | 71665 | 78755 |
| 5323 | 12719 | 20180 | 26297 | 31432 | 37216 | 44389 | 51762 | 59014 | 65886 | 71787 | 78855 |
| 5370 | 12728 | 20194 | 26306 | 31511 | 37231 | 44478 | 52336 | 59021 | 65893 | 71980 | 78869 |
| 5428 | 12958 | 20226 | 26455 | 31590 | 37249 | 44548 | 52361 | 59027 | 66143 | 71989 | 78965 |
| 5450 | 12998 | 20243 | 26462 | 31624 | 37365 | 44772 | 52435 | 59201 | 66272 | 72105 | 79016 |
| 5475 | 12999 | 20327 | 26494 | 31712 | 37588 | 44816 | 52476 | 59297 | 66304 | 72396 | 79047 |
| 5551 | 13003 | 20520 | 26495 | 31734 | 37812 | 44909 | 52630 | 59397 | 66344 | 72552 | 79062 |
| 5581 | 13197 | 20576 | 26523 | 31986 | 37817 | 45271 | 52656 | 59416 | 66428 | 72598 | 79347 |
| 5594 | 13628 | 20678 | 26634 | 32017 | 37990 | 45450 | 52724 | 59612 | 66488 | 72652 | 79397 |
| 5761 | 13747 | 20703 | 26665 | 32035 | 38024 | 45483 | 53122 | 59906 | 66632 | 72715 | 79447 |
| 5840 | 13797 | 21000 | 26693 | 32083 | 38070 | 45640 | 53166 | 59909 | 66687 | 72911 | 79639 |
| 5912 | 13865 | 21114 | 26744 | 32135 | 38147 | 45662 | 53194 | 60083 | 66738 | 73009 | 79677 |
| 5930 | 13872 | 21273 | 27000 | 32161 | 38161 | 45737 | 53296 | 60165 | 66878 | 73098 | 79860 |
| 5960 | 13884 | 21376 | 27006 | 32174 | 38281 | 45768 | 53391 | 60170 | 66924 | 73137 | 79921 |
| 6000 | 14013 | 21474 | 27074 | 32183 | 38285 | 45864 | 53397 | 60199 | 66938 | 73192 | |
| 6101 | 14054 | 21479 | 27110 | 32233 | 38366 | 46021 | 53426 | 60265 | 67056 | 73198 | |
| 6185 | 14224 | 21581 | 27131 | 32267 | 38527 | 46033 | 53575 | 60289 | 67099 | 73246 | |
| 6198 | 14334 | 21683 | 27137 | 32354 | 38623 | 46140 | 53673 | 60334 | 67167 | 73522 | |
| 6226 | 14547 | 21696 | 27200 | 32451 | 38926 | 46186 | 53837 | 60356 | 67335 | 73683 | |
| 6263 | 14643 | 21732 | 27220 | 32593 | 39027 | 46251 | 54150 | 60659 | 67472 | 74044 | |
| 6393 | 14657 | 21743 | 27443 | 32625 | 39128 | 46321 | 54160 | 60690 | 67547 | 74140 | |
| 6413 | 15050 | 21858 | 27608 | 32831 | 39182 | 46357 | 54186 | 60769 | 67578 | 74145 | |
| 6503 | 15062 | 21901 | 27612 | 32878 | 39568 | 46369 | 54443 | 60850 | 67594 | 74249 | |
| 6529 | 15091 | 22152 | 27625 | 32993 | 39609 | 46420 | 54495 | 60913 | 67606 | 74336 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. mars 2017
Birt án ábyrgðar um prentvillur

# Ríkisfjármálastefnan tekur ekki á vandanum – vantar tugi milljarða



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir
þingmaður VG

**Það er gott að leggja áherslu á að greiða niður skuldir og minnka vaxtakostnað en um leið er ekki hægt að vanrækja innviðina.**

Þessa dagana fjallar Alþingi um fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar. Sú stefna leggur línurnar um það sem koma skal á næstu fimm árum í ríkisfjármálum, t.d. hversu mikið svigrúm er ætlað til fjárfestinga og viðhalds í heilbrigðismálum, samgöngumálum og menntakerfinu, svo eitthvað sé nefnt.

Það verður því miður að segjast að ríkisfjármálastefnan gengur engan veginn upp miðað við þau verkefni sem við stöndum frammi fyrir í þessum málaflokkum. Samgönguáætlun er sögð vera vanfjármögnuð um 10 milljarða en að mati greiningadeildar Arion banka er uppsöfnuð fjárfestingarþörf í vegakerfinu yfir 20 milljarðar og hefur verið það frá ársbyrjun 2016.

En það er ekki bara uppsöfnuð þörf í vegakerfinu, heldur líka í öðrum innviðum eins og heilbrigðis- og menntamálum og sú stefna sem ríkisstjórnin hefur lagt fram tekur ekki á þessari vanfjármögnun. Þarna munar tugum milljarða og því er óásættanlegt að samþykkja ríkisfjármálastefnuna óbreytta.

**Það eru til fjármunir – sækjum þá**

Það er gott að leggja áherslu á að greiða niður skuldir og minnka vaxtakostnað en um leið er ekki hægt að vanrækja innviðina. Það þarf að auka tekjur ríkissjóðs til að mæta þeim þörfum og það verður ekki bara gert með stöku vegtollum út frá höfuðborginni. Það þarf að styrkja tekjuöflunarkerfi ríkisins með réttlátum hætti þar sem leggja þarf áherslu á að hlífa lág- og millitekjuhópum. Það er hægt að gera með því að hækka auðlindagjöld og kolefnisgjald, setja á komugjöld og auðlegðarskatt og efla skatteftirlit enn frekar. En ríkisstjórnin heykist á því að styrkja tekjustofna ríkissjóðs sem eru í járnum þegar tillit er tekið til hagsveiflunnar líkt og fjármálaráðuneytið hefur varað við.

Vanræksla uppbyggingar innviða nú er ávísun á umtalsvert meiri kostnað til framtíðar sem getur ekki talist skynsamlegt.

Það eru til fjármunir – sækjum þá.

# Feigðarflan og frjáls vilji



Árni Páll Árnason
lögfræðingur, sat á Alþingi þegar atkvæði voru greidd um ákærur í Landsdómsmálinu

Það er fagnaðarefni að forseti Íslands skuli hafa tjáð sig um Landsdómsmálið með afgerandi hætti og tekið af skarið um að það hafi verið „feigðarflan að nýta forn og úrelt ákvæði um Landsdóm“. Í umræðu undanfarinna daga hefur nokkuð borið á því að fréttamenn staðnæmist við lögin um Landsdóm og fjalli einungis um þá staðreynd að þau hafa ekki verið afnumin, rétt eins og lögin um Landsdóm beri ábyrgð á þessari hörmungarsögu allri en ekki þeir sem kusu að beita þeim. Ekkert er fjær sanni. Rétt eins og ráða má af orðum forsetans var það í valdi Alþingis að nýta þessi fornu og úreltu ákvæði eða ekki.

Það var til dæmis engin lagaskylda á neinum þingmanni að leggja til eða styðja ákæru á hendur fyrrverandi utanríkisráðherra fyrir brot í starfi, án nokkurrar undangenginnar rannsóknar. Sérfræðingarnir sem unnu Rannsóknarskýrsluna höfðu meira að segja þvert á móti komist að þeirri niðurstöðu að hún hefði ekki brotið starfsskyldur sínar. Með því að leggja til og greiða atkvæði með ákæru á hendur henni voru brotin á henni þau mannréttindi að þurfa ekki að sæta ákæru án rannsóknar, sem eru grundvallarréttindi í öllum lýðræðisríkjum. Atkvæði greitt ákæru gegn henni var því atkvæði greitt með pólitískri ákæru án undangenginnar rannsóknar, sem er nokkuð sem við höfum gagnrýnt ótæpilega í öðrum löndum sem við viljum ekki bera okkur saman við. Þessi framganga var ekki lögum um Landsdóm að kenna.

Þingmannanefnd sem fjallaði um Rannsóknarskýrsluna var falið að gera tillögur til Alþingis um viðbrögð þingsins við skýrslunni. Meirihluti nefndarmanna ákvað að leggja til ákærur á hendur ráðherrum fyrir að hafa sýnt hirðuleysi og vanrækslu í aðdraganda hruns. Í umræðum um ákærurnar kom

**Þegar atkvæði voru greidd um ákærurnar sagði ég í atkvæðaskýringu að hér myndu eiga við hin fornu orð að skamma stund yrði hönd höggi fegin. Það hefur ræst. Nýtt Alþingi myndi gera vel með því að biðja þá afsökunar sem voru bornir sökum í þessu dæmalausa máli.**

samt aldrei fram lýsing á neinum þeim aðgerðum sem hægt hefði verið að grípa til og ekki hefðu getað valdið þjóðinni tjóni, jafnvel þótt ákærendur byggju svo vel að geta nýtt sér eftiráspeki til að leggja dóm á framgöngu ráðherranna. Þvert á móti var þá þegar að verða ljóst hversu vel hafði verið að verki staðið við setningu neyðarlaganna og undirbúning þeirra og að þau hefðu afstýrt þjóðargjaldþroti, sem grannland okkar Írland horfðist þá í augu við vegna rangra viðbragða á sama tíma. Allt réttsýnt fólk hefði við þær aðstæður átt að geta komist að þeirri niðurstöðu að lagaheimildir um Landsdóm ættu einfaldlega ekki við um þá atburðarás sem þarna átti sér stað. Til þess hafði þingmannanefndin og allir þingmenn fulla heimild, þrátt fyrir lögin um Landsdóm. Sumir þingmenn kusu að komast að annarri niðurstöðu.

**Mikilvægara að biðjast afsökunar**

Í Rannsóknarskýrslunni var gagnrýnd harkalega sú lagahyggja að telja að það sem með einhverjum hætti sé að hægt að færa undir lagabókstaf sé siðferðilega gott og rétt, óháð öllu siðferðilegu mati. Það er í þeim anda að hengja ábyrgð á Landsdómsmálinu á forn og úrelt lagaákvæði um Landsdóm. Í Landsdómsmálinu tók meirihluti þingmannanefndar og margir þingmenn þvert á móti ákvörðun um að meta atburðarás með röngum hætti, finna sök þar sem engin var og beita ákæruvaldi án fullnægjandi rannsóknar. Enginn getur skotið sér á bak við lagabókstaf til að réttlæta það óréttlæti.

Þegar atkvæði voru greidd um ákærurnar sagði ég í atkvæðaskýringu að hér myndu eiga við hin fornu orð að skamma stund yrði hönd höggi fegin. Það hefur ræst. Nýtt Alþingi myndi gera vel með því að biðja þá afsökunar sem voru bornir sökum í þessu dæmalausa máli. Það væri ágætt fyrsta skref – og mikilvægara en að afnema forn og úrelt lagaákvæði.

# Það vantar hjúkrunarheimili fyrir aldraða!



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

**Lífeyrir sá sem stjórnvöld skammta öldruðum dugar ekki til framfærslu.**

Hagsmunamál aldraðra eru fleiri en kjaramálin. Hjúkrun og umönnun aldraðra skiptir einnig miklu máli. Á síðasta ári dvöldust 2.407 eldri borgarar, 67 ára og eldri, á hjúkrunarheimilum. Af þeim voru flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 1.372. Vistmönnum á hjúkrunarheimilum hefur fjölgað mikið eftir því sem þjóðin hefur elst. Árið 1998 voru 2.000 eldri borgarar á hjúkrunar- og dvalarheimilum aldraðra en árið 2015 voru þeir orðnir 2.710.

Það hefur verið mikið vandamál undanfarin ár hvað biðlistar eftir rými á hjúkrunarheimilum hafa verið langir. Biðtíminn eftir rými þar er nú rúmlega sex mánuðir skv. upplýsingum landlæknis. Það er alltof langur tími. Skilyrði fyrir því að fá vist á hjúkrunarheimili hafa verið hert. Nú verða allir, sem sækja um hjúkrunarheimili, að fá færni- og heilsumat. Í stuttu máli er það þannig, að enginn fær vist á hjúkrunarheimili í dag nema hann hafi áður nýtt öll úrræði, sem eru í boði fyrir þá, sem dveljast heima, svo sem heimahjúkrun og jafnvel hvíldarinnlögn á hjúkrunarheimili. Það þýðir, að ekki er sótt um hjúkrunarheimili fyrr en heilsan leyfir ekki að dvalist sé lengur í heimahúsi. Heilsunni getur hrakað ört þegar svo er komið og ef það dregst mjög lengi eftir það að fá rými á hjúkrunarheimili, jafnvel í sex mánuði, getur viðkomandi eldri borgari verið orðinn mjög slæmur til heilsunnar loks þegar hann fær inni á hjúkrunarheimili. Hann nýtur betur dvalar á hjúkrunarheimili, ef hann fær dvöl þar áður en hann er orðinn of heilsuveill.

Æskilegt er að eldri borgarar geti dvalist sem lengst í heimahúsum hjá ástvinum sínum. En þar eru einnig vandamál. Heimahjúkrun er undirmönnuð. Hún hefur ekki fengið nægilega fjármagn til þess að ráða mætti nægilega marga hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Það eru því bæði vandamál vegna skorts á hjúkrunarheimilum og vegna undirmönnunar í heimahjúkrun. Nauðsynlegt er að gera átak nú til þess að bæta úr hvoru tveggja. Stjórnvöld segja, að góðæri ríki í landinu og því ætti að vera kjörið tækifæri nú til þess að bæta úr þessu. Það er mikilvægara en að sýna afgang á fjárlögum.

Samandregið er ástandið í málefnum aldraðra þetta:

Kjör eldri borgara, sem eingöngu hafa lífeyri frá almannatryggingum, eru við hungurmörk. Lífeyrir sá sem stjórnvöld skammta öldruðum dugar ekki til framfærslu.

Aldraðir sem eru í þessum sporum, verða iðulega að neita sér um læknishjálp eða lyf. Það er til skammar fyrir land, sem kallar sig velferðarríki.

Skortur er á hjúkrunarheimilum og heimahjúkrun er undirmönnuð.

# Menntun fanga



Gylfi Þorkelsson
kennslustjóri FSu í fangelsum



Lóa Hrönn Harðardóttir
náms- og starfsráðgjafi FSu í fangelsum

Líklega er óhætt að slá fram þeirri alhæfingu að nám í fangelsum gegni lykilhlutverki í endurhæfingu fanga og möguleikum þeirra á að feta sig aftur inn í samfélagið. „Nám er besta betrunin“ er frasi sem oft er gripið til á tyllidögum – og margir hafa líka fyrir satt hversdagslega. Í skýrslu nefndar frá 2008, á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands og dóms- og menntamálaráðuneyta, um stefnumótun í menntunarmálum fanga, var þetta ein meginniðurstaðan. Og líklega eru flestir í okkar samfélagi sammála því að mikilvægast sé að í fangelsum fái einstaklingar tækifæri til að bæta sig en séu þar ekki eingöngu til að taka út refsingu.

Ef samstaða er um þetta tvennt ættu stjórnvöld að beita sér fyrir því að efla skólahald og menntun í öllum fangelsum í landinu. Með því að nýta fangelsisvist til að byggja upp einstaklinga skv. „betrunarstefnu“ vinnst margt; fyrst og fremst auðvitað aukin lífsgæði fjölmargra einstaklinga og fjölskyldna í víðum skilningi en einnig lækkuð endurkomutíðni í fangelsi, að ekki sé talað um allan sparnaðinn sem kæmi sér vel nú á þessum síðustu og verstu tímum þegar velferðarkerfið er í molum.

Tiltölulega lítið viðbótarfjármagn til skólastarfs í fangelsum, til að tryggja aukið námsframboð, sérkennslu og námsráðgjöf, bætta aðstöðu, s.s. ýmsan tæknibúnað, húsnæði og nauðsynleg tæki til fjölbreytts verknáms, myndi til lengri tíma litið spara margfalt meira.

Lögum samkvæmt eiga fangar rétt á því að stunda nám. Mikilvægt er að nemendur í fangelsum eigi þess kost að ljúka námi með starfsréttindum, hvort heldur er á skilgreindum brautum innan skólakerfisins eða hverju öðru námi sem í boði er. Einnig að nemendur í öllum fangelsum búi við sambærilegar aðstæður varðandi bókakost, námsgögn og tæknibúnað, m.a. til fjarnáms.

Ýmsar ytri aðstæður eru ekki á valdi nemenda í fangelsum. Þeir eru fluttir milli vistunarúrræða, oft með mjög skömmum fyrirvara, og þá er mikil hætta á því að þráðurinn í námi slitni. Því er nauðsynlegt að tryggja eins og kostur er samfellu og öryggi í námi og námsframboði. Þetta krefst samhæfingar og samstarfs allra sem að koma (Fangelsismálastofnunar, ráðuneyta, skóla, fagfólks, samtaka fanga) og sameiginlegrar stefnumörkunar.

**Bíðum enn eftir viðbrögðum**

Fyrir tveimur árum, þegar hilla fór undir að nýtt fangelsi á Hólmsheiði yrði opnað, höfu undirrituð greiningu og hugmyndavinnu að stefnumótun í þessum málaflokki og hafa í framhaldinu sótt ráðstefnur, skrifað margt bréfið og setið margan fundinn, m.a. með skólastjórnendum, forstöðumönnum fangelsa og Fangelsismálastofnunar, ráðherra menntamála og fleirum, þar sem jafnan hefur í orði komið fram áhugi á málefninu og vilji til framþróunar. Fyrstu lotu þessarar vinnu lauk fyrir

**Fangelsið á Hólmsheiði var vígt með pompi og prakt sl. vor og þar er smám saman að fjölga vistmönnum. Þar er lágmarksaðstaða til fjarnáms og nám er hafið í smáum stíl.**

u.þ.b. ári síðan með formlegu erindi frá FSu og Fangelsismálastofnun til ráðuneyta mennta- og dómsmála, þar sem óskað var eftir skipun starfshóps með þátttöku ofantalinna aðila til að móta heildarstefnu í menntunarmálum fanga í ljósi breyttra aðstæðna með tilkomu nýs, væntanlegs fangelsis á Hólmsheiði.

Fangelsið á Hólmsheiði var vígt með pompi og prakt sl. vor og þar er smám saman að fjölga vistmönnum. Þar er lágmarksaðstaða til fjarnáms og nám er hafið í smáum stíl – án þess þó að mótuð hafi verið stefna eða tekin ákvörðun á æðstu stöðum um framkvæmdina. Sannast sagna bíðum við enn eftir fyrstu viðbrögðum frá ráðuneytunum, og í framhaldinu, formlegum svörum við erindinu.

En ekki var tilgangur þessara skrifa að kvarta yfir stjórnsýsluframkvæmd, heldur að vekja athygli á góðum málstað og verðugum. Óskandi væri að stjórnvöld og nýkjörið þing sýndu honum verðskuldaðan áhuga svo innan fárra missera mætti sjá umtalsverðar úrbætur í menntunarmálum fanga, samfélaginu öllu til heilla. Undirrituð, „starfsmenn á plani“, hafa ýmsar nýtilegar hugmyndir og eru bæði reiðubúin til skrafs og ráðagerða og að taka til hendinni hvenær sem er.


AUSTUR INDÍA FJELAGIÐ KYNNIR
FIMM RÉTTA HÁTÍÐAR SEÐILL
9. MARS TIL 9. APRÍL
HOLI
6.990 KR. SUN-FIM
7.490 KR. FÖS-LAU
BORÐAPANTANIR: 552-1630
HVERFISGÖTU 56, 101 RVK
AUSTURINDIA.IS
OPNUNARTÍMI:
SUN-FIM 17:30 - 22:00
FÖS-LAU 17:30 - 23:00

# KRÓNAN

**Krónan mælir með!**

# 249 kr. kg

Ferskur ananas, Kosta Ríka

**Gott verð!**

**-20%**

# 399 kr. pk.

Vínber í öskju, 500 g. Suður-Afríka

**Verð áður ~~499~~ kr. pk.**

Tilboðin gilda til 12. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Gott verð!
999 kr. kg
Grísasíða í sneiðum, Spánn
Verð áður 1199 kr. kg
-20%
Krónan mælir með!
1895 kr. kg
Lambalærissneiðar
Verð áður 2369 kr. kg
999 kr. kg
Lamba mjaðmasteik
Verð áður 1199 kr. kg
SKYRTERTA FABRIKKUNNAR
2139 kr. pk.
Fabrikku Skyrterta, 700 g
12 stk. í pakka
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
GERÐU ÞINN EIGIN
FABRIKKUBORGARA
Hamborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar
1299 kr. pk.
2 stk. í pakka, 100% ungnautahamborgarar
FABRIKKU SMÁBORGARAR
Smáborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar
1999 kr. pk.
12 stk. í pakka, 100% hágæða smáborgarar
Tilboðin gilda til 12. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

## Heitt og klárt




Heill grillaður kjúklingur og 2 lítrar af Coca-Cola eða Topp

**1599** kr. tvennan

**Nýtt!**

Föstudagar eru pizzadagar

**3 FYRIR 2**

Af öllu pizzadeigi alla föstudaga




**435** kr. stk.
Shake & Pizza deig, ferskt

**489** kr. stk.
Shake & Pizza ostablanda

**449** kr. stk.
Shake & Pizza hvít sósa

**449** kr. stk.
Shake & Pizza pizzasósa

**689** kr. stk.
Shake & Pizza beikonsulta

Tilboðin gilda til 12. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Ódýrt**




# 239 kr. pk.

Hvítlauksbrauð, 3 stk. í pakka




Lasagne / Spaghetti Bolognese, 400 g

# 299 kr. pk.




# 329 kr. pk.

Tikka Masala / Green Curry, 400 g

**Ódýrt**




# 129 kr. pk.

Strengjabaunir, frosnar 400 g - 322 kr.kg

Tilboðin gilda til 12. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Að fyrirgefa – eða ekki

**Áslaug Árnadóttir, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Katrín G. Alfreðsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Þórlaug Sveinsdóttir**
eru í ráði Rótarinnar

Tilefni þessara greinaskrifa er fyrirlestur Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur og Tom Stranger ásamt bók þeirra, Handan fyrirgefningar. Tom nauðgaði Þórdísi Elvu þegar hún var unglingur.

**„Er ekki kominn tími til að fyrirgefa honum?“**
Marie M. Fortune, guðfræðingur og sérfræðingur í kynferðisofbeldi, segir að spurningin geti valdið sektarkennd hjá þolandanum. Þörfin eða löngunin til að fyrirgefa verður að vera algjörlega á valdi þolandans og allur þrýstingur á þolanda, í hvaða formi sem er, er ónærgætinn og óraunhæfur.

Oft er vísað til þess að fyrirgefningin sé hin kristilega lausn. Sólveig Anna Bóasdóttir segir í grein sinni Fyrirgefningin – er ekki alltaf svarið: „Að losna undan valdi persónu sem hefur meitt mann og sært er mjög erfitt og tal um fyrirgefningu hjálpar ekki alltaf í þeim aðstæðum. Ef gerandinn viðurkennir hvorki verknað sinn né reynir að bæta fyrir brot sitt ættum við, með stuðningi Nýja testamentisins, að sleppa öllu tali um fyrirgefningu.“

Í grein sinni The Politics of Forgiveness: How the Christian Church Guilt-Trips Survivors bendir Fred Keene á að í kröfunni um fyrirgefningu felist öflugt félagslegt taumhald sem viðheldur sekt þolandans og að krafan um fyrirgefningu hafi einnig fest rætur í ráðgjöf og meðferð fagaðila. Keene bendir á að í kristninni sé fyrirgefning alltaf veitt af þeim sem valdið hefur en ekki öfugt.

**Sáttaferli ekki alltaf rétta leiðin**
Í kynferðisofbeldi eins og öðru ofbeldi nær annar aðilinn valdi yfir hinum og í krafti þess valds beitir hann hinn aðilann ofbeldi. Kynferðisofbeldi er aldrei réttlætanlegt og aldrei þolandanum að kenna, ábyrgðin og sökin er ofbeldismannsins. Ekkert getur breytt því að afbrot var framið, nauðgun er og verður alltaf nauðgun.

Sáttaleiðin er ekki alltaf rétta leiðin þegar kemur að kynferðisofbeldi, segir Marie M. Fortune. Bera þurfi virðingu fyrir sársauka þolandans auk þess sem stærsta hindrun fyrir sáttargjörðinni er afneitun ofbeldismannsins. Þegar um sifjaspell er að ræða koma þau oft ekki í dagsljósið fyrr en eftir að gerandinn er látinn. Þá getur einnig verið að þolandi hafi enga löngun til að ná sáttum við nauðgara sem er henni ókunnugur.

**„Ekki vera svona reið!“**
Samfélög eiga stundum erfitt með að höndla reiði þolanda. Reyndar er það svo að reiði þolenda beinist því miður oftast að þeim sjálfum. Heilbrigð viðbrögð við því að brotið er gegn okkur ætti að vera reiði gagnvart þeim sem olli brotinu. Að leyfa sér að vera reiður gerandanum getur því verið merki um að þolandi sé kominn vel áleiðis í bataferlinu.

**Þolandans er valið og valdið**
Þolandinn er hvorki göfugri né hugaðri við það eitt að fyrirgefa gerandanum. Sumt fagfólk varar við því að þolandi fari á fund geranda með það fyrir augum að fá hann til að iðrast gjörða sinna. Í langflestum tilvikum þekkjast þessir einstaklingar og hættan er sú að þeir sem eru nákomnir standi með gerandanum. Þetta endurspeglaðist t.d. í þáttaröðinni Föngum.

Það er langt í frá tilgangur greinarhöfunda að gagnrýna sáttarferli Þórdísar og Toms en það gæti skapað falskar eða óraunhæfar væntingar hjá öðrum þolendum og upphafið hugmyndina um að fyrirgefningin sé sjálfsagður hluti uppgjörs við kynferðisofbeldi.

> **Þolandinn er hvorki göfugri né hugaðri við það eitt að fyrirgefa gerandanum. Sumt fagfólk varar við því að þolandi fari á fund geranda með það fyrir augum að fá hann til að iðrast gjörða sinna.**

# Tökum upplýsta ákvörðun



**Lára G. Sigurðardóttir**
læknir og fræðslustjóri Krabbameinsfélagsins

Frummælendur áfengisfrumvarpsins segja gjarnan að árangursríkasta leiðin til að sporna gegn óhóflegri neyslu áfengis sé fræðsla og forvarnir og að það sé deilt um það hvort sala áfengis í verslunum leiði til aukinnar og jafnvel óhóflegrar neyslu áfengis.

Að gefnu tilefni er ástæða til að ítreka að í skýrslum og fræðigreinum um lýðheilsuaðgerðir kemur mjög skýrt fram að áfengisneysla eykst með auknu aðgengi í matvörubúðum, sérstaklega hjá ungmennum og þeim sem kunna verst með áfengi að fara. Fræðsla er mikilvæg en dugar ekki ein og sér.

Árangursríkustu forvarnirnar eru: 1) Takmörkun á aðgengi; 2) Neyslustýringarskattur, og; 3) Bann við auglýsingum. Sumir þingmenn – vonandi í minnihluta – vilja nú virða að vettugi tvær mikilvægustu forvarnirnar af þremur.

Lög eru venjulega sett til að þjóna hagsmunum þjóðfélagsins. Hvaða hagsmunum þjónar frumvarpið um breytingar á áfengissölulögunum þegar lítill minnihluti samfélagsins vill áfengi í búðir? Það er algjörlega óásættanlegt ef þingmenn taka eigin hagsmuni og hagsmuni matvöruverslanaeigenda fram yfir hagsmuni samfélagsins og hagsmuni æskunnar. Fyrirkomulagið í dag hefur reynst okkur vel og samkvæmt samanburðartölum OECD er neysla áfengis með því minnsta hér á landi. Afneitum ekki staðreyndum. Við getum gert svo miklu betur.

> **Það er algjörlega óásættanlegt ef þingmenn taka eigin hagsmuni og hagsmuni matvöruverslanaeigenda fram yfir hagsmuni samfélagsins og hagsmuni æskunnar.**

# Er skuld við þjóðvegina forgangskrafa?



**Ari Teitsson**
vegfarandi

Þjóðvegir landsins eiga sér árhundraða sögu, þeir hafa verið byggðir upp og þeim við haldið af þegnunum samkvæmt lagafyrirmælum og svo er enn þótt þeir beri nú önnur skráningarnöfn. Þannig munu í lögum ákvæði um að hluti gjalda af bifreiðaeldsneyti, hluti þungaskatta af bifreiðum og hluti innflutningsgjalda af bifreiðum skuli renna til uppbyggingar og viðhalds vega.

Í upphafi þessarar aldar þ.e. til 2008 var uppbygging og viðhald vegakerfisins í viðunandi farvegi þótt vissulega væru ekki allir ánægðir.

Við hrunið 2008 breyttist geta samfélagsins mjög til hins verra. Talið er að kostnaður ríkisins (þegnanna ) af hruninu hafi numið 500-700 milljörðum og þurfti víða að leita fanga til að mæta því. Óhjákvæmilegt reyndist þá að skera mjög niður framlög til uppbyggingar og viðhalds þjóðveganna þótt gjaldtaka af bifreiðaeigendum breyttist ekki.

Því má með nokkrum rétti halda því fram að ríkið hafi fengið neyðarlán hjá þjóðvegunum á árabilinu 2009 til 2014. Ekki verður hér reynt að meta heildarupphæð lánsins en sé miðað við vegafé fyrir hrun og á fjárlögum ársins 2017 annars vegar, og vegafé 2009-2014 hins vegar, nemur upphæðin væntanlega einhverjum tugum milljarða.

Sem betur fer voru ekki öll framlög ríkisins í kjölfar hrunsins tapað fé. Þannig mun ríkið t.d. hafa lagt Arion banka til um 50 milljarða sem horfur eru á að verði endurgreiddir að fullu á næstu mánuðum. Því vakna nú eðlilega spurningar um hvernig eigi að ráðstafa því fé. Flestir virðast sammála um að fénu skuli varið til að greiða niður skuldir, en hvaða skuldir?

Við skuldauppgjör er skuldum jafnan skipt í forgangskröfur (sem greiða skal fyrst) og almennar kröfur. Skuldin við þjóðvegina hefur leitt til þess að nýbyggingar vega hafa verið mjög takmarkaðar frá hruni og viðhaldi ábótavant.

Þetta er óviðunandi og þó enn verra fyrir mjög aukið álag á vegi landsins vegna aukins fjölda ferðamanna. Þessir ferðamenn eru í raun bjargvættir þjóðarinnar og meginskýring þess hve efnahagur þjóðarbúsins hefur batnað hratt. Ætla má að ástand þjóðveganna sé eitt alvarlegasta vandamálið varðandi þjónustu við ferðamenn og líklegast til að spilla orðspori okkar.

Veigamikil rök hníga þannig að því að skuldin við þjóðvegina sé forgangskrafa sem greiða skuli á undan öðrum kröfum, sé svo ætti að nýta a.m.k. hluta þess fjár sem fæst við sölu Arion banka til sérstaks átaks í vegagerð óháð nýsamþykktum fjárlögum.

> **Skuldin við þjóðvegina hefur leitt til þess að nýbyggingar vega hafa verið mjög takmarkaðar frá hruni og viðhaldi ábótavant.**

# Göngum þá skrefi framar



**Teitur Björn Einarsson**
þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi

Á undanförnum dögum hefur komið fram að töluverða fjármuni skortir í fjárlögum yfirstandandi árs til að hægt verði að ráðast í brýnar vegaumbætur víðs vegar um landið í samræmi við nýsamþykkta samgönguáætlun.

Vart þarf að fjölyrða að samgöngukerfið er ein grundvallarforsenda öflugs atvinnulífs og búsetugæða. Niðurskurður á framkvæmda- og viðhaldsfé til vegamála á árunum eftir hrun samhliða nú stórauknum fjölda ferðamanna á vegum úti hefur haft þau áhrif að þrátt fyrir aukin framlög til nýframkvæmda og viðhalds á undanförnum árum er ástandið enn langt í frá boðlegt.

Skiptir engu hvar borið er niður. Þjóðvegur 1 á sunnanverðum Austfjörðum getur trauðla kallast þjóðvegur hvað þá vegur númer eitt. Þá er ekki í boði að löngu tímabær uppbygging á vegleysum á Vestfjörðum frestist enn frekar. Sem dæmi eru tafir á framkvæmdum á Vestfjarðarvegi nr. 60 um Gufudalssveit ein samfelld hörmungarsaga sem spannar um hálfan annan áratug. Ýmsa aðra vegkafla á Snæfellsnesi og í Dölum, í Húnavatnssýslum, á Suðurlandi eða í Borgarfirði mætti lengi áfram telja.

Ef sverð þitt er stutt, gakktu þá skrefi framar. Þessi gamla speki þegar eitthvað þykir á skorta á vel við hér. Það verður ekki mikið lengur búið við óviðunandi ástand vegakerfisins og því blasir við að leita þarf lausna til að ná frekari árangri í að byggja upp vegi landsins. Sú uppbygging verður að ganga hraðar en ráðgert er.

En hvar er hægt að stíga skrefi framar til að bæta það sem upp á vantar? Nærtækast er að ríkisstjórnin svari því hvort tilefni gefist til nýrra ákvarðana um fjármögnun vegaframkvæmda við endurmat á forsendum fjárlaga 2017 vegna framlagningar ríkisfjármálaáætlunar til næstu fimm ára nú í lok mars. Fordæmin fyrir þess háttar ákvörðunum eru til staðar. Benda má á í því sambandi að fjárlög 2017 voru sett undir afar óvenjulegum kringumstæðum og tímapressu á Alþingi fyrir áramót og því viðbúið að endurskoða þurfti ýmsa viðkvæma þætti þess á árinu.

Þá er samgönguráðherra á réttri leið úr þröngri stöðu með því að setja umræðu um veggjöld að nýju af stað og samstarf með einkaaðilum um fjármögnun verkefna. Þannig væri hægt að flýta fyrir stórum og nauðsynlegum framkvæmdum til og frá höfuðborginni og búa jafnframt til fjárhagslegt svigrúm fyrir ríkið til að ráðast hraðar í aðrar framkvæmdir víðs vegar á landsbyggðinni. Tæma verður þá umræðu sem fyrst og taka jafnframt mið af ýmsum viðkvæmum álitaefnum sem þar skjóta upp kollinum. Aðalatriðið í þeirri umræðu er að hún sé sett í rétt samhengi; að leita leiða um hvernig við getum byggt upp vegakerfi landsins hraðar en fram kemur í núverandi ríkisfjármálaáætlun.

**Tiltekt**
En verulegur árangur í uppbyggingu samgönguinnviða á næstu tveimur til fjórum árum getur náðst ef ráðist verður í umfangsmikla tiltekt á efnahagsreikningi ríkissjóðs til að lækka skuldir og losa um fé. Of mikið af fjármunum ríkissjóðs er bundið fast í ýmsum verkefnum sem ekki geta öll talist jafn nauðsynleg samgönguinnviðum og einnig verkefnum sem aðrir væru betur til þess fallnir að fjármagna en ríkið.

Hátt í 500 milljarðar af fé ríkisins er bundið í eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum. Með vandaðri og skipulagðri sölu á stórum hluta þeirra eigna má losa um mikið fé til að greiða niður skuldir ríkissjóðs og spara þannig tugi milljarða á ári hverju í vaxtagreiðslur. Þannig skapast alvöru svigrúm til að styrkja grunnþjónustuna og byggja upp innviði. Fleiri dæmi er hægt að nefna um rekstur sem losa mætti ríkið úr og verja afrakstrinum til að hraða uppbyggingu samgöngumannvirkja. Til dæmis verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem varla getur talist til grunnþjónustu af hálfu ríkisins og einnig gætu allt að sex milljarðar áunnist með því að selja eignir ÁTVR.

Sumar þessara hugmynda þykja umdeildar og ólíklegt að hægt verði að losa um allar þessar eignir og draga úr umsvifum á skömmum tíma. En með einhverjum hætti verður að stíga skrefi framar, og það fljótt, ef raunverulegur vilji er hjá þingheimi og ríkisstjórn til að ráðast af krafti í nauðsynlegar samgönguumbætur. Tillögur um að draga úr umsvifum ríkisins í minna mikilvægum verkefnum, greiða niður skuldir til að spara vaxtagreiðslur og fjárfesta þess í stað í samgönguinnviðum eru einfaldlega valkostir í stöðunni sem nauðsynlegt er að horfa til.

> **Þá er samgönguráðherra á réttri leið úr þröngri stöðu með því að setja umræðu um veggjöld að nýju af stað og samstarf með einkaaðilum um fjármögnun verkefna. Þannig væri hægt að flýta fyrir stórum og nauðsynlegum framkvæmdum til og frá höfuðborginni og búa jafnframt til fjárhagslegt svigrúm fyrir ríkið til að ráðast hraðar í aðrar framkvæmdir víðs vegar á landsbyggðinni.**

**500**
**Hátt í 500 milljarðar af fé ríkisins er bundið í eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum.**

Glæsilegt úrval á pier.is




# 20% AFSLÁTTUR AF HÚSGÖGNUM



## 50% AFSLÁTTUR AF PÚFFUM



## 20% AFSLÁTTUR AF KÖRFUM



SLING STÓLL
leður
Áður 49.990,-
NÚ 39.920,-



PÚFF leður
Áður 19.990,-
NÚ 9.995,-





the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Bjarni Ben stjórnmálasnillingur?



**Sverrir Björnsson**
hönnuður

**Bestu kostir stjórnmálamanns eru þó heilindi og að fólk viti hvert erindi hans er.**

Við sem erum ósammála Bjarna Ben í pólitík hljótum þó að viðurkenna að enginn er honum sleipari nú um stundir. Maðurinn hefur alla hljóma hins pólitíska tónstiga á valdi sínu, frá ljúfasta þyt yfir í gjallandi stríðslúðra.

Það er langt síðan við sáum Bjarna spila á allra fínustu strengina, er hann táraðist í sjónvarpssal og hélt þannig velli fyrir Hönnu Birnu. Hneykslismál sem myndu enda feril flestra stjórnmálamanna hrindast af honum eins og fitubrák af teflonpönnu; Milljarða afskriftir, einkavinavæðing og Panamaskjöl, ekkert skilur eftir blett á bláu jakkafötunum.

Í síðustu kosningum sáum við bálreiða Bjarna húðskamma fréttamenn í sjónvarpsumræðum fyrir að spyrja út í svik hans í stórmáli síðustu kosninga, ESB þjóðaratkvæðagreiðsluna. Augnabliki síðar var mjúki Bjarni mættur segjandi mildum rómi að nú væri einmitt kominn tími á að fátækir og sjúkir nytu góðærisins. Það breyttist þó strax á kosninganóttina þegar ljóst var að Lækjarbrekkuhrærigrauturinn náði ekki sínum vísa kosningasigri. Síðan fengum við að sjá brosmilda Bjarna á stuttermabolnum sjarmera Óttarr Proppé inn í einkavæðingarríkisstjórnina. Það var reyndar létt verk því einn ekki síður klókur, Benedikt frændi, kom ríðandi í hlað með Óttar í taumi.

Nýjustu tóndæmin eru að ljúfi Bjarni telur mjög miður að stóru skýrslurnar tvær – sem hann stakk sjálfur undir stól – hafi ekki komið fram fyrr!? Þá setur hann í brýrnar og segir algjörlega fráleitt að það hefði haft áhrif á kosningarnar ef fólk hefði vitað að Sjálfstæðisflokkurinn greiddi með skipulegum hætti efnuðu fólki leið til skattaundanskota með því að innleiða ekki CFC og að 86% af skuldaleiðréttingunni fór til ríkari helmings þjóðarinnar. Bjarni er rétti maðurinn á tímum sjálfvalins sannleika, háll sem áll og fréttafólk nær engu taki á honum.

Bestu kostir stjórnmálamanns eru þó heilindi og að fólk viti hvert erindi hans er. Bjarni Ben hefur aldrei minnist einu orði á raunverulegt erindi Sjálfstæðisflokksins: Að verja og efla auð og völd baklands síns.

Þá eru nú vinstriflokkarnir heiðarlegri, þeirra erindi liggur alveg ljóst fyrir:

Að verja og efla auð og völd baklands síns.



# TR-væðum samfélagið allt!



**Borgþór S. Kjærnested**
lífeyrisþegi. (þegi = ölmusuþegi, styrkþegi)

**Lítið brot af íbúum samfélagsins þarf enn um sinn að vera undir eftirliti TR, meirihlutinn þarf ekkert á TR að halda! Sá hópur hefur þegar „nóg“ til hnífs og skeiðar og þarf ekki að vera með í félagslega kerfi annarra landsmanna.**

Til ráðherra, þingmanna og annarra samningsaðila vinnumarkaðarins!

Stjórnmálamenn landsins hafa falið Tryggingastofnun að ýmist jafna, skerða eða bæta kjör fólks sem annaðhvort er á ákveðnum aldri eða býr við tilteknar félagslegar aðstæður. Nú stefnir í að miklum árangri hafi verið náð. Lítið brot af íbúum samfélagsins þarf enn um sinn að vera undir eftirliti TR, meirihlutinn þarf ekkert á TR að halda! Sá hópur hefur þegar „nóg“ til hnífs og skeiðar og þarf ekki að vera með í félagslega kerfi annarra landsmanna.

Til að allir sitji við sama borð og njóti jafnréttis mætti taka upp TR-kerfið um allt samfélagið. Það mætti best gera þannig:

Launamaður með 400.000 kr. fastakaup eftir skatt. Viðkomandi vinnur 25 klst. yfirvinnu +200.000 kr. eftir skatt samtals 600.000 kr. Þá skerðast föstu launin um 150.000 kr. þar sem TR mundi sættast á 25.000 kr. nettó frítekjumark yfirvinnu. Eftir eru 450.000 kr. nettó.

Með samsvarandi hætti skertust föst laun vegna dagpeninga, aukagreiðslna, arðgreiðslna og annarra hlunninda.

Þannig mundi öll yfirvinna minnka verulega, of miklu vinnuálagi linna, dregið yrði úr streituröskun og almennt heilsufar landsmanna væntanlega batna.

Við hver áramót kæmi svo ýmist greiðsla frá TR vegna of mikilla skerðinga eða krafa um aukagreiðslu til TR vegna ofgreiðslna.

Þannig sætu allir við sama borð og þeir sem eldri eru, sem nú ganga með angist og kvíðaköst af ótta við „glaðninginn“ frá TR um hver jól og áramót.

Vonandi taka þingmenn á sig rögg og laga þetta sem fyrst.

# Dóttir mín á möguleika á eðlilegu lífi



**Einar Hjaltason**
kerfisfræðingur, eiginmaður og aðstandandi endómetríósusjúklinga

**Fái endómetríósa óáreitt að grassera í kviðarholi sjúklings í lengri tíma getur hún valdið óbætanlegum skaða á líffærum sjúklings og aukið líkur á ófrjósemi.**

Endómetríósa er krónískur, sársaukafullur móðurlífssjúkdómur. Sjúkdómurinn getur haft gríðarleg áhrif á lífsgæði þeirra kvenna sem sjúkdóminn hafa. Meðal einkenna geta verið miklir verkir, vandamál og verkir tengt meltingunni, ófrjósemi, ógleði og síþreyta. Konur með endómetríósu eru einnig líklegri en aðrar konur til að fá vefjagigt, skjaldkirtilsóreglu, auk andlegra erfiðleika svo eitthvað sé nefnt. Sjúkdómurinn er mjög lúmskur og verkirnir geta komið fyrirvaralaust sem oft endar með spítalaferð sjúklings til verkjameðhöndlunar.

**Rétti læknirinn**

Margar konur sem hafa þennan sjúkdóm hafa gengið á milli lækna til þess að leita sér aðstoðar án þess að fá greiningu. Hér er ekki verið að gera lítið úr þeim læknum sem ekki hafa greint endómetríósu hjá sjúklingum sínum heldur verið að sýna fram á hversu lúmskur og erfiður sjúkdómurinn getur verið. Að komast að hjá rétta lækninum tímanlega getur skipt sköpum fyrir framtíð sjúklingsins. Fái endómetríósa óáreitt að grassera í kviðarholi sjúklings í lengri tíma getur hún valdið óbætanlegum skaða á líffærum sjúklings og aukið líkur á ófrjósemi.

Dóttir okkar hjóna er lýsandi dæmi um þá erfiðleika sem fjölskyldur lenda í þegar þessi sjúkdómur gerir vart við sig. Þegar hún byrjaði á blæðingum 11 ára gömul fór fljótlega að bera á miklum verkjum hjá henni sem höfðu mikil áhrif á hennar daglega líf og í raun alla fjölskylduna. Hún missti mikið úr skóla og eyddi löngum stundum í rúminu. Verkjalyf voru tekin í stórum skömmtum með misgóðum árangri. Oft þurfti að sækja hana í skólann þar sem hún lá á gólfinu og engdist um. Hún fór nokkrar ferðir með sjúkrabíl inn á Barnaspítala þar sem hún var sprautuð niður. Nokkrum sinnum leið yfir hana og hún kastaði upp af verkjum.

Lífsgæðin voru ekki mikil á þessum tíma. En þegar hún var 18 ára komst hún til rétta læknisins. Sá læknir skar hana upp og í kviðarholsspegluninni var staðfest að hún væri með endómetríósu. Dóttir mín fékk í framhaldinu viðeigandi meðferð og ráðgjöf sem gjörbylti hennar lífi. Í dag lifir hún nokkuð eðlilegu lífi þó sjúkdómurinn minni stundum á sig en þó í miklu minni mæli en áður.

**Göngudeild**

Þar með er þessu þó ekki lokið. Það sem endómetríósa er krónískur sjúkdómur verður hann alltaf til staðar. Að hafa aðgang að sérfræðingum í þessum sjúkdómi er ómetanlegt. Samtök um endómetríósu hafa átt gott samtal og samstarf við stjórnendur Kvennadeildar við Landspítalann. Á fundum okkar var stofnun göngudeildar fyrir konur með endómetríósu og króníska kviðarholsverki á Kvennadeild Landspítalans meginumræðuefnið. Er það von okkar að samstarfið skili árangri.

Dagana 4. til 10. mars er vika endómetríósu.

Frekari upplýsingar um endómetríósu er að finna á www.endo.is.

Staða kvenna með endómetríósu innan heilbrigðiskerfisins: Lífsgæði og meðferðarúrræði https://www.facebook.com/events/816152245205837/

# Að vaða elginn og hóta VSV



**Sigurgeir B. Kristgeirsson,**
framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf.

**Hvort Vinnslustöðin er vel eða illa rekin skiptir engu máli í þessari umræðu en að gefnu tilefni má nefna að á dögunum lýsti Creditinfo hana fyrirmyndartæki, þriðja árið í röð.**

Til allrar lukku er Kristinn H. Gunnarsson ekki húsasmiður því þá myndi hann lesa sentimetra og tommur til skiptis af mælistokknum sínum, allt eftir því hvað honum þætti henta hverju sinni í sama verkinu. Hætt er við að húsin hans yrðu fyrir vikið ekki endilega hornrétt og innréttingar myndu hvergi passa í ætluð rými. Mælikvarðar eru nauðsynlegir en það verður að kunna að brúka þá.

Í Fréttablaðinu 2. mars víkur Kristinn að skrifum mínum í sama blaði 28. febrúar og ruglar saman framlegð (EBITDA), framlegðarhlutfalli og rekstrarafgangi í skattaspori KPMG.

Í fyrsta lagi er Kristinn H. í málflutningi sínum á svipuðum slóðum og til dæmis Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, sem aldrei skildi mun á hagnaði og framlegð frekar en svo margir stjórnmálamenn. Frá framlegð dragast fjármagnskostnaður, skattar og gjaldfærðar afskriftir og þar kemur hagnaðurinn sem fellur í hlut hluthafa og nýtist til afborgana lána, nýfjárfestinga eða útgreiðslu arðs. Þetta ætti maður með mikla reynslu í stjórnmálum og störfum Alþingis og stjórnsýslu að vita. Á vefjum DV og BB má sjá að Kristinn hafi numið hagfræði og stjórnmálafræði að þingmennsku lokinni, auk BS-náms í stærðfræði í HÍ á yngri árum. Þess vegna verður að ætlast til þess að hann skilji lykilhugtök og beri saman sambærilegar tölur!

Hvort Vinnslustöðin er vel eða illa rekin skiptir engu máli í þessari umræðu en að gefnu tilefni má nefna að á dögunum lýsti Creditinfo hana fyrirmyndartæki, þriðja árið í röð. Árið 2016 var Vinnslustöðin í 35. sæti best rekinna fyrirtækja landsins af alls 35.000 fyrirtækjum sem Creditinfo kannaði. Creditinfo gerir strangar kröfur í mati sínu og færir rök fyrir niðurstöðum en Kristinn H. veður elginn í eigin orðaleppum.

Í öðru lagi nýtir Kristinn hlutfallstölur frá Hagstofu Íslands um uppsjávarveiðar og vinnslu sem honum þykir sér henta. Upplýsingar Hagstofu Íslands byggjast á úrtakstölum um sjávarútveg, þar á meðal frá Vinnslustöðinni. Hann talar annars vegar um hreinan hagnað, sem er reiknuð stærð hjá Hagstofunni, og hins vegar um framlegð sem byggist á upplýsingum frá hluta sjávarútvegsfyrirtækjanna eftir því hvað á við hverju sinni. Á þessu tvennu er mjög mikill munur. Hann nefnir árið 2015 sem dæmi um góða afkomu uppsjávarveiða þar sem framlegð var 21,5% en lætur hjá líða að geta um að þá var hreint tap 0,2%, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar.

Gögn Hagstofunnar eru sem slík góð til síns brúks en sjálf hefur hún reyndar lýst efasemdum um að eigin gögn geti verið grundvöllur skattlagningar í sjávarútvegi.

**Skilja ekki mikilvægi loðnuleitar**

Í þriðja lagi greinir Kristinn ekki þann kjarna í grein minni að hvorki framkvæmdarvaldið né Alþingi, og augljóslega ekki Kristinn H. Gunnarsson sjálfur, skilja mikilvægi loðnuleitar og grunnrannsókna á sjávarauðlindinni. Ég benti á að loðnuleitin var fjárhagslega á ábyrgð loðnuútgerðanna af því að ríkisvaldið vildi ekki verja 20-40 milljónum króna í verkefnið. Loðnan sem fannst skilar ríki og sveitarfélögum 3,3 milljörðum króna í beinar tekjur sem sjávarútvegurinn stendur skil á, ef miðað er við „speglun“ skattaspors KPMG fyrir Vinnslustöðina yfir á loðnuvertíðina, og miklum óbeinum tekjum að auki. Mér kæmi ekki á óvart að hátt í 10 milljarðar króna rynnu í ríkiskassann af alls 17 milljörðum sem loðnuvertíðin skilar.

Í fjórða lagi hlýtur Kristinn að átta sig á að skattaspor félags fyrir rekstrarár getur ekki átt við eina vertíð sem stendur yfir í einn mánuð. Á sama hátt hlýtur hagfræðineminn að átta sig á að ef ekki hefði komið til þessara tekna af loðnuveiðum í ár hefði skattaspor Vinnslustöðvarinnar og sjávarútvegsins í heild verið mun minna. Hér liggur líka munur annars vegar á þeirri hugsun heilbrigðrar skynsemi að tekjur séu aflað í þjóðarbúið og kakan stækkuð öllum til hagsbóta en hins vegar á þeirri fásinnu og þráhyggju sósíalískrar hugsunar og þekkingarleysis að tekjur verði aðallega til með sköttum.

Í fimmta og síðasta lagi þakka ég Kristni H. fyrir hreinskilnina í nafni hluthafa, starfsmanna og viðskiptavina Vinnslustöðvarinnar og Eyjamanna yfirleitt. Hann hótar því undir rós að taka af okkur lífsbjörgina, atvinnuna sjálfa. Kjarninn í málflutningi hans og annarra uppboðssinna á opinberum vettvangi er einmitt sá að bjóða skuli fólk og fyrirtæki í sjávarútvegi reglulega upp líkt og gert var með niðursetninga í sveitum fyrr á öldum.

Fólk
Tíska
FIMMTUDAGUR 9. MARS 2017



# Föt með fallega hreyfingu

MYND/MARINÓ THORLACIUS

Sigríður Soffía Níelsdóttir, dansari og danshöfundur, ferðast um landið með dansverkið sitt FUBAR ásamt Jónasi Sen. Þau verða á Akureyri á föstudag. →2



Halla Hákonardóttir og Helga Kjerúlf í Usee Studio kynna nýtt fatamerki á komandi HönnunarMars.
helgin →8



KONUKVÖLD
Fallegt, fágað og töff
- Sjáumst í
comma,
SMÁRALIND






Sigríður Soffía í verkinu FUBAR sem hún setur upp ásamt tónlistarmanninum Jónasi Sen. Þau flytja FUBAR í samkomuhúsinu á Akureyri á föstudaginn en styrktaraðilar sýningarinnar eru Vodafone, Flugfélag Íslands, Reykjavíkurborg og Menningarsjóður VÍB. Búningurinn er hannaður af Hildi Yeoman. MYNDIR/MARINÓ THORLACIUS

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➭

Sigga Soffía hefur haldið úti óvenjulegu tískubloggi á Instagrami sínu, siggasoffiainc, en það er „minnst lesna tískublogg íslands“ að hennar sögn. „Ég tískubloggaði fyrir vestan í sumar og þarf klárlega að halda því áfram,“ segir Sigga Soffía sem er eigandi fyrirtækisins Níelsdætra en fyrirtækið framleiðir verk Sigríðar Soffíu, allt frá danssýningum til flugeldasýninga.

Hún segist spá töluvert í tísku. „Ég er alltaf að átta mig betur á því hvað tíska getur skipt miklu máli til dæmis í því að koma mikilvægum málefnum í kastljósið. Svo margir hafa áhuga á tísku og það er oft ástæða þess að fólk skoðar og fær áhuga á einhverju nýju í framhaldi,“ segir Sigga Soffía en hún fylgist mikið með skúlptúrískri tísku og myndlist sem nýtist skapandi vinnu í sýningum, til dæmis þegar verið er að gera „moodboard“ fyrir búninga.

## Velur föt eftir tilefni

Hún segist elska föt með fallega hreyfingu, eða úr áhugaverðum efnum. „Ég vel föt mikið eftir tilefni. Ef ég er nálægt flugeldum er gott að vera í gallafötum því þau eru tregbrennanleg. Flest sem ég fer í er þeim kostum búið að ég get dansað í því. Víðar buxur, stuttbuxur. Stundum er ég að fela það að ég er í æfingafötum með því að vera í kápu yfir íþróttafötum með varalit og loðhúfu … jafnvel í hælum, með veski. Það er ekki gott lúkk,“ segir hún glettin.

Hún segist klæðast mikið fötum úr ull. „Það er alltaf kalt hér á þessari eyju, sumar sem vetur! Ég kann að meta víð föt, og gaman þegar mörg munstur og margir litir koma saman,“ segir hún og bætir glaðlega við að systir hennar fari í skápinn hennar þegar hana vanti grímubúning.

Innt eftir uppáhaldsflík er hún fljót til svars. „Svartur fjaðrajakki sem Hildur Yeoman hönnuður hannaði fyrir danssýninguna Svartar fjaðrir sem ég gerði 2014 í Þjóðleikhúsinu. Hún Hildur Yeoman er afar hæfileikaríkur hönnuður en hún hannaði líka rauða búninginn sem ég dansa í í FUBAR,“ segir Sigga Soffía en nefnir einnig loðhúfuna sína og kraftgallann.

En hefur hún einhvern veikleika þegar kemur að tísku og útliti?



Sigga Soffía kann vel við sig í kuldagöllum og elskar loðhúfur, því stærri því betri. Hér er hún með dóttur sinni, Ísold Freyju, á góðri stund á Vestfjörðum.

„Sundföt. Þau eyðast svo hratt að maður er alltaf að kaupa ný. Ég er með biggorexíu þegar það kemur að loðhúfum, ég er að vona að ég sé búin að toppa þar núna, og ég elska samfestinga.“

## Ömmurnar tískufyrirmyndir

Þegar kemur að tískufyrirmyndum nefnir Sigga Soffía ömmur sínar. „Ég nota mikið af kjólum frá þeim báðum. Föt frá þeim tíma eru oft úr svo fallegum efnum og svo mikil alúð lögð í gerð þeirra. Þá var þessi hörmulegi einnota lífsstíll sem einkennir okkar tíma ekki við lýði. Ég nota líka mikið af kjólum og skyrtum frá systrum ömmu minnar, Níelsdætrum, sem fyrirtækið mitt er nefnt eftir.“

Hún segist einnig elska búninga í gömlum ballettum, og búninga úr gömlum dans- og söngvamyndum. „Gulu sixtísfötin sem Vera Ellen steppdansari klæddist oft eru æðisleg. Svo ég held að ég hrífist meira af tímabili heldur en ákveðnum einstaklingi.“

## Flytur dansinn út á land

Ýmislegt skemmtilegt er fram undan hjá Siggu Soffíu. „Ég er að dansa úti um allt land. Ég hlakka mikið til helgarinnar en við erum að sýna FUBAR í Samkomuhúsinu á Akureyri á föstudaginn klukkan 20. Dansnemendur fá afar ódýran miða svo ég vona að ég sjái sem flesta dansáhugadrengi og stúlkur,“ segir hún, en Sigga Soffía spáir mikið í menningarmál barna á landsbyggðinni og að koma dansi út á land. „Ég er lengi búin að ætla að fara í danskrossferð um landið og tókst það nú í ár. Mér finnst afar mikilvægt að krakkar sem alast upp úti á landi sjái að starfsferill sem dansari eða sjálfstætt starfandi listamaður sé raunverulegur kostur. Börn í minni plássum hafa stundum takmörkuð tækifæri til að stunda listnám og þá sérstaklega þegar kemur að dansi. Það hefur verið ótrúlega skemmtilegt að sýna samtímadans fyrir krakka bæði á Egilsstöðum, Ísafirði og í Borgarnesi. Og það hefur verið sérstaklega dýrmætt að margir þessara krakka hafa haft samband við mig gegnum Facebook og beðið um ráðleggingar um dansnám,“ upplýsir hún.

> Flest sem ég fer í er þeim kostum búið að ég get dansað í því.

Á laugardaginn flytur Sigga Soffía svo fyrirlestur um verkið Svartar fjaðrir sem hún samdi og var opnunarsviðsverk Listahátíðar 2014. Dansverk byggt á ljóðum Davíðs Stefánssonar. Fyrirlesturinn er í Davíðshúsi klukkan 14. Þá sýnir hún í Tjarnarborg í Fjallabyggð kl. 18 sunnudaginn 12. mars.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.ls, s. 512 5457 **Jóhann Waage,** johannwaage@365.ls, s. 512 5439 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.ls, s. 512 5429 **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.ls, s. 512 5433




# NÝR SJOKKERANDI MASKARI

## YVES SAINT LAURENT KYNNING Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI 9.-12. MARS

VORLOOKIÐ 2017 er komið ásamt THE SHOCK, nýjum SJOKKERANDI góðum maskara og FLORAL SHOCK, nýjum, léttari og ferskari ilmi í BLACK OPIUM.

Kaupauki fylgir 2 eða fleiri vörum frá YSL meðan birgðir endast.

**20% AFSLÁTTUR** AF **YVES SAINT LAURENT** VÖRUM Á KYNNINGUNNI



**TOUCHE ÉCLAT**
gullpenninn
á sérstöku
kynningarverði

Lyf & heilsa
**Kringlunni**













Ingibjörg Thelma hefur áhuga á tískustraumum en líður best sportlega klædd. Hún er einn af sjö meðlimum RVKfit á Snapchat en þau deila fróðleik og skemmtun um heilbrigðan lífsstíl. Einnig skrifar hún pistla á hmagasin.is. MYND/EYÞÓR

# Hlakkar til að fá H&M

Ingibjörg Thelma Leópoldsdóttir er í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Hún kennir spinning í World Class og starfar sem flugfreyja hjá Icelandair á sumrin.

Ingibjörg hefur gaman af því að fylgjast með nýjustu tísku og flettir í gegnum tískutímarit og skoðar vefsíður. Hún segist elska þykkar peysur, trefla og kápur. „Ég er hrifnari af vetrar- en sumartískunni,“ segir hún. „Ég kaupi flest mín föt erlendis en ég ferðast mikið vegna vinnunnar. Ég versla mikið í Topshop, Cos, Banana Republic og Aritzia svo dæmi séu tekin,“ segir hún.

Grár litur er í miklu uppáhaldi hjá Ingibjörgu. „Ég fell sérstaklega fyrir gráum peysum og yfirhöfnum. Þó er svartur litur alltaf klassískur og ég vel mér oft þann lit líka.“

Ingibjörg segist ekki eiga sér neinn uppáhaldstískuhönnuð. „Tískan er svo mismunandi og ekki endilega allt sem manni finnst fallegt,“ segir hún en Ingibjörgu finnst best að vera sportlega klædd.

„Ég eyði alltaf einhverju í föt í hverjum mánuði en miklu minna en ég gerði áður. Ég leyfi mér samt miklu meira á sumrin þegar ég er í fullri vinnu.“

**Hvort gengur þú meira í kjól eða buxum?** „Buxum, mér finnst þó mjög gaman að klæðast kjólum og nota til dæmis svarta víða kjóla mikið yfir buxur.“

**Hver eru verstu kaupin þín?** „Mér hefur alltaf þótt kaupin mín góð þegar þau eiga sér stað en þegar ég horfi til baka man ég helst eftir bleikum pallíettukjól sem ég klæddist á 17 ára afmælinu mínu. Sem betur fer sá ég sóma minn í að nota hann ekki aftur,“ svarar Ingibjörg. Þegar hún er spurð um eftirlætisbúðina, svarar hún:

„Topshop er uppáhaldsbúðin mín þessa stundina. Ég get alltaf treyst á að finna þar flíkur sem mér líkar og svo eru þær líka á góðu verði.“

**Hlakkar þú til að fá H&M til Íslands?** „Já, ég hlakka mikið til. Það verður svo þægilegt að geta skotist í H&M án þess að þurfa að ferðast til útlanda. Mér finnst líka frábært og spennandi að úrval fataverslana sé að aukast hér á landi.“



Skólastelpa í svörtu eins og svo margir aðrir Íslendingar. MYND/EYÞÓR


LANCÔME
PARIS
LANCÔME
TEINT IDOLE ULTRA WEAR
24H WEAR & COMFORT RETOUCH-FREE
SPF 15
LANCÔME
TEINT IDOLE ULTRA WEAR
24H WEAR & COMFORT RETOUCH-FREE
MAKE-UP
IS MY POWER.
NÝTT TEINT IDOLE ULTRA WEAR
FARÐABURSTI AÐ VERÐMÆTI 4.950 KR. FYLGIR ÖLLUM LANCÔME FÖRÐUM
Á NÆSTA LANCÔME ÚTSÖLUSTAÐ Á KONUKVÖLDI SMÁRALINDAR.

# Sothys SPA fyrir viðkvæma húð



## Heilsa kynnir SPA húðvörulínu Sothys sem verndar, róar og kemur jafnvægi á húðina.

Sothys stendur fyrir fágun og virðingu, heim nákvæmni og kvenleika og nafnið er dregið af fegurðargyðju Egypta, tákn fullkominnar fegurðar. Sothys snyrtivörur veita einstaklega vandaðar og sérhæfðar vörur sem standa upp úr þegar kemur að rannsóknum og nýsköpun. Markmið Sothys er ávallt að hver finni það sem hentar sinni húð," segir Ýr Björnsdóttir, snyrtifræðingur og viðskiptastjóri Sothys.

### Sothys SPA Thermal Water-línan fyrir þína húð

„Það sem skiptir húðina mestu máli er að viðhalda góðu rakastigi. Eftir því sem við eldumst þornar húðin og við fáum línur. SPA Thermal Water-línan frá Sothys inniheldur vatn úr heitri lind í hlíðum Ardennes fjalla í Frakklandi sem er eitt stærsta verndarsvæði í Evrópu. Vatnið inniheldur mikið af steinefnum og þar má nefna helst magnesíum, kalk, kalíum og natríum. SPA línan frá Sothys er uppbyggð til að vernda húðina gegn mengun, róa hana og koma henni í gott jafnvægi."

### Ilmefnalaus og ofnæmisprófuð

„Mjög stór hópur kvenna er með afar viðkvæma húð. Sá hópur fer stækkandi vegna aukinnar mengunar og streituvalda í umhverfinu. Jafnframt fá margir roða eða/og hita í húðina sem meðal annars má rekja til bólgueinkenna. Fyrir þessa hópa hentar SPA vörurnar fullkomlega til að koma jafnvægi á rakann í húðinni, róa hana og losa húðina við stress en streita veldur því að línur verða dýpri."

### Frí húðgreining

Hjá Sothys skiptir öllu máli að þú finnir krem sem hentar þinni húð. Þess vegna leggjum við jafnan áherslu á húðgreiningu.

Í dag, fimmtudag, býður Sothys upp á fría húðgreiningu á Konukvöldi í Smáralind, fyrir framan verslun Lyfju frá kl 19 til 23. Að auki verður húðgreining á eftirtöldum stöðum: Í Lyfju Selfossi föstudaginn 10. mars frá kl. 11.30 til 15.30 og í Lyfju Smáratorgi laugardaginn 11. mars frá kl. 12.00 til 16.00.

### Útsölustaðir Sothys:

Snyrtistofan Abaco, Snyrtistofan Wanita, Snyrtistofan Fagra, Snyrtistofan Arona, Snyrtistofan Hafblik, Stjörnusól og Hárgreiðslustofan Flikk. Hagkaup Kringlunni, Lyfja Smáratorgi, Lyfja Keflavík, Lyfja Smáralind, Lyfja Lágmúla, Lyfja Selfossi, Lyfja Borgarnesi, Árbæjarapotek og Garðs apótek.

**Sothys býður fría húðgreiningu fyrir framan Lyfju Smáralind í kvöld frá kl. 19.00 til 23.00.**

## SPA línan inniheldur

- Krem sem hentar vel fyrir þurra húð.
- Gel fyrir blandaða eða feita húð.
- SOS serum fyrir dýpri og enn meiri virkni. Ef einhver óþægindi eru í húðinni, kláði eða roði þá hjálpar þetta frábæra serum sem ber svo sannarlega nafn með rentu.
- Maska sem gefur ljóma og heilbrigði. Að auki frábært að eiga hann við höndina ef mikill roði er til staðar jafnvel eftir langvarandi dvöl í miklum kulda eða sól. Setjið maskann á húðina í jöfnu lagi fyrir utan augnsvæðið og leyfið honum að vera á húðinni í 10 mínútur.




# Förðun í stíl við fatnaðinn

Emma Stone hefur verið áberandi í tengslum við kynningu á myndinni La La Land að undanförnu og víða komið fram. Förðunarfræðingurinn Rachel Goodwin fylgir henni hvert fótmál og virðist leggja ríka áherslu á að förðunin tóni við klæðnaðinn hverju sinni. Svo ríka að það hefur vakið umtalsverða eftirtekt. Oft er það augnskugginn sem er í stíl við fatnaðinn og sömuleiðis varaliturinn. Förðunin hefur jafnvel átt það til að kallast á við litatónana í hárinu hverju sinni.

Afgerandi litanotkun einkennir La La Land og í fjölmörgum senum klæðast leikararnir litsterkum fötum sem kallast á. Leiða má að því líkur að förðun aðalleikkonunnar síðustu vikurnar eigi ekki hvað síst að skapa hugrenningatengsl við myndina.



**Skærblái augnblýanturinn er í nákvæmlega sama lit og kjóllinn.**



Svört smokey-förðun við svartar blúndur.



Augnskuggi í stíl við skellur í kjólnum.



Augnumgjörð og varir í stíl við kjólinn.



Allt bleikt í stíl við bleika kragann.



SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
BEETELITE
NeOSHOT
STAGES
Tacx
Xenofit
www.xenofit.de
ParkTool
Vortex Smart
74.990kr
Booster
45.990kr
Trainer dekk
7.590kr
Neo Smart 219.990kr
info@tri.is
WWW.TRI.IS
Cube your life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00











Hráefnið sækja Helga og Halla í „dauða lagera“ sem annars myndu enda í landfyllingu.


Hver flík er einstök og með sitt sérkenni.

Hönnun UseeStudio gengur út á endurnýtt hráefni. MYND/USEESTUDIO



# Reif í tísku á HönnunarMars

## Usee Studio kynnir nýtt fatamerki á HönnunarMars. Merkið kallast Remix og er úr endurunnum efnivið.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is

Við notum bæði notuð föt og fatnað og efni af „dauðum“ lagerum í nýja merkið okkar, Remix. Hráefnið er eitthvað sem þegar er búið að framleiða en á að farga eða endar í landfyllingu. Þetta geta verið alls konar efni, vinnufatnaður, gardínur og sængurföt. Við viljum nýta slíkt hráefni og vinnum flíkurnar í takt við tíðarandann í dag en út frá róttækum umhverfissjónarmiðum,“ útskýrir Halla Hákonardóttir fatahönnuður sem ásamt Helgu Kjerúlf stendur að hönnunarstúdíóinu Usee Studio.

Remix munu þær kynna á komandi HönnunarMars undir yfirskriftinni Reif í tísku. Þær segja nýja merkið andsvar við fjöldaframleiðslu og vestrænni neysluhyggju. Áherslur þeirra liggi í endurnýtingu, byltingu og


Halla Hákonardóttir og Helga Kjerúlf í Usee Studio vilja hrista upp í tískunni með nýju fatamerki, Remix. MYND/ANTON BRINK

> Tískuheimurinn virkar ekki eins og hann hefur þróast ef horft er á hann út frá umhverfis- og mannréttindasjónarmiðum.

breytingum innan tískuheimsins, heims sem sé kominn í ákveðið öngstræti.

„Í dag er mikið talað um „anti fashion“, að tískuheimurinn sé búinn að mála sig út í horn. Hann virkar ekki eins og hann hefur þróast ef horft er á hann út frá umhverfis- og mannréttindasjónarmiðum. Við erum að skoða þessi mál og lesa okkur til. Okkur langar að fylgja þessari bylgju eftir og taka þátt í að hrista upp í tískunni,“ segir Halla.

„Viðburðurinn okkar á HönnunarMars heitir Reif í Tísku, sem er skírskotun í reif-tónlistina og menninguna bak við hana. Tónlist verður stór hluti af sýningunni. Sýningin verður í formi myndbandsverks eða innsetningar þar sem tónlist, litir, flíkur og ilmur blandast saman í gott „remix“ fyrir öll skynfæri.“

Halla segir Usee Studio vinna með hugmyndafræðina Waste is the new black. Hráefnið ráði ferðinni og línan samanstandi því af einstökum flíkum. Ekki sé til dæmis hægt að fá sömu flíkina í ólíkum stærðum. „Einhverjar flíkanna geta þó verið svipaðar þegar við höfum dottið niður á lager af því sama en það fær samt hver flík sitt séreinkenni. Það er mótvægi við „mass production“ eða fjöldaframleiðslu í tískuheiminum.“

Sýning Usee Studio fer fram í húsakynnum Hönnunarmiðstöðvar í Aðalstræti á HönnunarMars, dagana 23.-26. mars. Þá verður Usee Studio einnig í hópi hönnuða sem opna munu verslun í Hönnunarmiðstöð. Nánar má forvitnast um Usee Studio á www.Usee.is.

## Nike kynnir íþrótta-hijab

Nike hefur kynnt til sögunnar íþrótta-hijab fyrir íþróttakonur af íslamskri trú. Hinni nýju línu er ætlað að hvetja stúlkur og konur til að mæta hindrunum í íþróttaheiminum en þær eru nægar fyrir konur af íslamstrú enda þurfa þær, trúar sinnar vegna, að hylja líkama sinn.

Hin nýja íþróttafatalína heitir Nike Pro Hijab. Fötin eru hönnuð úr mjög léttu pólyesterefni sem andar afar vel og er hannað til að lagast að líkamanum. Íþróttafötin voru hönnuð með hitastig Miðausturlanda í huga og eru því mjög létt og anda vel.

Fötin hafa verið í ár í þróun hjá Nike en að þróuninni komu meðal annars nokkrar íþróttakonur, meðal annars kraftlyftingakonan Amna Al Haddad. Í lok þróunarferlisins hafa fötin einnig verið prófuð af hlaupaþjálfaranum Manal Rostom og skautakonunni Zahra Lari frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum.



Nike Pro Hijab íþróttafötin eru líklega kærkomin nýjung.



Rihanna gekk einnig tískupallinn.

## Fenty x Puma frá Rihönnu

Söngkonan Rihanna sýndi nýjustu línu sína fyrir Fenty x Puma á tískuvikunni í París á mánudaginn. Um var að ræða haust- og vetrarlínuna sem frægar fyrirsætur á borð við Stellu Maxwell, Joan Smalls og Lily Donaldson sýndu við dúndrandi tónlist Radiohead, M.I.A og Die Antwoord. Línan einkennist af sterkum litum og hefur sterka skírskotun í háskólatísku og íþróttafatnað sem Rihanna sjálf klæðist iðulega. Hin heimsfræga söngkona tók að sér hlutverk fyrirsætu og gekk tískupallana.



Fyrirsætur af tískusýningu Fenty Puma á tískuvikunni í París í vikunni.



# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki


Bílalíf



**BETRA VERÐ 2.590.000.-**
VOLVO S60 D2.Árg.2013, ek.109.þ km,dísel,beinskiptur, er á staðnum. Rnr.128811. S:562-1717.



**GOTT VERÐ 1.680.000.-**
CHEVROLET CRUZE STATION. Árg.2013,ek.aðeins 68.þ km, bensín,5 gírar, er á staðnum, 100 % lán mögulegt, Rnr.128749.S:562-1717.



**GOTT VERÐ 2.490.000.-**
MERCEDES-BENZ C 180 CDI. Árg.2011,ek.169.þ km,dísel, sjálfskiptur,ný tímakeðja,er á staðnum.Rnr.127491. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**KLÁRT Á GÖTUNA!!!**
11 HISUN SANDSTORM 800. EK 1Þ, BENSÍN, SJÁLFSK...GÓÐ GÖTUDEKK!!! ÁSETT 880 ÞÚS! #451595. S: 580 8900



**KODDU Í CADDY!!!**
'13 VW CADDY. EK 183Þ, BENSÍN, BEINSK...LANGBESTA VERÐIÐ 990+VSK!!! #452612. S: 580 8900



**TILBOÐ JAFNGOTT & BÍLL**
'12 SUZUKI SX4 4WD. EK 65Þ, BENSÍN, BEINSK...ÆÐISLEGUR BÍLL!!! TILBOÐ 1.680 ÞÚS! #471696. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**FRANSKI SJARMÖRINN!!!**
'14 PEUGEOT 508 STW. EK 125Þ, DÍSEL, SJÁLFSK...JE T'AIME PEUGEOT!!! TILBOÐ 2.500 ÞÚS! #451735. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**


## Bílar til sölu

Til sölu Suzuki Grand Vitara árg 2010, skoðaður 2018, bíll í mjög góðu standi. Uppl. í s. 696 3210 & 893 4530

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alguggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

**GRÁSLEPPUSJÓMENN**
Tilboðsverð 65 metra löng ný felld net með nýlegum teinum Verð 22.940 m/vsk til eru 20 stk. 30 stk 71 metri löng nýfelld net 24.552 m/vsk flottir teinar vönduð felling. Heimavík ehf 892 8655 heimavik.is

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

## Bókhald

**FRAMTAL 2017**
Framtöl einstaklinga, verktaka

og rekstraraðila.

Góð og traust þjónusta.

Vönduð vinna.

FRAMTALSÞJÓNUSTAN,
Ármúla 19.
Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Upp. s. 821 1333 Verkfar ehf

Faglærðir málarar geta bætt viðs sig sparsl og málningarvinnu. Jón og Marteinn 8611242

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Rafvirkjun

**Uppsetning og Þjónusta**
## En ég sé hlutina öðruvísi er einkasýning Sigtryggs Berg Sigmarssonar þar sem hann teflir saman teikningum sem hann vann ýmist í Gent í Belgíu eða hér heima á Íslandi.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



**Næstkomandi laugardag opnar Sigtryggur Berg Sigmarsson einkasýningu í Gallery Port við Laugaveg 23b. Titill sýningarinnar er En ég sé hlutina öðruvísi og sýnir Sigtryggur þar saman verk sem eru unnin á tveimur tímabilum en hann segir að eldri verkin séu frá þeim tíma þegar hann var búsettur í Gent í Belgíu.**

„Ég bjó í Gent í ein þrjú ár og þar sýndi ég verk í Galerie Tatjana Pieters sem mig hefur lengi langað til þess að sýna hérna heima. Gent er griðarlega falleg borg, gömul og ævintýraleg og meðan ég var þar þá fann ég að sem teiknari fékk ég allt annan og mjög ólíkan innblástur þeim sem ég fæ hérna heima. Ég fann líka að ég sá borgina með allt öðrum augum en heimamenn, verandi frá Íslandi, og þaðan kemur yfirskrift sýningarinnar. Þetta skilaði sér fljótlega inn í teikningarnar og ég fór að teikna, að því að mér fannst, mjög væmnar myndir. Það var ekkert sem ég réð við sérstaklega. Þetta kemur bara eins og það kemur og maður ræður ekkert við það sem maður gerir.“

Ásamt þessum verkum frá Belgíu er Sigtryggur einnig með nýrri myndir sem hann leggur einnig til sýningarinnar. „Ég hef verið að teikna mikið síðan ég kom til baka og hef tekið eftir að það er allt annar gír í þeim myndum. Það er meiri keyrsla og frjálsræði og einhvern veginn allt önnur tilfinning. Kannski er það einfaldlega vegna þess að þannig virkar bara þjóðfélagið hérna. Maður veit ekkert hvað er að fara að gerast á morgun, á meðan stöðugleikinn er meiri í Gent. Allt er varanlegra þar meðan allt er lausara í reipunum hér.“

Hvað varðar efnistök segir Sigtryggur að hann hafi þann háttinn á að vinna á miklum hraða. „Maður vill komast í eitthvert ákveðið ástand. Það er oft þannig að ég þarf að teikna tíu til fimmtán myndir til þess að fá þessa einu sem ég vil svo nota, þannig að þetta er ákveðið ferli. Stundum koma dagar þar sem maður getur teiknað kannski fimm myndir sem manni finnst allar nothæfar, góðar og gildar en ég ræð ekkert við þetta.

Það er oft tónlist sem leiðir mig áfram enda er vinnustofan mín alveg útsýnislaus. Þess vegna snýst þetta alfarið um hugarheiminn og þetta ástand sem ég næ að koma mér í. Þar kemur tónlistin sterk inn, þeir Beethoven, Bach og Brahms. Ég bara set B-in þrjú á fullt og þeir félagar sjá um að keyra mig inn í þetta teikningu eftir teikningu.“



Sigtryggur Berg Sigmarsson opnar einkasýningu í Gallery Port við Laugaveg á laugardaginn á teikningum frá Belgíu og Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR








**MAÐUR VILL KOMAST Í EITTHVERT ÁKVEÐIÐ ÁSTAND. ÞAÐ ER OFT ÞANNIG AÐ ÉG ÞARF AÐ TEIKNA TÍU TIL FIMMTÁN MYNDIR TIL ÞESS AÐ FÁ ÞESSA EINU SEM ÉG VIL SVO NOTA, ÞANNIG AÐ ÞETTA ER ÁKVEÐIÐ FERLI.**



Í TILEFNI
FERMINGARDAGSINS
levenhuk Zoom&Joy
Hágæða sjónaukar með lífstíðarábyrgð.
Allar gerðir í gluggakistuna, bílinn, bokpakann,
ferðalagið, gönguferðina, fjallgönguna og veiðina.
Vatnsheldir og niturfylltir frá 14.900,- kr.
Verð frá kr.: 3.490,-
SAMSUNG
40"
Curved
Samsung 40" SMART TV K6375.
Gerð: FHD / Sería: 6 / Stærð: 40" - 101cm /
Upplausn: 1920 x 2,1080 / Ultra Clear Panel: Ultra
Clear / Curved: Já, R-3000 / 10Bit: Nei / Lýsing:
Direct / Myndvinnsla: HyperReal / PQI: 800
Verð kr.: 89.900,-
levenhuk Zoom&Joy
LabZZ MTB3
20+ items
MICROSCOPE • TELESCOPE • BINOCULARS KIT
Smásjá - Stjörnusjónauki - Sjónauki
Allt í einu setti, yfir 20 hlutir.
Spennandi pakki frá LABZZ frá Levenhuk.
Verð kr.: 9.900,-
Pioneer
Pioneer Bluetooht heyrnartól.
Fully Enclosed Dynamic Headphones.
Verð kr.: 24.900,-
BRAUN Hársnyrtivörur
Pioneer
Hljómtækjastæða
X-EM26-B
Bluetooth stæða
Til í svörtu.
Verð kr.: 25.900,-
Pioneer
XW-BTSP70-K/S
Magnaður Bluetooth hátalari.
Verð kr.: 29.900,-
muse
MUSE BLUETOOTH
HÁTALARI M-710BT
Aux-inn 3,5mm Mini-Jack
inngangur. / 360° hljómur.
/ Innbyggður hljóðnemi
fyrir handfrjáls símtöl.
Verð kr.: 9.900,-
veho
Veho Muvi Micro myndavélin er ein
sú minnsta í heimi með 2MP nema.
640x480 í 20-25 römmum á sekúndu.
Verð kr.: 9.900,-
veho Vatnsheldur Bluetooth hátalari
Vecto 360° Bluetooth hátalarinn var sérstaklega hannaður fyrir fólk
sem stundar útiveru. Frábær í útileguna, fjallgöngurnar eða aðra
útiveru þar sem hátalarinn getur orðið fyrir höggum eða vatni.
Verð kr.: 22.900,-
NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655



BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS

ALUPROF GEZE

Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki

JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

Heilsársþjónusta
vetur, sumar, vor & haust

Þegar kemur að garðþjónustu erum við hjá Garðlist ávallt til þjónustu reiðubúin, allan ársins hring. Við leggjum áherslu á að svara öllum fyrirspurnum og pöntunum samdægurs og höfum samband eftir að fagmenn okkar hafa lokið verki til að tryggja að allt sé eins og það á að vera. **Garðsláttur, trjáklippingar, beðahreinsun, stubbatæting, þökulagning ofl.**

gardlist.is
554 1989
gardlist@gardlist.is
Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

FERMINGAGJAFIR
Bensín- og rafmagnsvespur á góðu verði
Þarf ekki próf, tryggja eða skrá!
KEMUR 1. APRÍL
ZTECH

199.900,-
Svört, rauð eða grá
149.900,-
Svört, rauð eða hvít
NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is

# BÍÓ



**Hugh Jackman og Patrick Stewart fara með tvö aðalhlutverkin í myndinni Logan.** NORDICPHOTOS/AFP

# Ofurhetjusaga með vestrakryddi

**BÍÓ**

**Logan**
★★★★☆

**Leikstjóri:** James Mangold
**Framleiðendur:** Hutch Parker, Lauren Shuler Donner
**Handrit:** Scott Frank, James Mangold, Michael Green
**Aðalhlutverk:** Hugh Jackman, Patrick Stewart, Dafne Keen

Eftir því sem ofurhetjumyndum hefur fjölgað í gegnum árin hafa þær óneitanlega, kannski óhjákvæmilega, dottið í vissar formúlur sem farnar eru að plaga þær. Borgir eyðileggjast, tölvubrellur drekkja nær öllu á skjánum, fræjum er stráð fyrir komandi kafla og stöðugt verður erfiðara að bjóða upp á ferskleika svo áhorfendur þreytist ekki á geiranum. Verst er samt hvað oft getur verið erfitt að trekkja upp spennu þegar ósigrandi fólk í þröngum búningum eltist sífellt við það að koma í veg fyrir heimsenda.

Serían um stökkbreyttu X-mennina hefur bæði átt sína slæmu daga og góðu á þeim 17 árum sem hún hefur verið í gangi, en með Logan er breytt algjörlega um tón og stíl, hún er frábrugðin allflestu sem hefur einkennt myndasögumyndir síðustu áraraða. Þetta setur hana í ákveðinn sérflokk.

Til að byrja með eru engar stórar hættur í þessari mynd og er hún heldur ekki mestmegnis gíruð að unglingum eða gerð til þess að selja varning. Öllu heldur er þetta dökk, mannleg og töluvert lágstemmdari saga sem á meira sameiginlegt með vestra af gamla skólanum heldur en hefðbundinni ofurhetjumynd.

Logan er tæknilega séð tíunda myndin í stærri seríu og í rauninni sú þriðja í hinum svokallaða Wolverine-þríleik, en myndin er líka hönnuð til þess að standa sjálfstæð. Sagan gerist árið 2029 og heimurinn er allt öðruvísi en við höfum áður séð í X-myndunum. Ofurhetjuteymið er löngu horfið, titilpersónan starfar núna sem bílstjóri og lætur lítið fyrir sér fara. Til að bæta gráu ofan á svart er maðurinn drykkfelldur og með takmarkaðan lífsvilja. Dag einn er honum gefið það verkefni að flytja dularfulla, mállausa stúlku þvert yfir landið, en fljótlega kemur í ljós að það mun ekki reynast áhættulaust verkefni.

Það sem í fyrstu hljómar eins og dæmigerð vega(hasar)mynd reynist á endanum vera merkilega þýðingarmikil, falleg en ekki síður grimm saga sem tekur á dauðleika, aflausn og syndum feðranna. Leikstjórinn James Mangold sækir innblástur frá myndum á borð við Unforgiven, Children of Men og meira að segja Mad Max: Beyond Thunderdome. En að þessu frátöldu er það einfaldlega flugbeitt og áhrifaríkt handrit sem keyrir þessa sögu. Mangold gætir þess að leggja áherslu á smáatriði hjá persónunum án þess að útskýra hlutina fullmikið.

Ofbeldi spilar líka stóran hluta og 16 ára aldursstimpillinn er nýttur til hins ítrasta. Mangold er hins vegar ekki að leita eftir því að áhorfendur reki stöðugt hnefann upp í loftið að gefnu tilefni, þó hetjurnar fái að sjálfsögðu sín augnablik. Hér kemur þó eitthvað fram sem ofurhetjumyndir eru minna fyrir að sýna, sem er að ofbeldi hefur ljótar afleiðingar og við finnum fyrir þeim út söguna og hvernig atburðirnir hemla og móta karakterana. Tengsl og sambönd þeirra eiga allan forgang. Öflugur hasar og tilheyrandi brellur eru í öðru sæti, en koma prýðilega út engu að síður.

Hugh Jackman er auðvitað þrælvanur fígúrunni og fer létt með að rúlla upp eldri, bugaðri gerðinni af Wolverine. Handritið býður líka upp á það að leyfa honum að finna nýja, dýpri vinkla á þessu hlutverki.

Svipað má segja um Patrick Stewart, leikur hans er áhrifaríkur og hann sýnir aðdáendum seríunnar átakanlegri hliðar á Charles Xavier sem ekki hafa áður sést.

Senuþjófur myndarinnar er annars nýstirnið Dafne Keen í hlutverki hinnar mállausu Lauru. Myndin hefði auðveldlega getað molnað í sundur með rangri leikkonu í þessu hlutverki en Keen hefur bæði þá hörku og mýkt sem þarf til þess að gæða persónuna heilmiklu lífi og með eftirminnilegum hætti.

Þegar allt kemur til alls er Logan svo miklu meira en „bara ofurhetjumynd“ og gengur sagan alveg upp þó viðkomandi þekki ekki X-Men seríuna. Hún er ekki hnökralaus en gallarnir eru smáir (til að mynda passar lokalagið með Johnny Cash ekki alveg við endi myndarinnar) og draga ekkert úr krafti framvindunnar.

Útkoman tekur ekki bara fyrri Wolverine-myndirnar léttilega í nefið heldur er þetta albesta myndin í seríunni sem hún tilheyrir. Ef þetta á að vera síðasta skiptið þar sem Jackman spreytir sig í hlutverkinu er þetta stórglæsilegur og grípandi svanasöngur hjá kappanum. **Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Flott handrit og spennandi saga tryggir það að Wolverine hefur aldrei verið beittari á hvíta tjaldinu, eða tilfinningaríkari.




990.-




2990.-




990.-







1799.-




1299.-




990.-




990.-




2999.-




690.-




1490.-




799.-




1490.-










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| FIST FIGHT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| FIST FIGHT VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| GAMLINGINN 2 | KL. 8 | L |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 | L |
| RINGS | KL. 10:40 | |
| LA LA LAND | KL. 8 | L |
| XXX 3 | KL. 10:10 | |
| ROGUE ONE 2D | KL. 10:20 | |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| LOGAN | KL. 5 - 8 - 10:45 | |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 | |
| FIST FIGHT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 10:15 | |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 | L |
| XXX 3 | KL. 10:40 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| LOGAN | KL. 8 - 10:45 | |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 | |
| FIST FIGHT | KL. 10:20 | |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 - 10:20 | |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 8 - 10:30 | |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 - 10:20 | |
| FIST FIGHT | KL. 8 | |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| LA LA LAND | KL. 10:20 | L |


## Góða skemmtun í bíó




# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 9. MARS

### Tónlist

**Hvað?** Þjóðlagasamspil
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Ölsmiðjan, Lækjargötu
Alla fimmtudaga kemur fólk saman til að spila tónlist úr hefðum ýmissa þjóða. Allir velkomnir með hljóðfæri til að spila, læra og kenna þjóðlög.

**Hvað?** Lathyrus og fleiri verk
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Nemendur úr Listaháskóla Íslands flytja eigin tónlist og verk eftir Paula Matthusen, Steve Reich, John Cage og Christian Wolff. Sérstakur gestur er bandaríska tónskáldið Brian Griffeath-Loeb en á tónleikunum verða flutt tvö verk eftir hann af Lilju Ásmundsdóttur og Berglindi Tómasdóttur. Tónleikarnir eru liður í námskeiðinu John Cage og bandarísk tilraunatónlist sem kennt er á vorönn við Listaháskólann undir handleiðslu Berglindar Tómasdóttur. Sérstök aðstoð: Erik DeLuca. Miðaverð: 1.000 krónur.

**Hvað?** Píanókonsertar Beethovens I
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Fáir píanóleikarar hafa hlotið þvílíkt lof síðustu ár fyrir túlkun á verkum Beethovens sem enski píanistinn Paul Lewis. Hljóðritun hans á öllum píanósónötunum hlaut meðal annars Gramophone-verðlaun, og hann varð fyrstur til að leika alla píanókonserta Beethovens á einni og sömu Proms-hátíðinni árið 2010. Hann vakti líka mikla athygli fyrir frábæran leik sinn í Hörpu árið 2013. Nú mun Lewis leika alla fimm píanókonserta Beethovens á þrennum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, í mars og september 2017, og febrúar 2018. Með konsertunum hljóma sinfóníur eftir þrjá samtímamenn Beethovens sem einnig settu mark sitt á tónlistarlífið í Vínarborg: Haydn, Mozart og Schubert.



Eyþór Ingi og félagar í Skonrokk spila rosalega mikið rokk á Egilsstöðum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Skonrokk - frá upphafi til enda
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Valaskjálf, Egilstöðum
Skonrokk spilar á Egilsstöðum í kvöld. 4.900 krónur inn.

**Hvað?** Sunnyside Road og Markús Bjarnason
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Hljómsveitin Sunnyside Road og Markús Bjarnason spila eigið efni í Græna herberginu. Sunnyside Road spilar frumsamda feel-good þjóðlagapopptónlist. Meðlimir koma úr ýmsum áttum, m.a. úr djassi, klassík, rokki og leikhúsi, en skapa saman lifandi, sjarmerandi og skemmtilega tónlist sem nær til breiðs hlustendahóps. Miðaverð er 1.500 krónur.

### Viðburðir

**Hvað?** Nordic film festival
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Nú stendur Nordic film festival yfir í Norræna húsinu. Í dag verður sýnd myndin Devil's Bride og mun leikkonan Elín Petersdottir sitja fyrir svörum.

**Hvað?** Loftslagsbreytingar og hafís við Ísland frá landnámi til loka nítjándu aldar
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Oddi, Háskóli Íslands
Í dag flytur Astrid Ogilvie fyrirlestur um heimildir um loftslagsbreytingar og hafís við Ísland frá landnámi til loka nítjándu aldar. Fornbókmenntirnar geyma margvíslegar heimildir um veðurfar. Í fyrirlestrinum verður fjallað um helstu heimildirnar, þær metnar og dregnar af þeim ályktanir um loftslagsbreytingar á Íslandi undanfarin þúsund ár eða þar um bil.

### Sýningar

**Hvað?** Myndlistaropnun
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Ungmennahúsið Rósenborg, Akureyri
Ungmennahúsið í Rósenborg á Akureyri setur upp reglulegar myndlistarsýningar með ungu fólki sem hefur áhuga á listrænu starfi og/eða haldandi myndlistarnámi. Í marsmánuði er listamaður mánaðarins Sigþór Veigar Magnússon. Sýningin er á 4. hæð ungmennahúss Rósenborg í listasalnum Braga. Allir velkomnir og frítt inn.

**Hvað?** Listamannaspjall - Mary Hurrel (UK), Uta Pütz (DE), Tzu Ting Wang (TW)
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Skaftfell, Seyðisfirði
Skaftfell býður þrjár listakonur velkomnar sem gestalistamenn í mars með opnu listamannaspjalli í dag í Bistró Skaftfell. Þær Mary Hurrel, Uta Pütz og Tzu Ting Wang fá 20 mínútur hver til að veita innsýn í nýleg verk og núverandi viðfangsefni. Spjallið hefst stundvíslega kl. 16.30 og fer fram á ensku.

**Hvað?** Frá myndbandi til vídeólistar: Vangaveltur um orðanotkun
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsinu
Í erindi sínu mun Dagný Heiðdal velta fyrir sér hugtökum og orðanotkun í umfjöllun um nýja miðla hér á landi á undanförnum áratugum. Viðburðurinn er haldinn í tengslum við sýninguna Hrina: Vídeóverk úr safneign í Hafnarhúsi.







BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Moonlight | 17:30, 20:00 |
| Toni Erdmann | 18:00 |
| The Salesman | 17:30 |
| Una | 20:00 |
| Elle | 22:00 |
| Kate Plays Christine | 22:00 |






# HELENA RUBINSTEIN KYNNING

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND OG GARÐABÆ 9. - 15. MARS.

Flott snyrtibudda með Helena Rubinstein lúxusstærðum fylgir þegar keyptar eru tvær eða fleiri HR vörur.*



VEIST ÞÚ AÐ 2/3 AF SJÁANLEGUM ÖLDRUNARMERKJUM ANDLITSINS ERU Í KRINGUM AUGU OG VARIR OG ÞAR MYNDAST ÞAU YFIRLEITT FYRST?

**HR PROFILLER EYE AND LIP kremið** var hannað í samvinnu við lýtalækna í Sviss. Það hefur sjáanlega langtíma virkni á línur og hrukkur og þær verða strax minna sjáanlegar („blurring").

**FORCE C EYES er AUGNMASKI OG AUGNKREM** sem þéttir húðina, vinnur á þrota og dökkum baugum, eykur ljóma og styrkir húðina.

**COLLAGENIST V-LIFT augnkremið** lyftir, þéttir og vinnur gegn hrukkum og **COLLAGENIST EYE ZOOM** er fyrirbyggjandi og dregur sjáanlega úr línum og hrukkum.

Við mælum sérstaklega með **Collagenist Lip Zoom varakreminu** að kvöldi áður en farið er að sofa svo varirnar verði fylltari að morgni.

**20%**
**AFSLÁTTUR**
AF **HELENA RUBINSTEIN**
VÖRUM Á KYNNINGUNNI

*Gildir meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

07.25 Kalli kanína og félagar
07.50 Tommi og Jenni
08.10 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Jamie's 30 Minute Meals
10.40 The Goldbergs
11.05 Landnemarnir
11.50 Poppsvar
12.35 Nágrannar
13.00 Ingenious
14.30 All The Way
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 The Big Bang Theory
19.40 **Masterchef Professionals - Australia** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
20.25 **Hið blómlega bú** Fjórða þátttaröðin af þessum fræðandi og notalegu þáttum sem kitla bragðlaukana. Árni Ólafur heldur áfram að yrkja sitt blómlega bú í Árdal í Borgarfirði.
21.00 **Homeland** Sjötta þáttaröð þessara mögnuðu spennuþátta þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson, nú fyrrverandi starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar.
21.55 **The Blacklist. Redemption** Hörkuspennandi hliðarsería af The Blacklist en hér segir frá njósnaranum Tom Keen sem gengur til liðs við fyrirtæki í eigu Susan Hargrave sem sérhæfir sig í að leysa erfiðustu og hættulegustu málin fyrir bandarísku ríkisstjórnina. Tom og liðsfélagar hans eiga það sameiginlegt að hafa engu að tapa en allt að vinna því öll eiga óuppgerða fortíð.
22.40 Lethal Weapon
23.25 Martha & Snoop's Potluck Dinner Party
00.05 Big Little Lies
01.00 Taboo
02.00 Person of Interest
02.45 Beautiful and Twisted
04.10 All The Way
06.20 The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

07.35 Borussia Dortmund - Benfica
09.15 Barcelona - Paris St. Germain
10.55 Meistaradeildarmörkin
11.25 Messan
13.00 Man. City - Stoke City
14.40 Borussia Dortmund - Benfica
16.20 Barcelona - Paris St. Germain
18.00 Meistaradeildarmörkin
18.30 Premier League World
19.00 Meistaradeildin í hestaíþróttum
22.20 Rostov - Manchester United
00.05 Schalke - B. Mönchencladbach
01.50 ÍR - Keflavík

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.45 Njarðvík - ÍR
09.35 Domino's körfuboltakvöld
11.05 West Ham - Chelsea
12.45 MD 2017 - Samantekt
13.20 Lengjubikarinn
15.05 Barcelona - Celta
16.50 Spænsku mörkin
17.20 Keflavík - Skallagrímur
19.00 Þór Þ. - Njarðvík
21.15 Premier League World
21.45 FC København - Ajax
23.25 Lyon - Roma

## STÖÐ 3

17.25 Raising Hope
17.50 New Girl
18.10 The League
18.40 Modern Family
19.05 Curb Your Enthusiasm
19.40 Bara grín
20.10 Veistu hver ég var?
20.50 Supergirl
21.35 Angie Tribeca
22.00 Arrow
22.45 Klovn
23.15 Gilmore Girls
00.00 The New Adventures of Old Christine
00.20 Curb Your Enthusiasm
00.55 Bara grín
01.20 Veistu hver ég var?
01.55 Supergirl
02.40 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Grettir
07.11 Zigby
07.25 Ljóti andarunginn og ég
07.47 Mæja býfluga
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.55 Rasmus Klumpur og félagar
10.00 Strumparnir
10.25 Hvellur keppnisbíll
10.37 Ævintýraferðin
10.49 Gulla og grænjaxlarnir
11.00 Grettir
11.11 Zigby
11.25 Ljóti andarunginn og ég
11.47 Mæja býfluga
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.55 Rasmus Klumpur og félagar
14.00 Strumparnir
14.22 Hvellur keppnisbíll
14.34 Ævintýraferðin
14.46 Gulla og grænjaxlarnir
15.00 Grettir
15.11 Zigby
15.25 Ljóti andarunginn og ég
15.47 Mæja býfluga
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.47 Doddi litli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.55 Rasmus Klumpur og félagar
18.00 Strumparnir
18.22 Hvellur keppnisbíll
18.34 Ævintýraferðin
18.46 Gulla og grænjaxlarnir
19.00 Arthúr 2



Mæja býfluga kl. 07.47, 11.47 og 15.47

## GOLFSTÖÐIN

08.00 Golfing World
08.50 The Honda Classic
13.45 WGC. Mexico Championship
17.45 Golfing World
18.35 Inside the PGA Tour
19.00 Valspar Championship
23.00 Inside the PGA Tour

## BÍÓSTÖÐIN

12.20 In My Dreams
13.55 Groundhog Day
15.35 The Trials of Cate McCall
17.10 In My Dreams
18.45 **Groundhog Day** Gamanmynd um veðurfréttamann úr sjónvarpi sem er sendur ásamt upptökuliði til smábæjar nokkurs þar sem hann á að fjalla um dag múrmeldýrsins fjórða árið í röð. Karlinn er ekkert hrifinn af því sem á vegi hans verður.
20.25 The Trials of Cate McCall
22.00 **Need for Speed** Myndin segir frá vélvirkjanum Tobey sem er dæmdur saklaus til fangelsisvistar. Meðan hann situr inni planar hann hvernig hann ætlar að hefna sín á manninum sem ber ábyrgð á því að hann situr í fangelsi. Einn liðurinn í þeirri áætlun er að taka þátt í kappakstri þvert yfir Bandaríkin. Málin vandast þegar andstæðingur hans leggur 6 milljónir dollar til höfuðs honum svo Tobey er hvergi öruggur og kappaksturinn snýst upp í æsilegan eltingaleik upp á líf eða dauða.
00.10 A Haunted House
01.40 Safe Haven
03.35 Need for Speed

## RÚV

15.10 Söngvakeppnin 2017
16.40 Gettu betur
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.25 Litli prinsinn
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Andri á flandri í túristalandi
20.40 Lygavefur
21.35 Hulli
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Fortitude
23.10 Á spretti
23.35 Glæpasveitin
00.35 Kastljós
01.00 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos
08.25 Dr. Phil
09.05 90210
09.50 Three Rivers
10.35 Síminn + Spotify
11.20 Dr. Phil
12.00 The Voice USA
13.30 American Housewife
13.55 EM 2016 - sagan öll
14.50 The Bachelorette
16.20 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
17.00 The Late Late Show with James Corden
17.40 Dr. Phil
18.20 King of Queens
18.45 Arrested Development
19.10 How I Met Your Mother
19.35 The Mick
20.00 Það er kominn matur
20.35 Speechless
21.00 This is Us
21.45 MacGyver
22.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with James Corden
23.50 Californication

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin





Skemmtilegir og fræðandi þættir sem kitla bragðlaukana. Það hefur ýmislegt gengið á í smíðinni á eldofninum góða en í þessum þætti klárar Árni smíðina. Hann fer einnig til Guðmundar á Bjarteyjarsandi þar sem þeir félagar heitreykja svínasíðu svo úr verður gómsætt beikon.

FRÁBÆRT FIMMTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



HOMELAND

Magnaðir þættir þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson sem er aftur flutt til Bandaríkjanna eftir að hafa komið í veg fyrir hryðjuverkaárás í Berlín.






THE BLACKLIST: REDEMPTION

Hörkuspennandi hliðarsería af The Blacklist. Tom Keen gengur til liðs við fyrirtæki í eigu Susan Hargrave sem sérhæfir sig í að leysa erfiðustu og hættulegustu málin fyrir bandarísku ríkisstjórnina.

BÍÓ

NEED FOR SPEED

Vélvirkinn Tobey er dæmdur saklaus til fangelsisvistar. Meðan hann situr inni planar hann hvernig hann ætlar að hefna sín á manninum sem ber ábyrgð á fangelsisvist hans.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

# Tilboð á TRICO® rúðuþurrkum




Með hverjum tveimur Trico rúðuþurrkum fylgja 5 lítrar af Vaski rúðuvökva

Stilling
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Létu sameiginlegan draum rætast



Sindri Snær og Jón Davíð hönnuðu og smíðuðu eigin verslun sjálfir og náðu í fyrstu sendinguna sjálfir niður á höfn. MYND/SNORRI BJÖRNSSON




FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**Þeir Sindri Snær Jensson og Jón Davíð Davíðsson höfðu báðir unnið lengi í tískuverslunum og fengu þá flugu í höfuðið ein jólin að stofna eigin verslun.**

Þetta er draumurinn okkar – við létum hann verða að veruleika," segir Sindri Snær Jensson en hann og Jón Davíð Davíðsson eru eigendur og stofnendur tískuvöruverslunarinnar Húrra Reykjavík.

Þeir félagarnir höfðu þekkst lengi og báðir unnið við tísku og verslun í mörg ár, en að eiga eigin búð hafði ávallt verið draumur þeirra beggja.

„Ég var búinn að vinna í tískubúðum síðan ég var 17 ára og sá það fljótlega að þetta var það sem mig langaði til að gera. Svo byrjaði Jón að vinna þar með mér – þetta var í Retro sem var í Smáralind. Við vorum auðvitað báðir – veit ekki hvort þetta er kannski ofsagt – ástfangnir af tísku en þetta fangaði huga okkar," segir Sindri.

„Smásölu auðvitað líka," bætir Jón við.

„Já, einmitt, þetta er svo skemmtilegt," segir Sindri um að vinna í verslun, „þú ert að díla við fólk allan daginn, það getur í raun hver sem er komið inn um dyrnar og þú þarft að takast á við það. Þannig að ég sá það mjög fljótt að mig langaði til að eignast eigin búð einn daginn."

Hugmyndin varð til árið 2013 þegar Jón var að keyra Sindra út á flugvöll eftir jólafrí. „Þá varð til þessi hugmynd um að opna fatabúð með „streetwear". Við ræddum þetta hvern einasta dag eftir að hann fór út í gegn um Skype í klukkutíma, einn og hálfan tíma á dag – upp úr því ákváðum við að kýla á þetta og hófum undirbúningsvinnuna."

**Úr kjallaranum hennar mömmu á Hverfisgötuna**

Í apríl árið eftir flytur Sindri heim og þá snýst allt um að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. „Við erum þá með aðstöðu í kjallaranum heima hjá mömmu minni. Þar erum við með „stjórnherbergi" þar sem við tökum heila tvo mánuði í að vinna viðskiptaáætlun."

> ÆTLIÐI AÐ SELJA EINHVERJAR TUSKUR Á HVERFISGÖTUNNI? ÞAÐ ER ENGINN AÐ LABBA ÞARNA, ÞETTA ER RÓNAGATA.

„Við lögðum allt það fé sem við áttum á þessum tíma í þetta, seldum vörur fyrirfram til vina og vandamanna fyrir þrjár milljónir og fengum síðan bankalán – sem við erum svo gott sem búnir að greiða."

Það var að vonum stór stund þegar þeir fóru sjálfir og sóttu fyrstu sendinguna í verslunina.

„Við vorum að missa okkur úr gleði. Ég átti ekki bíl en Jón Davíð átti lítinn Polo, sem hann á reyndar enn, og við fórum sex ferðir niður á Sundahöfn af því að við vildum ekki borga sendiferðabíl. Þeir hlógu svo mikið að okkur í Vöruhótelinu, einhverjir tveir gæjar að koma þarna margar, margar ferðir með pallettuna fyrir utan."

Margir sperrtu þó eyrun þegar þeir heyrðu að verslunin yrði til húsa á Hverfisgötunni.

„Það voru vinir okkar sem spurðu okkur hvað við værum að pæla, „ætliði að selja einhverjar tuskur á Hverfisgötunni? Það er enginn að labba þarna, þetta er rónagata"."

**Hvað er næst?**

Sindri og Jón hafa prófað sig áfram með ýmislegt, þar á meðal að gefa út tískutímarit og segjast vilja gera meira af því. Síðan vilja þeir opna vefverslun sína fyrir erlendar pantanir.

„Svo er gaman að segja frá því þó að það sé á frumstigi að við höfum fengið fyrirspurnir frá erlendum fjárfestum sem hafa áhuga á að opna Húrra-búðir þar.

Aðspurðir hvort standi til að framleiða eigin fatalínu segja þeir að það sé ákveðinn draumur sem þeir séu að skoða.

„Við erum með stóra drauma og viljum gera hlutina vel."

stefanthor@frettabladid.is

RISA
LAGERSALA
NTC @ GLÆSIBÆR
(áður Útilíf)
ER Í FULLUM GANGI!
OPNUNARTÍMAR :
MÁN - FÖS : 12 - 18 | LAU : 12 - 18 | SUN : 13 - 17
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
verð frá : 500 kr.
Kultur
eva GK Kultur menn
KARAKTER COMPANYS
galleri sautján
URBAN AKKERI focus
FLÓ & FRANSÍ SMASH
gs skór
YFIR 100 VINSÆL VÖRUMERKI

# GLAMOUR

*Glæsilegasta tískutímarit landsins*




## GLAMOUR fylgir nú með *Stóra- og Risapakkanum*




Kynntu þér málið á 365.is

365

# Útrunnum snyrtivörum fylgir sýkingarhætta

Förðunarfræðingurinn **Gunnhildur Birna Gunnarsdóttir** segir mikilvægt að fólk noti ekki útrunnar snyrtivörur. Hún segir lítið mál að komast að því hvort húð- eða snyrtivara sé útrunnin eða ónýt.


Gunnhildur Birna Gunnarsdóttir, förðunarfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Snyrtivörur hafa mismunandi endingartíma, en almenna reglan er sú að fljótandi vörur og kremvörur endast skemur en þær sem eru í púðurformi. Einnig endist krem og meik í dollum almennt skemur en ef það er í flöskum eða túbum vegna þess að þær vörur eru daglega í meira tæri við sýkla, til dæmis úr umhverfinu og á fingrunum á okkur. Einnig endast maskarar og „eyeliner“-ar skemur vegna stöðugrar snertingar við augu. Þessar vörur eru gróðrarstíur fyrir sýkla og þeim ætti að skipta mjög reglulega út,“ útskýrir förðunarfræðingurinn Gunnhildur Birna Gunnarsdóttir. Hún segir annars mjög einfalt að komast að því hvað hver og ein vara á að endast lengi. „Á öllum umbúðum er lítil mynd af krukku með tölustaf inni í, sem táknar endingartíma vörunnar í mánuðum frá opnun. En ef það er komin öðruvísi eða skrýtin lykt af vörunni þarf að henda henni strax. Ef maður þarf að telja hversu mörg ár eru frá kaupum farðans, þá þarf líklega að henda honum.“

„Helsta ástæðan fyrir því að fólk ætti ekki að nota útrunnar snyrtivörur er sýkingarhætta. Svo hætta vörurnar að virka eins vel og þær eiga að gera eftir ákveðinn tíma. Sýklar myndast í hlutunum, kremvörur harðna, farðar og hyljarar skilja sig og púðurvörur þorna enn meira upp með árunum,“ útskýrir Gunnhildur sem lumar á nokkrum góðum ráðum fyrir þá sem vilja fá sem mest út úr förðunarvörunum sínum og koma í veg fyrir að þær renni út uppi í skáp.

„Ekki eiga einhverja 20 farða uppi í skáp ef þú veist að þú munt ekki komast yfir að nota þá. Svo er góð regla að sótthreinsa og þrífa bursta reglulega og strjúka með sótthreinsandi vökva yfir kremhyljara, varaliti og fleira. Svo þarf að passa upp á að nota hreina fingur og bursta í allar dollur og skipuleggja hlutina.“



**HELSTA ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ AÐ FÓLK ÆTTI EKKI AÐ NOTA ÚTRUNNAR SNYRTIVÖRUR ER SÝKINGARHÆTTA.**

Gunnhildur starfar sem förðunarfræðingur og þarf því að skipuleggja snyrtidótið sitt sérstaklega vel. „Ég skipulegg mig þannig að ég er með „mitt“ dót á sér stað og dót fyrir kúnna á öðrum stað. Þannig slepp ég við vesen með að færa vörur á milli. Vörur sem ég nota oftast í verkefni hef ég í glærri tösku (eða ferðatösku) sem ég skipulegg nánar eftir því hvað ég er að fara að gera, en ég tek til dæmis ekki með gerviaugnhár þegar ég er að fara sminka fyrir íþróttamyndatöku. Einnig reyni ég að taka sem oftast til í „kittinu“ mínu; henda ónýtum vörum og gefa þær sem ég kemst ekki yfir að nota. Ég reyni að minnka vörusóun með því að versla skynsamlega.“

Spurð nánar út í hvernig hún skipuleggur sitt eigið snyrtidót segir Gunnhildur: „Ég er voðalega einföld og hef ekki roð við mörgum sem skarta glæsilegum snyrtiherbergjum með mörgum mismunandi hirslum. Kommóða, plast- og skúffuhirslur úr IKEA, ferðatöskur og glærar töskur eru mín leið. Svo finnst mér ótrúlega þægilegt að geyma bursta í ferðahólkum og sætum vösum.“

gudnyhronn@365.is





Íslenskur ís með ítalskri hefð

Komdu og fáðu rjómaís og laktósafrían vegan ís

Bæjarhrauni 2 | Hafnarfirði | Sími: 4370000 | hafis@hafis.is

Allt til kerrusmíða

- Vanræktu ekki viðhaldið -



AL-KO QUALITY FOR LIFE

DEXTER AXLE

Stál og Stansar ehf.

Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

Simaveski.is



Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



MOROCCANOIL

Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Úr einu fræi varð bylting.

Moroccanoil hárvörumerkið er innblásið af ferskum vindum, bláma sjávarins og landslagsins í kringum Miðjarðarhafið.

Upphafið er sjálf Moroccanoil Treatment olían sem er góður grunnur fyrir hvaða hárgerð sem er. Einnig góð í krakka og skegg. Til að fá sem bestu næringarefnin er gott að setja hana alltaf í blautt hárið og blása það eða leyfa því að þorna eðlilega.




Regalo ehf Iceland

Olíurnar eru þrjár og nýjust er Blow Dry Concentrate sem hönnuð er fyrir gróft og erfitt hár. Moroccanoil Treatment hentar öllum hárgerðum og LIGHT fyrir fíngert og mikið ljóst hár.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS

## 9. MARS



**Matthew Halls** hljómsveitarstjóri

**Paul Lewis** einleikari

**Joseph Haydn**
**Sinfónía nr. 96, „Kraftaverkið“**

**Ludwig van Beethoven**
**Píanókonsert nr. 2**
**Píanókonsert nr. 3**

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 01.03.17 – 07.03.17




**1** Löggan
Jo Nesbø




**2** Dalalíf - Logn að kvöldi
Guðrún frá Lundi




**3** Andartak eilífðar
Paul Kalanithi




**4** Eftir að þú fórst
Jojo Moyes




**5** Kviksyndi
Malin Persson Giolito




**6** Óvættaför - Haukdreki
Adam Blade




**7** Allt sem ég man ekki
Jonas Hassen Khemiri




**8** Móðurhugur
Kári Tulinius




**9** Speglabókin
E.O. Chirovici




**10** Þögult óp
Angela Marson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson





Kolfinna Von Arnardóttir segir íslenska hönnuði eiga Dorrit Moussaieff mikið að þakka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Augljóst að verðlaunin yrðu nefnd eftir Dorrit

Ný heiðursverðlaun RFF verða afhent á hátíðinni í ár og hafa þau verið nefnd eftir Dorrit Moussaieff. Ekki kom til greina að nefna verðlaunin eftir einhverjum öðrum en Dorrit að sögn **Kolfinnu Vonar.**

Við erum að blása nýju lífi í RFF með þessum heiðursverðlaunum," segir Kolfinna Von Arnardóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Fashion Festival, um ný heiðursverðlaun hátíðarinnar sem nefnd hafa verið eftir fyrrverandi forsetafrú Íslands, Dorrit Moussaieff. „Okkur fannst mikilvægt að bæta einhverju við hátíðina, einhverju sem heiðrar afrek í íslenskri tísku. Og þess vegna bættum við þessum verðlaunagrip við," útskýrir Kolfinna. „Planið er að heiðra þær manneskjur sem hafa hvað mest sett mark sitt á íslenska tísku."

Kolfinna segir íslenska fatahönnuði standa í mikilli þakkarskuld við Dorrit enda hefur hún kynnt íslenska hönnun af fullum krafti í gegnum tíðina. „Við viljum vísa í Dorrit með gripnum því okkur finnst hún hafa verið einn sterkasti fulltrúi og tengiliður Íslands við umheiminn í tískulegu samhengi. Hún hefur sýnt íslenskum hönnuðum alveg rosalega mikinn áhuga og fyrir það viljum við þakka henni. Það var þess vegna sem við ákváðum að nefna verðlaunin eftir henni."

Kolfinna segir ekki hafa komið til greina að nefna verðlaunin eftir einhverjum öðrum en Dorrit. „Nei, það var bara Dorrit, númer eitt, tvö og sautján," segir Kolfinna og hlær. Að sögn Kolfinnu voru verðlaunin og heildarhugmyndin í kringum þau unnin í nánu samstarfi við Dorrit. „Hún fékk að fylgjast með ferlinu og það var hún sem valdi hönnuð úr nokkrum tillögum til að smíða verðlaunagripinn. Og hún valdi Jóa og við vorum mjög glöð með það," segir Kolfinna.

Þess má geta að verðlaunagripinn hannaði gullsmiðurinn og skartgripahönnuðurinn Jóhannes Ottósson. „Jói hjá NOX, sem er formlegur bakhjarl hátíðarinnar í ár, bjó til gripinn sem er með skemmtilega vísun í Ísland." Kolfinna segir Dorrit vera hæstánægða með að verðlaunin séu nefnd eftir sér. „Já, hún sér þetta sem jákvæðan hlut, að fá að vera partur af þessu."

> **UM RFF**
> - Reykjavík Fashion Festival var stofnað árið 2009
> - Markmið RFF er að vekja athygli á íslenskri fatahönnun
> - Í ár sýna sex hönnuðir á RFF
> - Helgarpassi á hátíðina kostar 12.990 krónur
> - Hátíðin stendur yfir frá 23. til 25. mars í Hörpu

> **VIÐ VILDUM VÍSA Í DORRIT MEÐ GRIPNUM ÞVÍ OKKUR FINNST HÚN HAFA VERIÐ EINN STERKASTI FULLTRÚI OG TENGILIÐUR ÍSLANDS VIÐ UMHEIMINN Í TÍSKULEGU SAMHENGI.**

Fyrstu heiðursverðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í opnunarhófi RFF 23. mars. „Svo munum við veita þessi verðlaun annað hvert ár en ekki árlega. Við viljum nefnilega að þessi verðlaun séu alveg algjörlega einstök. Það tekur tíma að vinna verðlaunagripinn og það tekur tíma að meta hverjir eiga að hljóta hann."

Kolfinna segir undirbúning hátíðarinnar í ár hafa gengið eins og í sögu og margt fólk úr tískubransanum hefur sýnt hátíðinni áhuga. „Fólk kemur úr öllum áttum og hefur aðstoðað okkur. Við fengum meira að segja heimsókn frá Tom Florio, sem starfaði lengi hjá Vogue. Hann mætti bara upp á skrifstofu RFF, hann vildi bara heyra hvernig við erum að byggja þetta upp því honum finnst þetta áhugavert. Hann er stór í bransanum og það er rosalega dýrmætt að hann sýni hátíðinni áhuga. Að svona maður skuli koma niður í Skútuvog til okkar er rosalega skemmtilegt," segir Kolfinna og hlær. „Hann veitti okkur mikilvæga ráðgjöf líka."

Hátíðin hefur verið haldin á hverju ári síðan árið 2009, að undanskildu árinu 2016 þegar eigendaskipti urðu á henni.

„Það eru ekki mörg tækifæri fyrir íslenska fatahönnuði til að koma sér á framfæri á alþjóðlegum markaði þannig að við fundum fyrir miklum meðbyr þegar við förum aftur af stað með hátíðina. Við erum rosalega sátt við hvað fólk hefur hjálpað okkur við að framkvæma hlutina," segir Kolfinna.

**gudnyhronn@365.is**



**Tom Florio er í þungavigt í tískubransanum og hann hefur sýnt RFF áhuga.** NORDICPHOTOS/AFP

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




**STYRKTU GOTT MÁLEFNI**

Taco Bell tekur þátt í Mottumars af fullum krafti í baráttunni gegn krabbameinum í körlum. Af hverju seldu Mottumarsboxi renna **200 krónur** til Krabbameinsfélagsins.

Hafnarfirði / Grafarholti

www.tacobell.is

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR | SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | BORÐSTOFUSTÓL










**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** **Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** **Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

AR | SVEFNSÓFAR | BORÐSTOFUSKÁPAR | BAKBORÐ | HORNBORÐ | SMÁVARA | O.FL. | O.FL.



# FREE

axfree tilboði*

## FIMMTUDAGUR TIL MÁNUDAGS
## EKKI MISSA AF ÞESSU

*** Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir öllum vörum nema vörum frá IITTALA og SKOVBY og sérpöntunum.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



HÚSGAGNA HÖLLIN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Frosta Logasonar




## Ruglið á undan hruninu

Ísland hefur lengi verið ofarlega á listanum yfir dýrustu lönd í heimi. Að mati greiningardeilda stóru viðskiptabankanna höfum við nú slegið öllum keppinautum okkar við. Ísland er dýrasta land í heimi. Noregur og Sviss fölna í samanburðinum. Eðlilega því hér er allt best og flottast. Norðurljósin eru orðin heitasta lúxusvaran. Við erum á grænni grein.

Nema hvað það hefur enginn okkar orðið efni á þessu. Ég er ekki viss um að ferð með fjölskylduna í Bláa lónið sé nokkuð í boði á næstu misserum. Þingmenn á hinu háa Alþingi sem eru með 800 þúsund krónur á mánuði eftir skatt hafa ekki efni á þaki yfir höfuðið. Norðurljósaferðirnar kosta ekki nema sex og fimm á haus og fyrir sama pening færðu tæplega tvo hamborgara og sósu.

Samt eru launin okkar víst líka með þeim allra hæstu í heiminum. En það er eingöngu þegar við horfum í erlenda mynt og leiðréttum ekki fyrir kaupmætti. Það er því ráð að kaupa allt sem maður getur á netinu eða grípa sér far með einhverju lággjaldaflugfélagi til suðrænna stranda þar sem verð stendur í stað. Mokfyllum þar töskurnar af ódýru góssi.

Sem betur fer eru verslunarmenn þó að átta sig á þessu. Stórar erlendar verslanakeðjur undirbúa komu sína til landsins og ætla að bjóða upp á mannsæmandi verðlagningu. Hérlendir heildsalar eru að hugsa um að skrúfa aðeins niður í okrinu. Það er aldrei að vita nema bleyjur og barnamatur verði á færi venjulegs launafólks. Og vonandi sjáum við þetta allt raungerast áður en næsta efnahagshrun skellur á okkur.








